



Árs- og sjálfbærnisráýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2021

Árs- og sjálfbærnisrásla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2021

Ársskýrsla

Ávarp stjórnarformanns	5
Inngangur	6
Eignasöfn	9
Lífeyrir	27
Þjónusta við sjóðfélaga	37
Áhættustýring	41
Stjórnarhættir	53


Sjálfbærnisrásla

Ávarp framkvæmdastjóra	69
Inngangur	69
Stefnumótandi áherslur	72
Viðskiptalíkan og skipurit	77
Haghafar	81
Samfélagsábyrgð	85
Lífeyrisafurðir	103
Umsýsla eignasafna og sjálfbærni	107
Lagacröfur og umboðsskylda	110
Viðauki	115

Ársreikningur	121
----------------------	-----

Deildaskiptur ársreikningur	183
------------------------------------	-----

Annual Report	189
----------------------	-----



Árið 2021 reyndist vera eitt hið jákvæðasta í nærri 65 ára sögu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, ekki aðeins hvað varðar afkomu sjóðsins heldur fjölmarga aðra þætti í rekstri hans og starfsemi. Þetta gerðist þrátt fyrir að ekki blési byrlega fyrir lífeyrissjóðum eða öðrum fjárfestum í byrjun ársins þegar heimsfaraldurinn COVID 19 var enn í algleymingi, vaxtaumhverfið gaf ekki tilefni til jákvæðra væntinga um arðsemi fjárfestinga og víða voru blikur á lofti á mörkuðum sem ekki juku bjartsýni vegna komandi árs. Ávöxtun sjóðsins á árinu reyndist góð og ekki síður langtímaávöxtun þegar litið er til síðustu áratuga.

Auk þessara ytri þátta blöstu við krefjandi viðfangsefni vegna aldursþróunar þjóðarinnar. Ævin lengist ár frá ári og því þurfa eignir sjóðsins að duga lengur en áður. Loks má nefna að miklar breytingar eiga sér stað um þessar mundir á fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða sem snúa að sjálfbærni og ábyrgum fjárfestingum.

Þrátt fyrir neikvæðar horfur í byrjun árs rættist furðu vel úr hinum ytri þáttum sem við sjálf getum varla eða alls ekki haft stjórn á. Engu að síður var stöðugt úr vöndu að ráða í hinu mikla óvissuumhverfi. Þá reyndi sannarlega á reynslu og þekkingu stjórnar, stjórnenda og starfsmanna sjóðsins.

Strax í byrjun ársins var ljóst að sterk tryggingafræðileg staða sjóðsins þýddi að lífeyrisréttindi mundu hækka á árinu. Um leið blasti við að innleiða yrði nýjar töflur um ævilíkur, svonefndar dánar- og eftirlífendatöflur, sem gætu haft í för með sér breytingar á réttindum einhverra hópa sjóðfélaga. Innleiðing dánar- og eftirlífendataflnanna frestaðist til þessa árs en réttindin hækkuðu um 10% í nóvember og uppsöfnuð hækkun til lífeyrisþega greidd út sem eingreiðsla í þeim mánuði.

Þetta var vissulega afar ánægjuleg breyting og bætti hag allra lífeyrisþega hjá sjóðnum, sem nú fá greiddan 10% hærrí lífeyri en ella. Það þýðir hins vegar að innleiðing nýrra dánar- og eftirlífendataflna bíður þess að verða framkvæmd á þessu ári, 2022. Ætlan okkar er að gera það með þeim hætti að sjóðfélagar verði sem minnst varir við breytingar og að ekkert breytist hjá þeim sem komnir eru á lífeyrisaldur eða nálægt honum.

Um langt árabíl hefur verið unnið að undirbúningi breytinga sem við nefnum *ábyrgar fjárfestingar*. Gerð er ítarleg grein fyrir þeim í sjálfbærnisráðgjafarýrslu sjóðsins hér í ársskýrslunni. Á árinu 2021 var komið að því að birta þessar breytingar (sem höfðu sumar hverjar verið innleiddar áður í áföngum) sem heildstæða stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Þetta er stórt skref og kann að virðast við fyrstu sýn sem sjóðurinn sé að eltast við tiskufyrirbæri eða stundarvinsældir. Svo er þó alls ekki.

Stefnan um ábyrgar fjárfestingar hefur á engan hátt í för með sér að sjóðurinn slái af kröfum um arðbærni og áreiðanleika fjárfestinga. Hins vegar er stefnan sett á fjárfestingar sem standast breyttar kröfur til þeirra sem eru óðum að verða ráðandi í heiminum, ekki sist hjá stærstu fjárfestunum. Að sitja hjá þegar slík þróun á sér stað hefði í för með sér afar mikla áhættu fyrir sjóðinn, ekki sist hættu á að missa af góðum fjárfestingartækifærum en einnig og ekki síður að sitja uppi með illa eða alls ekki seljanlegar eignir sem ekki lengur standast kröfur um ábyrgð og sjálfbærni.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur vaxið og dafnað undanfarin ár, eignir í sjóðnum eru nú ríflega 1.200 milljarðar króna og jukust á árinu um nærri 190 milljarða. Þar af voru tekjur af fjárfestingum ríflega 174 milljarðar sem er til vitnis um afar vel heppnaða starfsemi sjóðsins og trausta fjárfestingarstefnu.

Það eru ekki aðeins eignir í sjóðnum sem hafa aukist heldur vex og dafnar öll starfsemi hans. Sjóðfélögum fjölgar, lífeyrisgreiðslur aukast og lífeyrisþegum fjölgar. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér að starfsfólki fjölgar til að annast fjölmarga þætti rekstrarins og starfseminnar. Lífeyrissjóður verzlunarmanna býr svo vel að hafa í sinni þjónustu afar hæfa starfskrafta á hverjum pósti enda værum við ekki í þessari góðu stöðu nema svo væri.

Nú á vordögum 2022 eru enn á ný blikur á lofti sem hafa áhrif um allan heim. Hernaðaráttök í Úkraínu ógna daglegu lífi um alla heimsbyggðina og þar með sjóðsins okkar. Þá gerum við það sem við getum gert: Beitum allri þeirri þekkingu, reynslu og útsjónarsemi sem við ráðum yfir til að tryggja sem best má verða afkomu sjóðsins og þá um leið sjóðfélaga að loknu ævistarfi. Að því sögðu þakka ég fyrir hönd stjórnar sjóðfélögum samfylgdina á árinu og starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

Jón Ólafur Halldórsson
stjórnarformaður

Inngangur

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) var stofnaður þann 1. febrúar 1956 sem gerir hann að einum elsta starfandi lífeyrissjóði landsins. Kjarnastarfsemi sjóðsins lýtur að móttöku iðgjalda, ávöxtun eigna í eignasöfnum sjóðsins og útgreiðslu lífeyris. LV er samtryggingarsjóður og er hlutverk hans að tryggja sjóðfélögum víðtæk lífeyrisréttindi og verðmæta tryggingavernd við áföll.

Öllum launþegum, og þeim sem stunda atvinnurekstur, er skylt samkvæmt lögum að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Launþegar, sem eru félagar í VR, eiga aðild að sjóðnum. Aðild eiga jafnframt félagar í öðrum samtökum verzlunarmanna og þeir sem njóta starfskjara samkvæmt kjarasamningi VR eða starfa á starfssviði sjóðsins. Enn fremur er þeim launþegum rétt og skylt að eiga aðild að sjóðnum sem njóta ekki starfskjara samkvæmt kjarasamningi VR og eiga ekki skyldu aðild að öðrum lífeyrissjóði. Sjálfstæðum atvinnurekendum og sjálfstætt starfandi einstaklingum er heimilað aðild að sjóðnum.

Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu með sjálfbærni að leiðarljósi.

LV rekur þrjár réttindaeildir, sameignardeild og tvær séreignardeildir, fyrir almenna séreign annars vegar og tilgreinda séreign hins vegar.

Í árs- og sjálfbærnisráskýrslu sjóðsins fyrir árið 2021 er gerð grein fyrir starfsemi sjóðsins.

Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru tilnefndir af stjórn VR, þrjú af Samtökum atvinnulífsins og einn af Félagi atvinnurekenda. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna hver fyrir sig einn stjórnarmann til vara. VR tilnefnir stjórnarmenn til fjögurra ára í senn en tilnefningartími stjórnarmanna, sem tilnefndir eru af Samtökum atvinnulífsins og Félagi atvinnurekenda, er tvö ár. Stjórn sjóðsins skipa:

Jón Ólafur Halldórsson formaður
Stefán Sveinbjörnsson varaformaður
Árni Stefánsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Guðrún Johnsen
Helga Ingólfssdóttir
Sigrún Helgadóttir

- » Árni Stefánsson, Jón Ólafur Halldórsson og Sigrún Helgadóttir eru tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins og varamaður er Bjarni Már Gylfason.
- » Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Johnsen, Helga Ingólfssdóttir og Stefán Sveinbjörnsson eru tilnefnd af VR og varamaður er Smári Freyr Jóhannsson.
- » Guðný Rósa Þorvarðardóttir er tilnefnd af Félagi atvinnurekenda og varamaður er Guðrún Ragna Garðarsdóttir.

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum laga og samþykktum hans. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru breytingar á samþykktum, mótun áhættu-, fjárfestingar- og hluthafastefnu, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits, lánareglur, fjárhagsáætlanir og kynningarmál.

Á liðnu ári kom stjórnin saman átján sinnum til fundar og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 1190 stjórnarfundir.

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn eru í stjórnarháttayfirlýsingu.

Stjórnendur og starfsfólk

Hjá sjóðnum er 51 starfsmaður og er starfsemi hans skipt í sjö megin svið; eignastýringu, lífeyri, áhættustýringu, lögfræði, fjármál, rekstur og upplýsingatækni. Framkvæmdastjóri og forstöðumenn sviða skipa framkvæmdastjórn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri er Guðmundur Þ. Þórhallsson. Hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá árinu 2009 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur, mótur og innleiðir langtímaáherslur í stefnum sjóðsins og samræmir og samþættir helstu aðgerðir hans.

Lögfræðisvið, forstöðumaður er Tómas Njáll Möller. Hann hóf störf sem lögfræðingur sjóðsins 2008. Lögfræðisvið veitir stjórn, framkvæmdastjóra og sviðum sjóðsins lögfræðiráðgjöf og tekur þátt í úrlausn margbættra viðfangsefna og hagsmunagæslu fyrir sjóðsins. Sviðið veitir einnig ráðgjöf varðandi stjórnarhætti og annast samþættingu sjálfbærni í starfseminni. Á sviðinu starfa tveir lögfræðingar.

Eignastýringarsvið, forstöðumaður er Arne Vagn Olsen. Hann gekk til liðs við sjóðinn árið 2018. Eignastýring stýrir eignasöfnun sjóðsins, mótur og innleiðir fjárfestingastefnu hans. Starfsmenn eru fimm.

Lífeyrissvið, forstöðumaður er Margrét Kristinsdóttir. Hún hóf störf hjá sjóðnum árið 1995. Lífeyrissvið annast lífeyrisráðgjöf, mótur og innleiðir þróun lífeyrisafurða og úrskurð lífeyris. Sérígnardeildir sjóðsins eru hluti af lífeyrissviði. Auk trúnaðarlæknis eru sex starfsmenn á lífeyrissviði.

Áhættustýringarsvið, forstöðumaður er Magnús Helgason. Hann gekk til liðs við sjóðinn árið 2015. Áhættustýring mótur og innleiðir áhættu- og áhættustýringarstefnu sjóðsins, framkvæmir áhættumat og greiningar og kemur að mótun og framkvæmd eftirlitskerfis sjóðsins. Í áhættustýringu starfa 2 starfsmenn.

Fjármálasvið, forstöðumaður er Valgarður I. Sverrisson. Hann hóf störf hjá sjóðnum árið 1986. Fjármálasvið ber m.a. ábyrgð á fjárhagsbókhaldi, miðvinnslu og greiðslu reikninga og kemur að gerð ársreiknings. Á fjármálasviði eru 5 starfsmenn.

Upplýsingatæknisvið, forstöðumaður er Haraldur Arason. Hann hóf störf hjá sjóðnum árið 1986. Upplýsingatæknisvið þróar upplýsingakerfi sjóðsins, hefur umsjón með útvistun, notendapjónustu og rekstri vélbúnaðar. Á sviðinu starfa 7 starfsmenn.


Rekstrarsvið, forstöðumaður er Hildur Hörn Daðadóttir. Hún hóf störf hjá sjóðnum árið 2021. Rekstrarsvið annast innri þjónustu og ytri þjónustu til sjóðfélaga. Á sviðinu starfa 23 starfsmenn í fimm deildum: gæðastjórn, mannauður, þjónustuver, skráning iðgjalda og lánadeild.



Eignasöfn LV samanstanda af eignasafni sameignardeildar og fjórum séreignadeildum; Verðbréfaeild og Ævileiðum I-III.

Hrein eign allra eignasafna LV nam 1.201 milljarði króna í árslok 2021 en var 1.013 milljarðar króna í árslok 2020. Aukning eigna nam 188 milljörðum króna eða 19%. Þar munar mest um fjármunatekjur sjóðsins sem námu um 174 milljörðum króna.

Hrein eign í lok árs í milljörðum króna




Sameignardeild

Tekjur af eignasafni sameignardeildar námu rúmlega 170 milljörðum króna á árinu 2021 og hafa þær aldrei verið hærrí í sögu sjóðsins. Nafnávöxtun sameignardeildar á árinu 2021 var 17,0% sem samsvarar 11,6% raunávöxtun. Hrein ávöxtun, þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingatekjum, var 16,9% sem samsvarar 11,5% hreinni raunávöxtun.

Hrein árleg raunávöxtun síðustu fimm ára var 8,8%, 7,6% síðustu 10 ár, 5,2% síðustu 20 ár og 5,5% síðustu 30 árin.

Ávöxtunartölur ársins bera með sér að árið 2021 var eindæma gott. Þrátt fyrir hækkandi vaxtastig hérlendis og erlendis voru aðstæður hagfelldar flestum eignamörkuðum eins og nánar er vikið að síðar. Líkt og á árinu 2020 skiluðu allir sjö eignaflokkar sjóðsins jákvæðri ávöxtun og um 85% af ávöxtun ársins má rekja til innlendrar og erlendar hlutabréfaeignar sameignadeildar eins og fram kemur á mynd.

Ávöxtunartölur eignaflokka LV fyrir árið 2021



Líkt og fram kemur í fjárfestingarstefnu LV er bæði ávöxtun eignasafna og undirliggjandi eignaflokka borin saman við viðmiðunarvísitölur er mæla ávöxtun þeirra markaða er vísitölurnar taka til. Í tilfalli innlendrar skuldabréfa sameignardeildar eru viðmiðunarvísitölur þó ekki samanburðarhæfar enda eru um 75% innlendrar skuldabréfaeignar LV færð á kaupávöxtunarkröfu í árslok. Slíkar eignir taka ekki mið af markaðsaðstæðum hverju sinni og því hefur hærra eða lægra vaxtastig ekki áhrif líkt og raunin er með skuldabréf sem færð eru á gangvirði. Aðrir eignaflokkar eru samanburðarhæfir og er árangur helstu eignaflokka ársins 2021 eftirfarandi:

Eignaflokkur	Viðmið	Ávöxtun sameignardeildar 2021	Ávöxtun viðmiðs 2021
4. Innlend hlutabréf	OMX Iceland all-share GI	40,2%	42,1%
Þar af skráð hlutabréf	OMX Iceland all-share GI	44,5%	42,1%
6. Erlend hlutabréf	MSCI Daily Total Return Net World í ISK	20,1%	24,9%
Þar af skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir	MSCI Daily Total Return Net World í ISK	21,3%	24,9%

Eins og fram kemur í skýringu 10 í ársreikningi er munurinn á gangvirði og kaupávöxtunarkröfu skuldabréfa, sem nú eru færð á kaupávöxtunarkröfu, um 32,9 milljarðar króna í árslok 2021 samanborið við 33 milljarða króna í árslok 2020. Fjármunatekjur ársins hefðu því verið 0,1 milljarði lægri en ársreikningur segir til um væru skuldabréfin færð á gangvirði en slík breyting hefði óveruleg áhrif á ávöxtun ársins eins og fram kemur í skýringu 24 í ársreikningi.


Langtímaávöxtun

Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir sem horfir til langs tíma við val á fjárfestingakostum. Reynslan sýnir að á löngum tíma er þeim umbunað með hærri langtímaávöxtun sem eru tilbúnir að taka á sig verðsveiflur.

Langtíma raunávöxtun LV

Raunávöxtun	2021
Hrein raunávöxtun	11,6%
Fimm ára ársávöxtun	8,8%
Tíu ára ársávöxtun	7,6%
Tuttugu ára ársávöxtun	5,2%
Þrjátíu ára ársávöxtun	5,5%

Raunávöxtun síðustu 20 ára




Eignasafn sameignardeildar

Hrein eign sameignardeildar LV nam 1.175 milljörðum króna í árslok 2021 en var 992 milljarðar króna í árslok 2020. Aukning eigna nam 183 milljörðum króna eða 18%. Þar munar mest um fjármunatekjur sjóðsins sem námu um 170 milljörðum króna.

Eignasafn sameignardeildar er ávaxtað í sjö eignaflokkum sem dreifast á 58 lönd og 5.800 undirliggjandi eignir. Á eftirfarandi mynd sést að vægi erlendra eigna jókst úr 43,1% í árslok 2020 og í 44,6% í árslok 2021. Sé einungis horft á verðbréfaeign nemur hlutfall erlendra eigna 45,1% sbr. skýringu 12 í ársreikningi. Aukningin kemur meðal annars til af hækkun erlendra hlutabréfa á árinu auk þess sem hrein gjaldeyriskaup námu um 15,4 milljörðum króna.

Aukið vægi erlendra eigna er í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins þar sem áhersla er lögð á áhættudreifingu eignasafns, meðal annars með fjárfestingum erlendis.

Samanburður á eignaflokkum sameignardeildar LV í árslok 2020 og 2021



Vægi hlutabréfa nam um 60,7% í árslok 2021. Hlutfallið hafði hækkað undanfarin ár vegna fjárfestinga í hlutabréfum og hækkunar á hlutabréfamörkuðum, innlendum sem erlendum. Búast má við að vægi erlendra skuldabréfa aukist á árinu 2022.

Verðbréfavíðskipti

LV ráðstafaði ríflega 291 milljarði króna til verðbréfaкупа og sjóðfélagalána á árinu 2021 samanborið við 170 milljarða á árinu 2020. Seld voru verðbréf fyrir 286 milljarða króna en fyrir 75 milljarða árið áður.

Á árinu 2021 var sem fyrr lögð áhersla á aukna áhættudreifingu og var í því skyni m.a. keyptur gjaldeyrir fyrir um 15,4 milljarða króna til fjárfestingar í erlendum eignum.

Einnig var lögð áhersla á áhættudreifingu innan eignaflokka, m.a. með fjárfestingu í sértrygðum skuldabréfum fyrir um 17 milljarða og ríkisskuldabréfum fyrir um 15 milljarða króna. Sjóðurinn seldi fyrir um 4,5 milljarða króna umfram kaup í innlendum hlutabréfum á árinu 2021. Helst ber þar að nefna sölu á eignarhlut í Marel og kaup á eignarhlut í Íslandsbanka.

Innlend hlutabréf

Heildarvísitala íslenskra hlutabréfa (OMXIGI) hækkaði um 42,1% á árinu 2021. Vísitalan segir til um ávöxtun þeirra hlutafélaga sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar í árslok 2021 að teknu tilliti til arðs. Það má segja að árið hafi verið gott í öllum tilfellum en öll tuttugu félögin í heildarvísitölu hlutabréfa skiluðu jákvæðri ávöxtun.

Velta með hlutabréf á aðallista Kauphallarinnar nam 1.071 milljörðum króna eða um 4,3 milljörðum að meðaltali hvern dag, sem er um 77% veltuaukning frá fyrra ári. Markaðsverðmæti skráðra hlutabréfa í árslok var um 2.556 milljarður og stækkaði markaðurinn um tvo þriðju frá fyrra ári.

Fjögur félög voru skráð á árinu þegar Íslandsbanki hf., Síldarvinnslan hf., Fly Play hf., og Solid Clouds hf. komu öll ný á íslenskan hlutabréfamarkað. Segja má að árið hafi einkennst af miklum umsvifum almennra fjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði á nýjan leik. Sérstaklega ber að nefna útboð Íslandsbanka, stærsta hlutafjárútboð Íslandssögunnar með þátttöku um 24.000 fjárfesta. Seðlabanki Íslands upplýsir að fjárfestingar í innlendum hlutabréfasjóðum hafi aukist tölvuvert á árinu.

Hlutabréfaviðskipti og ávöxtun

Vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni sjóðsins í árslok 2021 nam 19,1% en var 16,7% í árslok 2020. Aukið vægi skýrist einna helst af hækkanði gengi innlendra hlutabréfa. Heildararðgreiðslur af innlendum hlutabréfum námu um 2,7 milljörðum króna á árinu.

Á árinu 2021 var nafnávöxtun innlendra hlutabréfa LV 40,2% sem samsvarar 33,7% raunávöxtun. Þar af nam nafnávöxtun skráðra hlutabréfa 44,5% sem samsvarar 37,8% raunávöxtun.

Ef rýnt er í ávöxtun innlendra hlutabréfa til lengri tíma litið sést að þau hafa skilað góðri ávöxtun síðustu 3, 5 og 10 ár. Rétt er að taka fram að hér er bæði um skráð og óskráð hlutabréf að ræða.

Árleg nafnávöxtun tímabila	1 ár	3 ár	5 ár	10 ár
Innlend hlutabréf	40,2%	28,9%	17,1%	17,0%

Innlend hlutabréfaeign í árslok	2021	2020
Eign í milljónum króna	228.677	168.472
Hlutfall af eign	19,06%	16,65%

Fimm stærstu eignir lífeyrissjóðsins í skráðum innlendum hlutafélögum í milljónum króna

Félag	Fjárhæð
Marel hf.	43.736
Arion banki hf.	27.846
Brim hf.	16.162
Eimskipafélag Íslands hf.	10.919
Kvika banki hf.	10.825

Nánari upptalningu á eign sjóðsins í einstökum hlutafélögum má sjá í skýringu 9 í ársreikningi.

Fjárfesting í innlendum framtakssjóðum, þar með talið sprotasjóðum


Á undanförunum árum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til þátttöku í innlendum framtakssjóðum og nemur eignarhlutur sjóðsins í slíkum sjóðum á bilinu 9 til 20%. Megintilgangur innlendra framtakssjóða er að fjárfesta í íslensku atvinnulífi og horfa þeir ýmist til sprotafyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða stærri fyrirtækja er stefna á skráningu í Kauphöll Íslands. Í lok árs 2021 námu óádragnar áskriftarskuldbindingar sjóðsins til innlendra áskriftarsjóða um 13,4 milljörðum króna.

Upptalning á innlendum framtakssjóðum er í skýringu 9 í ársreikningi.

Ávöxtun heildarvísitölu innlendra skráðra hlutabréfa (OMXIGI) á árinu 2021, með arði



Markaðsvirði hlutafélaga á NASDAQ Ísland í milljörðum króna í árslok 2021




Innlend skuldabréf

Á árinu 2021 var viðspyrna hagkerfisins kröftug eftir 6,6% samdrátt VLF árið 2020. Í Peningamálum Seðlabanka Íslands, útgefnum í febrúar 2022, er áætlað að hagvöxtur ársins 2021 hafi verið 4,9% og svipuðum hagvexti er spáð árið 2022. Störfum fjölgar áfram og atvinnuleysi minnkar og áætlað er að framleiðslulakinn, sem myndaðist í kjölfar COVID-19-farsóttarinnar, sé horfinn.

Verðbólga jókst jafnt og þétt árið 2021 og var 5,7% í janúarmælingu 2022. Verðbólguhorfur hafa því versnað töluvert að undanförunu sem má fyrst og fremst rekja til kröftugri efnahagsbata innanlands og mikillar hækkunar húsnæðisverðs. Þá hafa alþjóðlegar verðhækkningar verið meiri en gert var ráð fyrir. Seðlabankinn spáir því að verðbólga verði yfir 5% fram eftir árinu 2022 og verði ekki komin undir 4% fyrir en í ársbyrjun 2023.

Þróun verðbólgu á árinu 2021




Myndin sýnir þróun á verðbólgu milli ára (línurit) og mánaðar (súlurit)

Þróun innlendra vaxta á árinu 2021


Í ljósi kröftugar viðspyrnu í efnahagslífinu, aukinnar verðbólgu og verðbólguhorfa hækkaði Seðlabankinn stýrivexti um 1,25 prósentustig á árinu 2021, úr 0,75% í 2,00%, eftir fimm vaxtalækkningar árið áður. Framvirkir vextir á ríkisskuldabréfamarkaði benda jafnframt til þess að markaðsaðilar búist við áframhaldandi hækkun vaxta.

Ávöxtunarkrafa á óverðtryggðum skuldabréfum hækkaði nokkuð á árinu samhliða stýrivaxtahækkunum og lakari verðbólguhorfum. Ávöxtunarkrafa langra óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði um 0,9 prósentustig á árinu 2021 og ávöxtunarkrafa styttri ríkisbréfa um allt að 1,5 prósentustig. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisbréfa lækkaði aftur á móti um 0,1 til 0,3 prósentustig. Ávöxtun á skuldabréfamarkaði var því mismikil allt eftir því hvort um verðtryggð eða óverðtryggð skuldabréf var að ræða. Til að mynda lækkaði óverðtryggð ríkisskuldabréfavísitala Kviku um 1,5% en verðtryggð hluti hennar hækkaði um 6,7%.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2021




Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2021



Skuldabréfaeign LV og ávöxtun

Innlend skuldabréfaeign sameignadeildar, að skuldabréfasjóðum og sjóðfélagalánum meðtöldum, nam 419 milljörðum króna í árslok 2021 samanborið við 393 milljarða árið áður. Innlend skuldabréf eru um 35% af eignum sjóðsins en hlutfallið var 39% í árslok 2020. Lífeyrissjóðurinn hefur um langt árabil fjárfest í innlendum skuldabréfum og vega þar þyngst skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs ásamt veðskuldabréfum og öðrum fasteignatengdum verðbréfum.

Skuldabréfasafn í árslok 2021



Skuldabréfasafn í árslok 2021. Myndin sýnir flokkun innlendra skuldabréfa sjóðsins. Ríkistryggð skuldabréf eru nú um 42% og sjóðfélagalán 21% af skuldabréfasafni sjóðsins.

Veitt voru ný sjóðfélagalán á árinu fyrir 20,4 milljarða króna en hrein útlán voru neikvæð um 9,3 milljarða króna. Hlutfall sjóðfélagalána af innlendu skuldabréfasafni nemur 20,7% í árslok 2021 en var 24% í árslok 2020.

Á árinu 2021 skilaði skuldabréfasafn sjóðsins í heild sinni 6,4% ávöxtun. Ef rýnt er í ávöxtun mismunandi hluta skuldabréfasafnsins yfir lengra tímabil sést að ávöxtun hefur verið góð undanfarin 1, 3, 5 og 10 ár:

Árleg ávöxtun tímabila	1 ár	3 ár	5 ár	10 ár
Ríkisskuldabréf	6,1%	7,5%	7,5%	8,1%
Veðskuldabréf og önnur fasteignatengd verðbr.	6,4%	6,4%	6,3%	6,5%
Önnur skuldabréf	7,4%	7,5%	7,0%	12,0%

Þess ber að geta þegar ávöxtunartölur skuldabréfasafns eru rýndar að stór hluti safnsins er færður á kaupkröfu og hreyfist því ekki í takti við markaðsvexti dag frá degi.

Erlend verðbréf

Heimsvísitala Morgan Stanley, sem mælir breytingu hlutabréfaverðs á þróuðum mörkuðum, hækkaði um 21,8% í USD á árinu 2021. Mælt í krónum hækkaði vísitalan hins vegar um 24,9%


Sé horft til einstakra hlutabréfamarkaða hækkuðu hlutabréf í Bandaríkjunum (MSCI USA) um 25,2% mælt í USD en um 28,3% mælt í krónum. Hlutabréf í Evrópu (MSCI Europe) hækkuðu um 22,4% mælt í EUR en hækkuðu um 15,7% mælt í krónum. Hlutabréf nýmarkaðsríkja (MSCI Emerging Markets) lækkuðu um 4,6% mælt í USD en lækkuðu um 2,6% mælt í krónum. Þessar vísitölur segja til um ávöxtun að teknu tilliti til arðs.

Þróun heimsvísitölu MSCI á árinu 2021



Verðþróun heimsvísitölu MSCI 2021 í USD, með arði

Verðþróun á hlutabréfamörkuðum á árinu 2021



Ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu 2021 í grunnmynt, með arði.

Erlend verðbréf og ávöxtun

LV hefur frá árinu 1994 fjárfest á erlendum verðbréfamörkuðum í því skyni að dreifa áhættu í eignasafni. Fjárfestingar sjóðsins hafa frá þeim tíma skilað góðri ávöxtun þó vissulega séu sveiflur á hlutabréfamörkuðum erlendis sem hérlendis. Fjárfestingar í erlendum verðbréfum eru hugsaðar til langs tíma.

Í árslok 2021 nam erlend verðbréfaeign sameignardeildar, auk erlends lausafjár, um 525 milljörðum króna en var 427 milljarðar í árslok 2020. Erlend verðbréfaeign er um 45% af heildareignum og hefur vaxið undanfarin ár í samræmi við aukna áherslu á áhættudreifingu í eignasafninu.

Stærstur hluti erlenda eignsafnsins er ávaxtaður í skráðum erlendum hlutabréfum, ýmist í sérgreindum söfnum (93 milljarðar króna) eða hlutabréfasjóðum (um 313 milljarðar) auk þess sem sjóðurinn á eignarhlut í Össuri hf. sem skráður er í dönsku kauphöllinni.

Tæplega 65 milljarðar króna eru ávaxtaðir í framtakssjóðum (e. private equity) en slíkir sjóðir sérhæfa sig í fjárfestingu í óskráðum fyrirtækjum með það að markmiði að bæta rekstur og þar með virði þeirra. Þá á sjóðurinn einnig hlut í óskráðum innviða- og fasteignasjóðum fyrir rúmlega 16 milljarða króna.

Á árinu 2021 skiluðu erlend hlutabréf sjóðsins 20,1% ávöxtun í ISK samanborið við 24,9% ávöxtun viðmiðunarvísitölunnar og er þá horft bæði til skráðra og óskráðra erlendra hlutabréfa.

Ef rýnt er í ávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins til lengri tíma litið sést að þau hafa skilað ágætri ávöxtun síðustu 3, 5 og 10 ár.

Árleg ávöxtun tímabila	1 ár	3 ár	5 ár	10 ár
Erlend hlutabréf	20,1%	25,4%	18,4%	13,6%

Gengi krónunnar styrktist um 2,4% á árinu 2021 en breytingar gagnvart einstökum gjaldmiðlum voru mismiklar. Þannig veiktist krónan gagnvart USD um 2,5% og um 1,3% gagnvart GBP en styrktist um 5,4% gagnvart EUR.

Erlend verðbréfaeign ásamt erlendu lausu fé í árslok 2015-2021

	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Eign í milljónum króna	523.798	427.579	366.797	244.946	218.146	158.920	152.914
Hlutfall af eignum	45%	43%	40%	35%	33%	26%	26%

Nánari sundurliðun á erlendri verðbréfaeign í árslok má sjá í skýringu 9 í ársreikningi.

Séreignardeildir

Í árslok 2021 var séreignarsparnaður LV ávaxtaður í fjórum fjárfestingarleiðum: Ævileið I, Ævileið II, Ævileið III og Verðbréfaeið. Fjárfestingarleiðirnar eru ólíkar, með mismikla áhættu og ávöxtunarmöguleika.

Ævilína býður upp á sjálfvirkan flutning milli Ævileiða eftir aldri sjóðfélaga. Heimilt er að flytja inneign úr Verðbréfaeið í Ævileiðir en ekki er heimilt að flytja úr Ævileiðum í Verðbréfaeið.

Séreignardeild

í milljónum króna

	2021	2020	Breyting %
Iðgjöld	2.324	2.100	11
Lífeyrisgreiðslur	944	1.002	-6
Eign í árslok	26.539	21.688	22
Fjöldi með inneignir	51.663	49.887	4

Verðbréfaeið

Fjárfestingarstefna Verðbréfaeiðar endurspeglast af fjárfestingarstefnu sameignardeilda lífeyrissjóðsins.

Hrein ávöxtun Verðbréfaeiðar á árinu 2021 var 16,9% sem svarar til 11,5% raunávöxtunar. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ár er 8,8% og 7,6% síðustu tíu ár.

Ævileiðirnar


Fjárfestingarstefnur Ævileiða byggja á eignaflokkum sem gera má ráð fyrir að hafi mismikla vænta ávöxtun og áhættu. Til að draga úr áhættu og sveiflum í ávöxtun eignasafna eru þau blönduð og vel dreifð milli eignaflokka. Markmið með mismunandi eignasamsetningu Ævileiðanna er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga, svo sem eftir aldri, áhættuvilja og áhættuþoli. Við val á fjárfestingarleið er því meðal annars ráðlagt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða sjóðfélagans er og hvert viðhorf sé til áhættu. Ólíkum fjárfestingarstefnum Ævileiða er ætlað að endurspeglar þessa þætti, þar sem dregið er úr áhættu eftir því sem nær dregur úttekt sparnaðarins.

Ávöxtun Ævileiða

Fyrsta heila starfsár ævileiða var 2018 og frá þeim tíma hefur ávöxtun þeirra verið góð að teknu tilliti til ólíkra fjárfestingarstefnu hvorrar leiðar um sig:

	2021	2020	2019	2018
Ævileið I	17,4%	15,4%	12,9%	0,8%
Ævileið II	10,7%	11,6%	11,1%	3,8%
Ævileið III	1,7%	5,4%	5,8%	3,6%

Uppsöfnuð ávöxtun Ævileiða frá stofnun



Eignasamsetning Ævileiða í árslok 2021

í milljónum króna

	Ævileið I		Ævileið II		Ævileið III	
	2021	%	2021	%	2021	%
1. Ríkisskuldabréf	266	9,3%	564	24,3%	765	48,8%
2. Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf	690	24,1%	801	34,5%	415	26,5%
3. Önnur skuldabréf	402	14,1%	336	14,5%	0	0,0%
4. Innlend hlutabréf	486	17,0%	174	7,5%	0	0,0%
5. Innlent laust fé	108	3,8%	62	2,7%	387	24,7%
6. Erlend hlutabréf	908	31,7%	388	16,7%	0	0,0%
7. Aðrar erlendar eignir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Samtals	2.860	100,0%	2.325	100,0%	1.567	100,0%

Fjárfestingarstefna 2021

Stjórn sjóðsins samþykkir árlega fjárfestingarstefnu fyrir komandi ár og er stefnan birt á heimasíðu sjóðsins. Stefnan byggir á lögum 129/1997 og reglugerð nr. 916/2009, með síðari breytingum. Eðli málsins samkvæmt er í stefnu sem þessari litið til lengri tíma en árs í senn.

Í kafla þessum er gerð grein fyrir eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu með vikiðum. Í fjárfestingarstefnunni eru jafnframt upplýsingar um gildandi reglur, fjárfestingarheimildir, áhættustýringu og tryggingafræðilega þætti. Einnig er fjallað um afmörkun mótaðilaáhattu, ávöxtunarviðmið og önnur viðmið.

Yfirlit deildarskiptingar

Í fjárfestingarstefnu er mörkuð stefna fyrir eignasamsetningu og eignastýringu sameignar- og séreignardeilda LV. Iðgjöld mynda lífeyrisréttindi eða lífeyrissparnað í séreign í þremur deildum sjóðsins:

- i) A-deild, sameignardeild, sbr. gr. 10.1. og 10.2. í samþykktum sjóðsins
- ii) B-deild, séreignardeild fyrir almenna séreign, sbr. gr. 10.3. og 10.4. í samþykktum sjóðsins
- iii) C-deild, séreignardeild fyrir tilgreinda séreign, sbr. gr. 10.3. og 10.4. í samþykktum sjóðsins

Eignir A-, B- og C- deilda eru ávaxtaðar í eftirfarandi eignasöfnum:

- i) Sameignardeild: Eignir sameignardeildar eru ávaxtaðar í einu eignasafni sameignardeildar
- ii) Verðbréfaeið: Eignir í B- deild, sem byggja á samningum sem stofnaðir voru fyrir 1. júlí 2017, eru ávaxtaðar í Verðbréfaeið sem fylgir sömu fjárfestingarstefnu og sameignardeild. Sjóðfélögum sem eiga lífeyrissparnað í Verðbréfaeið, er heimilt að flytja eign sína í Ævileið I, II eða III en ekki er heimilt að flytja eignir úr Ævileiðum yfir í Verðbréfaeið
- iii) Ævileiðir: Eignir í B- og C- deildum sem byggja á samningum sem stofnað var til eftir 1. júlí 2017 eru ávaxtaðar í þremur ávöxtunarleiðum eftir vali sjóðfélaga; Ævileið I, Ævileið II og Ævileið III.

Vegvísar við ávöxtun eigna

Í 1. til 5. tölulið 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaganna eru settar fram fimm vísireglur um með hvaða hætti skuli ávaxta fé sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn skal:

- i) hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi
- ii) horfa til aldursamsetningar sjóðfélaga og annarra tryggingafræðilegra þátta sem áhrif hafa á skuldbindingar
- iii) byggja allar fjárfestingar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausa- fjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga.
- iv) gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.
- v) setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er fjallað nánar um útfærslur á ofangreindum vísireglum.

Sameignardeild (A-deild)

Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða tilgreina heimildir sjóðsins þegar kemur að samsetningu eignasafns á hverjum tíma. Eins og fram kemur í 36. grein laganna skal eignasafnið flokkað eftir forskrift laganna. Í eðli sínu er eignastýring lífeyrissjóða langtímafjárfesting og er því horft til langs tíma við gerð fjárfestingarstefnu. Í stefnunni koma fram markmið um vægi eigna- tegunda en vikið er ætlað að gefa sjóðnum svigrúm til að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum á hverjum tíma.

Taflan sýnir flokkun eignasafns sameignardeildar í samræmi við lög sem og stefnu fyrir árið 2022 ásamt vikmörkum.

Flokkur	Lýsing	Vægi 30.09.2021	Stefna 2022	Lágmark	Hámark
A.a.	Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	15,4%	13,9%	10%	30%
A.b.	Fasteignaveðtryggt skuldabréf	7,8%	7,9%	5%	22%
B.a.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2,7%	3,0%	0%	8%
B.b.	Innlán	1,0%	0,7%	0%	7,5%
B.c.	Sértryggt skuldabréf	4,9%	5,3%	0%	8%
C.a.	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátr.f., án víkjandi skbr.	0,0%	0,0%	0%	5%
C.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	29,8%	30,2%	11%	50%
D.a.	Skuldabréf og peningam.skjöl félaga og víkjandi skbr. fjármálaft.	4,1%	4,4%	0%	10%
D.b.	Skuldabréf og peningam.skjöl annarra sjóða	0,7%	0,7%	0%	10%
E.a.	Hlutabréf félaga	26,6%	26,5%	12,5%	40%
E.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða	7,0%	7,4%	0%	15%
E.c.	Fasteignir	0,0%	0,0%	0%	5%
F.a.	Afleiður	0,0%	0,0%	0%	5%
F.b.	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0,0%	0%	5%
	Eignir í erlendum gjaldmiðlum	43,8%	45,0%	20%	50%

Til glöggvunar er eignasafni sjóðsins skipt upp með öðrum hætti í töflunni hér að neðan:

Eignaflokkur	Vægi 30.9.2021	Stefna 2022	Lágmark	Hámark
1. Ríkisskuldabréf	15,4%	13,9%	7,5%	30%
2. Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf	15,9%	16,5%	10%	30%
3. Önnur skuldabréf	4,5%	5,0%	0%	10%
4. Innlend hlutabréf	19,6%	19,5%	7,5%	30%
5. Innlent laust fé	0,8%	0,6%	0%	10%
6. Erlend hlutabréf	40,6%	40,5%	20%	50%
7. Aðrar erlendar eignir	3,2%	4,0%	0%	20%
Samtals	100,0%	100,0%		

Séreignardeild

Um fjárfestingarstefnu fyrir fjárfestingarleiðir séreignasparnaðar í B- og C- deild, sem stofnað er til eftir 1. júlí 2017, í fjárfestingastefnu sjóðsins. Val er um þrjár fjárfestingarleiðir. Eignasamsetning leiðanna byggir á eignaflokkum sem hafa ólíkt áhættusnið sem gera má ráð fyrir að skili ólíkri ávöxtun og mismiklum sveiflum í ávöxtun. Markmiðið með mismunandi eignasamsetningu milli leiða er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga.

Almennt séð er gengið út frá því að hlutabréf gefi hærri ávöxtun en skuldabréf til lengri tíma, hins vegar eru meiri líkur á sveiflum í ávöxtun hlutabréfa og því er áhættan meiri. Áhersla er lögð á að eignasöfnin séu vel áhættudreifð.

Töflurnar sýna eignasamsetningu Ævileiða 30. september 2021. Töflurnar byggja á flokkun skv. 36. gr. a laga nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Ævileið I

Flokkur	Lýsing	Vægi 30.09.2021	Stefna	Lágmark	Hámark
A.a.	Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	8,9%	10,0%	0%	50%
A.b.	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0%	15%
B.a.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5,0%	5,5%	0%	15%
B.b.	Innlán	2,3%	0,0%	0%	30%
B.c.	Sértryggð skuldabréf	14,7%	16,2%	0%	40%
C.a.	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vatr.f., án víkjandi skbr.	0,0%	0,0%	0%	20%
C.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	29,2%	30,0%	0%	70%
D.a.	Skuldabréf og peningam.skjöl félaga og víkjandi skbr. fjármálaft.	7,9%	8,60%	0%	20%
D.b.	Skuldabréf og peningam.skjöl annarra sjóða	0,0%	0,0%	0%	40%
E.a.	Hlutabréf félaga	20,9%	18,0%	0%	50%
E.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða	11,1%	11,7%	0%	50%
E.c.	Fasteignir	0,0%	0,0%	0%	5%
F.a.	Afleiður	0,0%	0,0%	0%	5%
F.b.	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0,0%	0%	0%
	Þar af gengisbundnar eignir	23,4%	30,0%	10%	50%

Ævileið II

Flokkur	Lýsing	Vægi 30.09.2021	Stefna	Lágmark	Hámarg
A.a.	Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	22,4%	25,0%	0%	50%
A.b.	Fasteignaveðtrygð skuldabréf	0,0%	0,0%	0%	15%
B.a.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5,0%	5,6%	0%	15%
B.b.	Innlán	3,3%	0,0%	0%	30%
B.c.	Sértrygð skuldabréf	21,9%	23,4%	0%	40%
C.a.	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátr.f., án víkjandi skbr.	0,0%	0,0%	0%	20%
C.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	15,9%	15,0%	0%	80%
D.a.	Skuldabréf og peningam.skjöl félaga og víkjandi skbr. fjármálaft.	7,5%	8,0%	0%	20%
D.b.	Skuldabréf og peningam.skjöl annarra sjóða	0,0%	0,0%	0%	40%
E.a.	Hlutabréf félaga	11,4%	9,3%	0%	50%
E.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða	12,6%	13,7%	0%	50%
E.c.	Fasteignir	0,0%	0,0%	0%	5%
F.a.	Afleiður	0,0%	0,0%	0%	5%
F.b.	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0,0%	0%	0%
	Þar af gengisbundnar eignir	13,2%	15,0%	5%	50%

Ævileið III

Flokkur	Lýsing	Vægi 30.09.2021	Stefna	Lágmark	Hámarg
A.a.	Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	49,6%	50,00%	0%	100%
A.b.	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0%	30%
B.a.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0,0%	0,0%	0%	30%
B.b.	Innlán	4,8%	5,2%	0%	30%
B.c.	Sértryggð skuldabréf	20,9%	19,8%	0%	50%
C.a.	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vatr.f., án víkjandi skbr.	0,0%	0,0%	0%	50%
C.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	5,8%	6,2%	0%	70%
D.a.	Skuldabréf og peningam.skjöl félaga og víkjandi skbr. fjármálaft.	4,3%	4,0%	0%	25%
D.b.	Skuldabréf og peningam.skjöl annarra sjóða	0,0%	0,0%	0%	30%
E.a.	Hlutabréf félaga	0,0%	0,0%	0%	0%
E.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða	14,6%	14,8%	0%	50%
E.c.	Fasteignir	0,0%	0,0%	0%	5%
F.a.	Afleiður	0,0%	0,0%	0%	5%
F.b.	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0,0%	0%	10%
	Þar af gengisbundnar eignir	0,0%	0,0%	0%	0%

Eignasamsetning Ævileiða skv. gr. 36 a í lífeyrissjóðalögum. Tölu- og stafliðir í töflu eru tilvísanir í 36. gr. a í lögum nr. 129/1997.



Með aðild að LV ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs lífeyris við starfslok. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður meira en 50%. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn hans rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall sjóðfélaga.

Þróun fjölda lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna

Sjóðfélagar á lífeyri voru 21.530 í árslok 2021 og fjölgaði þeim á árinu um 5,5%. Á árinu 2021 hófu 1.658 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.580 árið áður. Þar af voru 666 eða 40% sjóðfélaga á lífeyri sem hófu töku lífeyris við 67 ára aldur. Lífeyrir sameignardeildar í hlutfalli af iðgjöldum, svokölluð lífeyrisbyrði, nam 61,5% á árinu 2021 samanborið við 53,6% árið áður. Árið 2021 voru lífeyrisþegar riflega tvöfalt fleiri en þeir voru árið 2011. Á þessu tímabili fjölgaði lífeyrisþegum að meðaltali um 7,4% á ári og lífeyrisgreiðslur hækkuðu að meðaltali um 12,6% á ári.

Lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild námu 21.965 milljónum króna og hækkuðu um 22,6% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur í sameignardeild sjóðsins voru hækkaðar um 10% á árinu. Hækkunin gildi frá ársbyrjun 2021 og kom til vegna góðrar ávöxtunar eigna undanfarin ár sem styrkti tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Fjöldi lífeyrisþega

	2021	2020	Breyting %
Ævilangurlífeyrir	14.670	13.721	6,9
Örorkulífeyrir	4.603	4.442	3,6
Makalífeyrir	1.677	1.661	1,0
Barnalífeyrir	580	584	-0,7
Samtals	21.530	20.408	5,5

Lífeyrisgreiðslur í milljónum króna


	2021	2020	Breyting %
Ævilangur lífeyrir	16.632	13.433	23,8
Örorkulífeyrir	4.097	3.435	19,3
Makalífeyrir	1.085	899	20,7
Barnalífeyrir	151	145	4,1
Samtals	21.965	17.912	22,6

Skipting lífeyrisgreiðslna


	2021	2020
Ævilangur lífeyrir	75,7%	75,0%
Örorkulífeyrir	18,7%	19,2%
Makalífeyrir	4,9%	5,0%
Barnalífeyrir	0,7%	0,8%

Lífeyrisgreiðslur 2012–2021

í milljónum króna



Fjöldi lífeyrisþega 2012–2021



Iðgjöld til sameignardeildar


Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu 35.759 milljónum króna en 33.458 milljónum árið 2020 sem er hækkun um 6,9%. Á árinu greiddu alls 47.940 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins. Þar af voru 35.854 sjóðfélagar sem að jafnaði greiddu iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Samtals greiddu 9.430 launagreiðendur iðgjöld vegna starfsmanna sinna á liðnu ári sem er fjölgun um 4,5%.

Samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA frá 2016 er mótframlag launagreiðenda 11,5% til viðbótar við 4% framlag launþega. Þar er jafnframt kveðið á um að hver og einn sjóðfélagi geti valið um hvort allt að 3,5 prósentustig af iðgjaldinu fari í sameignardeild eða í séreignarsjóð sem tilgreind séreign.


Löggjöld og fjöldi greiðenda

	2021	2020	Breyting %
Löggjöld í milljónum	35.759	33.458	6,9
Meðalfjöldi sjóðfélaga	35.854	35.697	0,4
Heildarfjöldi sjóðfélaga	47.940	47.972	-0,1
Fjöldi launagreiðenda	9.430	9.024	4,5

Löggjöld 2012–2021 í milljónum króna



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga 2012–2021



Aldursskipting greiðandi sjóðfélaga

Aldur	2021	2020	2019	2018	2017
16-19	10,6%	10,3%	11,3%	11,8%	12,0%
20-29	26,4%	26,9%	28,2%	28,7%	28,9%
30-39	21,2%	20,9%	20,3%	20,1%	19,8%
40-49	18,3%	18,4%	17,6%	17,2%	17,3%
50-59	14,4%	14,3%	13,8%	13,8%	13,9%
60-69	9,1%	9,2%	8,8%	8,4%	8,1%

Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í sameignardeild á árinu 2021 var 37 ár og um 37% þeirra voru yngri en 30 ára.

Skipting iðgjalda eftir aldri

Aldur	2021	2020	2019	2018	2017
16-19	2,5%	2,3%	2,5%	2,7%	2,6%
20-29	16,5%	16,7%	17,8%	17,8%	17,6%
30-39	22,2%	22,3%	22,4%	22,6%	22,5%
40-49	26,2%	26,5%	25,9%	25,7%	26,1%
50-59	21,0%	20,7%	20,3%	20,5%	20,6%
60-69	11,6%	11,5%	11,1%	10,7%	10,6%

Skipting iðgjalda í sameignardeild vegna ársins 2021 eftir aldri sýnir að um helmingur iðgjaldanna, eða 48%, er vegna sjóðfélaga á aldrinum 30-49 ára.

Séreign

Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild

Greiðslur úr séreignardeild námu alls 944 milljónum króna en voru 1.002 milljónir árið 2020. Þar af námu greiðslur, vegna tímabundinnar heimildar til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á höfuðstól lána og til kaupa á fyrstu íbúð, 381 milljón til 1.059 sjóðfélaga samanborið við 352 milljónir króna til 958 sjóðfélaga árið 2020.

Alþingi framlengdi sérstaka heimild vegna COVID 19 heimsfaraldursins til að taka út séreignarsparnað og gilti heimildin til ársloka 2021. Ekki var tekið við nýjum umsóknum eftir áramót.

Ásætlað er að lokið verði við að afgreiða fyrirbyggjandi umsóknir um greiðslur í mars 2023. Greiðslur vegna COVID 19 árið 2021 voru 189 milljónir til 226 sjóðfélaga en 369 milljónir til 573 sjóðfélaga árið 2020.

Inneign og iðgjöld

Inneignir séreignardeilda námu 26.539 milljónum í árslok 2021 en voru 21.688 milljónir árið áður. Alls áttu 51.663 sjóðfélagar inneignir en 49.887 í árslok 2020. Iðgjöld til séreignardeildar námu 2.324 milljónum á árinu 2021 en 2.100 milljónum árið 2020.

Aldursdreifing sjóðfélaga, sem greidda iðgjald til séreignardeildar á árinu 2021, er umtalsverð. Stærsti hópurinn er á aldrinum 45-65 eða 49,7%

Tilgreind séreign

Mótframlag launagreiðenda var hækkað um 3,5 prósentustig á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA frá 2016. Sjóðfélagar hafa val um að ráðstafa hækkuninni í sameign eða í tilgreinda séreign. Sjóðfélagar þurfa sjálfir að taka upplýsta ákvörðun um að ráðstafa hækkun mótframlags í tilgreinda séreign með tilkynningu til sjóðsins. Í lok árs 2021 höfðu 4.570 sjóðfélagar ráðstafað hækkun mótframlags í tilgreinda séreign og af þeim höfðu 1.363 óskað eftir að tilgreind séreign yrði flutt til annars vörsluaðila.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingastærðfræðingur gerir árlega tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af stjórn og kynntar á ársfundum. Gerð er grein fyrir megin niðurstöðum athugunarinnar á yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar í ársreikningi og nánar í skýringu 16.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun hf. Hann er ráðinn af stjórn og hefur hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Hvað felst í tryggingafræðilegri athugun

Í tryggingafræðilegri athugun er metið hvort jafnvægi sé á heildareignum og heildarskuldbindingum lífeyrissjóðsins. Þannig er annars vegar lagt mat á hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt reiknuðu núvirði áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga og hins vegar núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga. Ef mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum reynist meiri en 10% skal gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munurinn er umfram 5% fimm ár í röð.

Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er reglum samkvæmt notuð 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs.


Ítarlegar reglur um tryggingafræðilega úttekt eru í lögum nr. 129/1997, m.a. í 24. og 39. gr., reglugerð nr. 391/1998, samþykktum sjóðsins og leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana.

Staða sjóðsins


Tryggingafræðileg staða sameignadeildar er nú 3,5% umfram heildarskuldbindingar samanborið við 10,6% árið 2020. Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa undir lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Réttindin byggja á lögum og réttindaákvæðum samþykktu sjóðsins, núverandi eignasafni, framtíðariðgjöldum og væntri framtíðarávöxtun. Sá lífeyrir sem sjóðfélagar vænta getur orðið lægri eða hærri eftir því hvernig til tekst að ávaxta eignir sjóðsins til framtíðar. Þá hafa ýmsir lýðfræðilegir þættir áhrif á getu sjóðsins til að greiða lífeyri þar sem sjóðurinn er sameignarsjóður sem veitir rétt til ævilangs lífeyris, auk tímabundins örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Þróun ævilengdar sjóðfélaga, lífslíkur, er sá lýðfræðilegi þáttur sem hefur mest áhrif á tryggingafræðilega athugun lífeyrissjóða. Aðrir lýðfræðilegir þættir, sem hafa áhrif, eru örorkutíðni, hjúskaparstaða og tíðni barneigna.

Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu 2021 úr 10,6% í 3,5% kemur til vegna góðrar ávöxtunar, hækkunar áunninna lífeyrisréttinda um 10% og innleiðingar á nýjum dánar- og eftirlífendatöflum í tryggingafræðilegri athugun. Nýju töflurnar gera ráð fyrir áframhaldandi hækkandi lífaldri sjóðfélaga til framtíðar sem endurspeglar þróunina undanfarna áratugi.

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu



Breyting á tryggingafræðilegri stöðu árið 2021



Breyting á tryggingafræðilegri stöðu vegna 10% hækkunar áunninna réttinda, góðrar ávöxtunar á árinu 2021 og innleiðingar á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum.


Innleiðing á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum

Alla 20. öldina hefur meðalævin lengst hjá nær öllum þjóðum og þjóðfélagshópum. Það gildir einnig á Íslandi. Þetta veldur því að tímabilið frá lífeyristöku til dánardags er sífellt að lengjast. Þar með þurfa eignir lífeyrissjóða að endast lengur en áður og þar sem lífeyririnn dreifist á lengri tíma verður minni fjárhæð til ráðstöfunar á hverju ári að öðru óbreyttu.

Þrátt fyrir þessa þróun hafa Íslendingar til þessa notast við svonefndar dánar- og eftirlifendatöflur í tryggingafræðilegri athugun lífeyrissjóða sem gera ráð fyrir því að dánartíðni verði eins um alla framtíð eins og þær hafa verið á undanförunum árum.

Mynd um þróun ævilengdar sýnir hvernig meðalævilengd hefur þróast frá árinu 1975 en þá var meðalævilengd kvenna 77,5 ár og meðalævilengd karla 71,6 ár. Árið 2020 var meðalævilengd kvenna 84,3 ár og karla 81,2 ár sem er lenging um 8,8% hjá konum og 13,4% hjá körlum.

Þróun ævilengdar



Vænt ævilengd frá fæðingu skv. íslenskum staðallíkum og með framtíðarspá FÍT. Heimild: Hagstofa Íslands og líftöflur FÍT.

Í desember 2021 staðfesti fjármála- og efnahagsráðuneytið nýjar dánar- og eftirlifendatöflur með spá um lækkandi dánartíðni. Eins og nefnt var hér að framan þá er mat á lífslíkum sjóðfélaga ein mikilvægasta forsendan við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða og er auk þess mikilvæg til að tryggja að jafnræði ríki á milli aldurshópa hjá sjóðunum. Sé ekki stuðst við lífslíkur með framtíðarspá er hættu á að skuldbindingar lífeyrissjóða vegna lífeyrisréttinda þeirra yngri séu vanmetnar meira en skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda eldri sjóðfélaga. Að taka upp dánar- og eftirlifendatöflur með framtíðarspá sem tekur tillit til lækkandi dánartíðni er því forsenda þess að tryggja kynslóðajafnræði meðal sjóðfélaga og að tryggja sem réttasta mat á skuldbindingum vegna lífeyrisréttinda sjóðfélaga.

Að innleiða nýjar dánar- og eftirlifendatöflurnar hefur þau áhrif að tryggingafræðileg staða lækkar um 9,8 prósentustig. Þetta kemur til vegna þess að þegar gert er ráð fyrir að sjóðfélagar lifi lengur í framtíðinni muni sjóðurinn þurfa að greiða sjóðfélögum lífeyri í lengri tíma en áður sem þýðir auknar skuldbindingar fyrir sjóðinn.

Breytingar á samþykktum og réttindakerfi sjóðsins - aðlögun að hækkandi lífaldri sjóðfélaga


Á ársfundi sjóðsins 29. mars 2022 verður lagt til að gerðar verði breytingar á samþykktum sjóðsins til að laga réttindaávinnslu sameignardeildar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga. Breytingarnar eru þrjúþættar:

- i) Áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru lækkuð, mest hjá yngstu sjóðfélögum og lækkunin er svo minni eftir því sem sjóðfélagar eru eldri. Lækkunin er minnst hjá sjóðfélögum sem eru 65 ára og eldri en sá hópur er kominn með rétt til töku ellilífeyris. Ástæðan fyrir þessum mun liggur í því mati að væntur lífaldur yngri sjóðfélaga muni hækka meira en þeirra sem eldri eru. Þessi breyting á réttindakerfinu þýðir að tryggingafræðileg staða sjóðsins hækkar um 5,0 prósentustig.
- ii) Nýjar réttindatöflur verða innleiddar þar sem ávinnsla réttinda lækkar en gert er ráð fyrir að sjóðfélagar lifi lengur og þeir fái því greiddan ellilífeyri byggðan á framangreindum réttindum í lengri tíma. Verðmæti réttindanna eru þess vegna þau sömu og áður, breytingin er að þau eru greidd út á lengri tíma. Þessi breyting á réttindakerfinu þýðir að tryggingafræðileg staða sjóðsins hækkar um 2,9 prósentustig.

iii) Vegna sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu eftir framangreindar breytingar á réttindakerfinu þá eru áunnin lífeyrisréttindi hækkuð um 12%, að frátöldum barnalífeyri. Þessi breyting á réttindakerfinu þýðir að tryggingafræðileg staða sjóðsins lækkar um 7,2 prósentustig.

Áætlað er að ofangreindar breytingar komi til framkvæmda í september 2022 og miðað við tryggingafræðilega stöðu í lok árs 2021 myndi tryggingafræðileg staða hækka um 0,7% vegna breytinganna, fara úr 3,5% í 4,2%. Endanleg tryggingafræðileg staða vegna réttindabreytinganna ræðst þó af stöðu sjóðsins á þeim tíma sem þær eru framkvæmdar.

Tryggingafræðileg staða - Áhrif samþykktabreytinga 2022



Áætluð breyting á tryggingafræðilegri stöðu 2022 vegna samþykktar og réttindabreytinga sem koma til vegna innleiðingar á nýjum dánar- og eftirlífendatöflum.

Til viðbótar við ofangreindar breytingar hækkaði sjóðurinn áunnin réttindi sjóðfélaga um 10% á árinu 2021. Heildaráhrif allra þeirra breytinga sem hér er getið eru að allir sjóðfélagar hafa fengið hækkun sinna áunninna réttinda frá árinu 2021 eins og taflan sýnir hér að neðan. Samanlögð hækkun áunninna réttinda hjá sjóðfélögum, sem komnir eru á lífeyri og þeirra sem eru orðnir 65 ára, er 17,9%.

Aldur	Hækkun áunninna réttinda 2021	Jöfnun réttinda vegna réttindabreytinga	Hækkun áunninna réttinda 2022	Alls
Sjóðfélagar á lífeyri og 65 ára og eldri	10,0%	-4,3%	12,0%	17,9%
60	10,0%	-6,6%	12,0%	15,1%
50	10,0%	-9,2%	12,0%	11,9%
40	10,0%	-11,0%	12,0%	9,6%
30	10,0%	-12,3%	12,0%	8,0%
20	10,0%	-13,4%	12,0%	6,7%

Heildaráhrif breytinga á áunnin réttindi sjóðfélaga vegna réttindabreytinga 2021-2022.

Með innleiðingu nýrra dánar- og eftirlifendataflna er betra jafnvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins. Ólíklegt er að ráðast þurfi í jafn miklar breytingar á samþykktum og réttindakerfi hans í framtíðinni eins og er verið að gera nú.

Yfirlit yfir þróun einstakra þátta í tryggingafræðilegri stöðu

í milljörðum króna

Áfallin staða

	2021	2020	2019	2018	2017
Eignir	1.149,3	928,2	825,4	697,3	650,9
Skuldbindingar	1.024,0	792,6	724,0	651,3	593,6
Eignir að fráðregnum skuldbindingum	125,4	135,6	101,4	46,0	57,3
% af skuldbindingum	12,2%	17,1%	14,0%	7,1%	9,7%

Áfallin skuldbinding er samtala þeirra lífeyrisréttinda sem núverandi sjóðfélagar og lífeyrisþegar hafa áunnið sér.

Framtíðarstaða

	2021	2020	2019	2018	2017
Eignir	566,8	534,5	550,9	524,2	457,1
Skuldbindingar	634,5	529,5	545,1	509,2	448,7
Eignir að fráðregnum skuldbindingum	-67,7	5,0	5,8	15,0	8,4
% af skuldbindingum	-10,7%	1,0%	1,1%	3,0%	1,9%

Framtíðarskuldbinding er samtala skuldbindinga vegna réttinda sem núverandi sjóðfélagar munu ávinna sér með áframhaldandi greiðslum iðgjalda til sjóðsins.

Heildarstaða

	2021	2020	2019	2018	2017
Eignir	1.716,2	1.462,7	1.376,3	1.221,5	1.108,0
Skuldbindingar	1.658,5	1.322,1	1.269,1	1.160,5	1.042,3
Eignir að fráðregnum skuldbindingum	57,7	140,7	107,2	61,0	65,7
% af skuldbindingum	3,5%	10,6%	8,4%	5,3%	6,3%

Heildarskuldbinding er samtala áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga.



Lán til sjóðfélaga

Allt frá stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 1956 hafa lánveitingar til sjóðfélaga verið þáttur í starfsemi sjóðsins. Þannig hefur sjóðurinn frá upphafi verið virkur þátttakandi í fjármögnun fasteigna sjóðfélaga. Auk beinna lánveitinga til sjóðfélaga hefur sjóðurinn fjármagnað óbeint fasteignakaup sjóðfélaga með kaupum á ríkistryggðum skuldabréfum, til að mynda skuldabréfum Íbúðalánasjóðs. Nú er LV virkur kaupandi sértryggðra skuldabréfa sem nýtt eru til fjármögnunar á fasteignalánum viðskiptabankanna.

Sjóðfélagalán lífeyrissjóðsins falla undir lög um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016. Samkvæmt lögnum er krafa um aukna upplýsingamiðlun til lántakenda og strangari kröfur um mat á greiðslugetu og láns hæfi þeirra til þess að stuðla að ábyrgum lánveitingum.

Verðtryggð lán

Lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum verðtryggð lán með föstum vöxtum sem breytast ekki á lánstíma. Lán geta bæði verið með jöfnum greiðslum og jöfnum afborgunum af höfuðstól.

Jafnframt er sjóðurinn með verðtryggð lán þar sem vextir eru fastir til 60 mánaða í senn. Í boði eru bæði lán með jöfnum greiðslum og jöfnum afborgunum af höfuðstól.

Vextir eru ákvarðaðir af stjórn sjóðsins samkvæmt lánareglum sjóðsins.

Óverðtryggð lán

Vextir óverðtryggðra lána eru fastir til 36 mánaða í senn. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um vexti samkvæmt lánareglum sjóðsins. Í boði eru bæði lán með jöfnum greiðslum og jöfnum afborgunum af höfuðstól.

Á árinu 2021 hóf sjóðurinn að bjóða einnig óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um vexti samkvæmt lánareglum sjóðsins. Í boði eru bæði lán með jöfnum greiðslum og jöfnum afborgunum af höfuðstól.

Ný sjóðfélagalán

í milljónum króna

	2021	2020
Afgreidd útlán	20.377	28.722
Fjöldi lána	880	1.365
Meðalfjárhæð	23,2	21,0

Skipting nýrra sjóðfélagalána

í milljónum króna

	Verðtryggð lán - Fastir vextir	Verðtryggð lán - Breytilegir vextir	Óverðtryggð lán
Fjárhæð	560	9.174	10.643
Fjöldi lána	21	372	487
Meðalfjárhæð	26,7	24,7	21,9

Útistandandi lán

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu 86.907 milljónum í árslok 2021 eða um 7,2% af heildareignum samanborið við 95.686 milljónum eða um 9,4% af eignum í árslok 2020.

Staða sjóðfélagalána í árslok

í milljónum króna

	2021	2020	Breyting
Útistandandi lán	86.907	95.686	-9%
Fjöldi lána	6.038	6.839	-12%
Meðalfjárhæð	14,4	14,0	3%
Hlutfall af heildareignum	7,2%	9,4%	-2%

Vanskil sjóðfélagalána

(meira en 90 daga vanskil)

	2021	2020
Vanskil í milljónum króna	437	666
Hlutfall af heildarfjárhæð	0,50%	0,70%

Upplýsingamiðlun og ráðgjöf

Við vinnum markvisst að því að auka upplýsingaflæði og fræðslu til sjóðfélaga. Lífeyrissjóður verzlunarmanna kemur upplýsingum á framfæri við sjóðfélaga eftir ýmsum leiðum. Vefur sjóðsins, live.is, er miðstöð upplýsingagjafar okkar. Þar má nálgast upplýsingar, fréttir og fróðleik á auðveldan hátt. Einnig má skrá sig í áskrift á póstlista sjóðsins á live.is Áskrifendur póstlistans fá með tölvupósti upplýsingar um helstu nýmæli í starfsemi sjóðsins, auk þess að fræðast um réttindi sjóðfélaga LV.

Sjóðurinn starfrækir þjónustuver þar sem hægt er að fá þjónustu á skrifstofu sjóðsins, í síma, tölvupósti eða netspjalli. LV leggur áherslu á að veita sjóðfélögum persónulega þjónustu og beinan aðgang að starfsfólki vegna ráðgjafar og tengdrar þjónustu.

Aukin áhersla er nú lögð á þróun upplýsingamiðlunar, meðal annars starfrænna lausna. Viðhorf sjóðfélaga eru könnuð reglulega og upplýsingum miðlað í ársskýrslu, sjálfbærnisráðgjöf og ársreikningi.

Ársfundir sjóðsins er vettvangur ítarlegrar upplýsingamiðlunar um afkomu liðins árs. Allir sjóðfélagar hafa rétt til setu á fundinum og er hann auglýstur í helstu fjölmiðlum. Sjóðurinn nýtir einnig samfélagsmiðla og sendir sjóðfélögum tvisvar á ári yfirlit yfir réttindi og greidd iðgjöld.

Sjóðfélagavefur

LV leggur áherslur á að veita glöggar upplýsingar um uppbyggingu og töku lífeyris á vef sjóðsins. Sjóðfélagavefurinn mitt.live.is veitir sjóðfélaga beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín, séreignarsparnað, greidd iðgjöld og stöðu lána.

Á sjóðfélagavefnum er einnig hægt að nýta sér lífeyrisreiknivél til að kanna réttindi og réttindasöfnun miðað við breytilegar forsendur.

Pá er á sjóðfélagavefnum áætlun um réttindi viðkomandi og hver lífeyrir gæti orðið við starfslok. Enn má nefna að á sjóðfélagavefnum er hægt að sækja upplýsingar um réttindi hjá öðrum sjóðum gegnum Lífeyrisgáttina, lifeyrisgattin.is, sameiginlega upplýsingamiðlun lífeyrissjóða á Íslandi.



Áhættustýring Lífeyrissjóðs verzlunarmanna byggir á áhættustefnu og áhættustýringarstefnu stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra viðmiða. Áhættustjóri ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar hjá sjóðnum í samræmi við stefnur sjóðsins. Á grundvelli áhættustefnu og áhættustýringarstefnu felur stjórn framkvæmdastjóra, starfsfólki áhættustýringar og eftir atvikum öðru starfsfólki sjóðsins umsjón með daglegri framkvæmd stefnanna. Eftirlit stjórnar með framkvæmdinni felst m.a. í reglulegri upplýsingamiðlun framkvæmdastjóra til stjórnar, upplýsingamiðlun áhættustýringar og annarra starfsmanna til framkvæmdastjóra og stjórnar, árlegri úttekt innri- og ytri endurskoðunar og starfi endurskoðunarnefndar sjóðsins. Þá hefur endurskoðunarnefnd og innri- og ytri endurskoðendur sjóðsins mikilvægu hlutverki að gegna í eftirfylgni með framkvæmdinni.

Áhættustjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum sjálfstæði í starfi, og milliliðalausan aðgang stjórnar að upplýsingum, er honum heimilt að gefa skýrslur um áhættustýringu og aðrar upplýsingar sem varða áhættustýringu sjóðsins beint og milliliðalaust til stjórnar sjóðsins og endurskoðunarnefndar.

Markmið með áhættustefnu og áhættustýringarstefnu er að auka öryggi í rekstri. Lögð er áhersla á að stefnurnar og framkvæmd þeirra séu virkur þáttur í starfsemi og að þær tengist ákvörðunarferlum sjóðsins í stefnumótandi málum, við innleiðingu sem og í daglegum rekstri. Einnig er lögð áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða sýn yfir helstu áhættuþætti í rekstrinum og að þeir hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Áhersla er lögð á að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Stefnurnar byggja á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (Ísjl.), reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða og reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, með síðari breytingum. Stefnurnar taka einnig mið af ISO staðli 31000 um áhættustýringu og skýrslum erlendra aðila, svo sem IOPS (e. International Organisation of Pension Supervision).

Í stefnunum er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, eftirlitskerfi sjóðsins lýst, helstu áhættuþættir í rekstri sjóðsins skilgreindir og metnir og tilgreint hvernig vöktun á þeim fer fram.

Skilgreining áhættu

Áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind í samræmi við ISO staðal 31000 um áhættustýringu sem áhrif óvissu á markmið. Áhrifin eru frávik frá því sem búist er við, bæði jákvæð og neikvæð, og eiga við um alla þætti í starfsemi sjóðsins. Þessi skilgreining er víðari en skilgreining á hugtakinu áhætta í reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Þar er áhætta skilgreind sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóður skilgreinir.

Áhættuvilji og áhættuþol

Hugtökin áhættuvilji og áhættuþol eru skilgreind í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

- *Áhættuvilji*: Sú áhætta sem stjórn er reiðubúin að taka.
- *Áhættuþol*: Sú áhætta sem lífeyrissjóður þolir án þess að grípa þurfi til aðgerða.

Áhættuvilji stjórnar endurspeglast í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu þar sem m.a. kemur fram hvernig áhætta er skilgreind, hvernig hún er greind, vöktuð og metin og hvernig sjóðurinn tekur áhættu til meðferðar til að stýra og/eða draga úr áhættu.

Áhættuvilji stjórnar endurspeglast m.a. einnig í fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu, samþykktum sjóðsins, öðrum stefnum og reglum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins útlistar hvernig sjóðurinn hyggst ávaxta eignir sínar í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga með tilliti til áhættuvilja stjórnar og áhættuþols sjóðsins á hverjum tíma. Kveðið er á um vikið sjóðsins í eignaflokkum ásamt öðrum vikiðum sem sjóðurinn hefur sett sér.

Hluthafastefnan hefur það markmið að styðja við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra. Í samþykktum sjóðsins eru settar fram þær reglur sem ætlað er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.


Áhættuþol sjóðsins markast m.a. af aldurssamsetningu sjóðfélaga, lífeyrisbyrði sjóðsins og þeim lögum og reglum sem sjóðnum ber að fylgja.

Í áhættustýringarstefnu eru mælikvarðar áhættuvilja skilgreindir og kveðið á um upplýsingagjöf til stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra viðeigandi aðila.

Eftirlitskerfi sjóðsins

Eftirlitskerfi sjóðsins er fjölþátta kerfi sem tekur til mannauðs, verklagsreglna og annarra aðfanga sem nauðsynleg eru til að hægt sé að sinna áhættustýringu og stjórnun áhættuþátta á fullnægjandi hátt. Eftirlitskerfið samanstendur af stefnumörkun, aðferðum og skýrslugerð sem nauðsynleg eru til að greina, meta, vakta og stýra áhættu með reglubundnum hætti og í einstökum tilfellum.

Stjórn, stjórnendur, starfsfólk, innri- og ytri endurskoðendur ásamt endurskoðunarnefnd sjóðsins koma að eftirlitskerfinu. Hér að neðan er yfirlitsmynd af eftirlitskerfi sjóðsins.



Fyrsta varnarlína er mynduð af stjórnendum og starfsfólki hvers og eins starfssviðs sjóðsins. Stjórnendur bera ábyrgð á rekstri sinna sviða og þeirri áhættu sem fylgir. Til þess að lágmarka áhættu hefur hvert og eitt starfssvið viðeigandi ferla og eftirlit til staðar sem miða að því að tryggja að borin sé kennsl á áhættu, hún sé greind, metin og mæld, að fylgst sé með henni, henni stjórnað og hún tilkynnt. Fyrstu varnarlínu sjóðsins er ætlað að ganga úr skugga um að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ytri og innri kröfur.

Aðra varnarlínu mynda stoðsvið sjóðsins sem styðja starfsfólk og stjórnendur við eftirlit og að leggja mat á áhættuþætti í rekstri starfssviðanna. Þetta er m.a. gert með skipulegri vöktun, ráðgjöf, framkvæmd eftirlitsaðgerða, úttektum og mati á hlítu.

Þriðja varnarlína sjóðsins er innri endurskoðandi. Hann framkvæmir áhættumiðaðar og almennar úttektir á fyrstu tveimur varnarlínunum. Í því felst m.a. að fara yfir fyrirkomulag innri stjórnarháttá, virkni ferla og aðferða til að ganga úr skugga um að fyrstu tvær varnarlínurnar séu traustar og áhrifaríkar, að ferlarnir og aðferðirnar séu framkvæmdar og í stöðugri notkun. Innri endurskoðandi sinnir verkefnum sínum að fullu óháð hinum varnarlínunum.

Framkvæmd áhættustýringar

Framkvæmd áhættustýringar byggir m.a. á þeirri framkvæmd sem skilgreind er í ISO staðli 31000. Framkvæmdin felur í sér fjölda ferla sem mynda eftirlitskerfi og gera sjóðnum kleift að:

- » bera kennsl á áhættu
- » greina áhættu
- » vakta áhættu
- » meta áhættu
- » taka áhættu til meðferðar

Framangreindir þættir gera sjóðnum kleift að stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Meðferð áhættu getur m.a. falist í því að

- » forðast áhættu
- » draga úr áhættu
- » yfirfæra áhættu
- » taka áhættu meðvitað.

Meðferð áhættu veltur á áhættuvilja og áhættuþoli sjóðsins hverju sinni og í áhættustýringarferlinu er leitast við að veita viðeigandi og tímanlegar upplýsingar til að unnt sé að bregðast við áhættu í rekstri sjóðsins.

Flokkar áhættu

Mikilvægur þáttur í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu er að tryggja eins vel og kostur er góða yfirsýn yfir þá áhættuþætti sem einkum skipta máli í rekstri sjóðsins. Í því skyni er áhættunni skipt upp í fimm meginflokka og um þá er fjallað í stefnum sjóðsins. Þessir flokkar áhættu eru:

1. Fjárhagsleg áhætta
2. Mótaðilaáhætta
3. Lífeyristryggingaáhætta
4. Rekstraráhætta
5. Áhætta tengd loftslagsbreytingum

Í skýringum 19-23 í ársreikningi er nánar gerð grein fyrir áhættuþáttum í rekstri sameignardeildar og sér-eignardeilda sjóðsins.

1. Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagslegri áhættu er skipt í fimm undirflokka. Þeir eru:

- a) Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta
- b) Uppgreiðsluáhætta
- c) Markaðsáhætta
- d) Gjaldmiðlaáhætta
- e) Verðbólguáhætta

a) Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta


Breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferla geta leitt til lækkunar á virði skuldabréfa í eignasafni sjóðsins. Ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Þá getur lækkandi vaxtaumhverfi leitt til lægri ávöxtunarkröfu við kaup nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga og þegar fjárfest er fyrir innflæði (endurfjárfestingaráhætta).

Samkvæmt stefnu sjóðsins er hluti skuldabréfa sameignardeildar metinn á gangvirði og hluti á kaup-ávöxtunarkröfu. Virði þess hluta sem metinn er á gangvirði er næmur fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði. Markaðsverð skuldabréfa metið á gangvirði var 101 milljarður króna 31.12.2021, sem samsvarar 8,6% af eignum sameignardeildar.

Á myndinni hér að neðan má sjá hvaða áhrif það hefur á eignasafn sjóðsins ef ávöxtunarkrafa á markaði breytist. Ef krafan hækkar um 100 punkta, 1 prósentustig, lækkar virði bréfanna sem nemur 0,52% af eignum sjóðsins. Ef krafan lækkar um 100 punkta þá hækkar virði bréfanna sem nemur 0,50% af eignum. Til samanburðar má sjá að vaxtanæmni er svipuð frá fyrra ári þegar áhrifin eru mæld sem hlutfall af eignum.

Það skal tekið fram að ekki er endilega fylgni á milli breytinga á ávöxtunarkröfu skuldabréfaflokka. Þess vegna geta breytingar á ávöxtunarkröfu á einum skuldabréfaflokki dregið úr áhrifum á vaxtanæmni. Í ofangreindri greiningu er gert ráð fyrir fullri fylgni, þ.e. sama breyting ávöxtunarkröfu í öllum flokkum skuldabréfa sem metnir eru á gangvirði.

Vaxtanæmni



Punktstaða vaxtanæmni skuldabréfa í lok árs 2020 og 2021 m.v. stefnu sjóðsins um matsaðferð skuldabréfa. Vaxtanæmni segir til um hversu mikil áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hefur á virði þeirra. Myndin sýnir breytingu á ávöxtunarkröfu í punktum (100 punktar = 1 prósentustig) og áhrif breytingarinnar á eignir sjóðsins.

b) Uppgreiðsluáhætta

Hluta af skuldabréfaeign sjóðsins er heimilt að greiða upp. Það felur í sér uppgreiðsluáhættu sem felst í því að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjaldþaga og lífeyrissjóðurinn þurfi því mögulega að endurfjárfesta á lægri vöxtum. Stærstur hluti uppgreiðanlegra skuldabréfa í eigu sjóðsins eru sjóðfélagalán og öll uppgreiðanleg án uppgreiðslugjalds.

Á árinu 2020 jókst samkeppni á íbúðalánamarkaði samhliða lækkandi vöxtum og aukinni eftirspurn eftir óverðtryggðum lánum með breytilegum vöxtum. Aukin samkeppni og minni kostnaður við lántöku og endurfjármögnun gerði það að verkum að lántakar hjá sjóðnum greiddu upp lán sín í auknum mæli og endurfjármögnuðu hjá öðrum lánveitendum. Þessa gætti líka fram á árið 2021 ár en þó í minna mæli. Þegar líða tók á seinni hluta ársins 2021 jókst hins vegar eftirspurn eftir lánum hjá sjóðnum samhliða því að uppgreiðslum fækkaði.

Með hækkandi vöxtum hafa lántakar verið að færa sig frá óverðtryggðum lánum með breytilegum vöxtum frá öðrum lánveitendum til annars vegar verðtryggðra lána með föstum vöxtum til að lækka greiðslubyrði eða til óverðtryggðra lána með föstum vöxtum til að festa greiðslubyrði sína í hækkandi vaxtaumhverfi.

c) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem hætta á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna með breytilegar tekjur.

Þróun á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum var sjóðnum hagfelld á árinu líkt og árinu á undan þrátt fyrir heimsfaraldurinn. Um þetta er fjallað í kafla um innlend hlutabréf og í kafla um erlend verðbréf.


Á árinu 2021 hækkaði heildarvísitala innlendra hlutabréfa (OMXIGI) um 42,1% samanborið við 25,9% árið á undan. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI) hækkaði um 21,8% í USD, sem svarar til 24,9% hækkunar í krónum.

Munurinn á ávöxtun í USD og íslenskum krónum endurspeglar þá gjaldmiðlaáhættu sem sjóðurinn ber með þeim erlendum eignum sem hann á. Nánar er fjallað um gjaldmiðlaáhættu hér að neðan.

Flökt innlendra og erlendra hlutabréfa

Flökt (e. volatility) er einn mælikvarði á áhættu og mælir m.a. sveiflur í gengi hlutabréfa. Því meiri sem sveiflurnar eru því meiri er áhættan talin vera. Myndin sýnir annars vegar ársflökt innlendra hlutabréfa og hins vegar erlendra hlutabréfa yfir tveggja ára tímabil, án tillits til myntgengis. Í febrúar 2020, þegar ljóst varð að heimsfaraldur væri skollinn á, lækkuðu innlend og erlend hlutabréf skarpt í verði. Við það hækkaði skarpt mælt ársflökt hlutabréfa sem hélst hátt þar til vorið 2021 þegar flöktið byrjaði að lækka og mælist ársflökt í lok ársins 2021 svipað og fyrir heimsfaraldurinn.

Flökt hlutabréfa



Þróun á ársflökti innlendra (OMXIGI) og erlendra hlutabréfa (MSCI) árin 2020 og 2021.

d) Gjaldmiðlaáhætta


Gjaldmiðlaáhætta sjóðsins felst í hættu á að sveiflur á gengi krónunnar annars vegar og erlendra gjaldeyris-krossa hins vegar geti haft neikvæð áhrif á ávöxtun eigna sjóðsins.

Erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðsins eru mikilvægar þegar kemur að áhættudreifingu eigna, þá sérstaklega í litlu hagkerfi eins og því íslenska. Þær gegna einnig lykilhlutverki í að dreifa og stýra landfræðilegri áhættu sjóðsins.

Lítill breyting var á gengi krónunnar á árinu 2021 en það hækkaði um 2,5%. Krónan lækkaði um 2,4% gagnvart USD en hækkaði um 5,8% gagnvart EUR á árinu.


Hlutfall eigna sameignardeildar í erlendri mynt í lok árs var um 45% og vóg USD rúmlega 60% af erlendum eignum sameignardeildar. Undanfarið ár hefur vægi erlendra eigna í eignasafni sameignardeildar aukist talsvert en 2021 hægðist á aukningunni enda sameignardeild sjóðsins komin nálægt 50% hámarki erlendra eigna skv. lögum.

Þróun gengisvísitölunnar



Þróun á gengisvísitölu krónunnar á árinu 2021. Gengi krónunnar hækkaði um 2,5% á árinu en gengið var nokkuð stöðugt á árinu.

Flökt gengisvísitölnnar



Þróun á ársflökti krónunnar frá lok árs 2019 til lok árs 2021. Flökt krónunnar jókst snemma árið 2020 í kjölfar mikillar óvissu sökum upphafs heimsfaraldurs en tók að lækka sumarið 2021 og var komið á sama stað í lok árs 2021 og það var í lok árs 2019. Flökt er m.a. mælikvarði á sveiflur í gengi gjaldmiðils. Þegar óvissa ríkir á fjármálamörkuðum eru verðbreytingar tíðari, flökt mælist hærra og áhættan almennt talin vera meiri.

Eignir í erlendri mynt


	2021	2020	2018	2017	2016
Hlutfall	45%	43%	40%	35%	33%

e) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar þar sem lífeyrisréttindi eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Eignasafnið er hins vegar að stórum hluta ávaxtað í óverðtryggðum verðbréfum.

Með stækkandi eignasafni og minna framboði af verðtryggðum skuldabréfum hefur hlutfall verðtryggðra eigna af eignum sjóðsins lækkað á undanförunum árum. Í lok árs 2021 var hlutfall verðtryggðra eigna sameignardeildar 24,4%. Með aukinni verðbólgu aukast skuldbindingar sjóðsins hraðar en eignir hans að öðru óbreyttu. Þó er það þannig að ýmsar eignir sjóðsins hafa eiginleika óbeinnar verðtryggingar sem milda áhrifin til lengri tíma litið. Dæmi um slíkt eru erlendar eignir sjóðsins. Þegar krónan veikist getur verðbólga aukist vegna hækkandi verðs á innfluttum vörum en á móti hækka erlendar eignir sjóðsins í virði sem getur komið til móts við auknar skuldbindingar sjóðsins.

Þróun verðtrygðra eigna sem hlutfall af eignum



2. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi. Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar og innlán, en afleiðusamningar eru dæmi um aðra samninga sem geta falið í sér útlánaígildi.

Stærsti einstaki mótaðili sjóðsins er ríkissjóður Íslands, bæði sem beinn skuldari og sem ábyrgðaraðili. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs hefur farið batnandi síðustu ár og er A á langtímaskuldbindingum í krónum, bæði hjá Standard & Poor's og Fitch Ratings, en A2 hjá Moody's. Hlutfall skuldabréfa, útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð hans, var um 42% af skuldabréfasafni sameignardeildar um áramótin. Hlutfall skuldabréfa annarra mótaðila með lánshæfismat í fjárfestingarflokki var um 2,4% af skuldabréfasafni sameignardeildar.

Taflan sýnir hlutfall skuldabréfa eftir eðli mótaðila.

	2021	2020
Skuldabréf m. ábyrgð ríkissjóðs, lánshæfismat A frá S&P	42,4%	43,1%
Mótaðilar með lánshæfismat í fjárfestingarflokki	2,4%	2,6%
Sértrygð skuldabréf	14,3%	11,2%
Önnur skuldabréf	20,3%	19,0%
Útlán til sjóðfélaga og annarra	20,6%	24,1%
Samtals	100%	100%

Mótaðilaáhætta vegna sjóðfélaga með sjóðfélagalán hjá sjóðnum er mæld sem hlutfall sjóðfélagalána í vanskilum af heildarútlánnum. Hlutfallið hefur lækkað undanfarin ár og var 0,5% í lok árs 2021 en 0,7% í lok árs 2020.

Í tengslum við efnahagslega óvissu í tengslum við COVID-19 var sjóðfélögum boðið greiðsluhlé á lánnum sínum til allt að sex mánaða, með möguleika á framlengingu. Nokkuð var um að sjóðfélagar nýttu sér úrræðið í byrjun faraldursins en þeim fækkaði þegar leið á árið. Í lok árs 2020 voru 1,7% lána í greiðsluhléi og ári síðar var úrræðið nánast úr sögunni.

Greiðsluhlé nýttist þeim sjóðfélögum vel sem á þurftu að halda. Allflestir þeirra sem nýttu sér úrræðið í upphafi óskuðu ekki eftir framlengingu og almennt fóru lán ekki í vanskil eftir að greiðsluhléi lauk.

Vanskil sjóðfélagalána

	2021	2020	2019	2018	2017
Hlutfall	0,5%	0,7%	0,7%	0,8%	1,1%

Þróun yfir 90 daga vanskila miðað við kennitöluaðferð, þ.e. eftirstöðvar allra lána sjóðfélaga með eitt eða fleiri lán í meira en 90 daga vanskilum, sem hlutfall af eftirstöðvum allra sjóðfélagalána. Við útreikning á vanskilahlutfallinu er notast við kröfuvirði sjóðfélagalána, þ.e. ekki er tekið tillit til varúðarniðurfærslu.

Ekki eru yfir 90 daga vanskil á öðrum skuldabréfum í eigu sjóðsins.

3. Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar að fullu og að lækka þurfi réttindi sjóðfélaga. Sjóðurinn framkvæmir reglulega álagspróf til að meta hversu mikil áhrif ákveðnir áhættuþættir í rekstri sjóðsins hafa á tryggingafræðilega stöðu. Þá er sérstaklega verið að meta hvort tryggingafræðileg staða sjóðsins verði undir -10% miðað við að mismunandi áhættuþættir raungerist. Þetta er gert þar sem í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga, sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Með sama hætti þarf að gera breytingar á samþykktum ef munurinn hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Niðurstöður álagsprófsins má sjá í skýringu 19 í ársreikningi.

Í lok þessa árs voru innleiddar nýjar dánar- og eftirlifendatöflur í tryggingafræðilegum útreikningi á skuldbindingum sjóðsins. Með innleiðingu nýrra dánar- og eftirlifendataflna er gert ráð fyrir auknum lífslíkum sjóðfélaga í framtíðinni sem er í samræmi við lýðfræðilegar breytingar síðustu áratugi.

Þessi breyting felur í sér að lífeyrisskuldbindingar sjóðsins aukast sem leiðir til lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er jákvæð um 3,5% eftir innleiðingu nýju taflnanna en hefði verið jákvæð um 13,3% ef eldri dánar- og eftirlifendatöflur, sem byggja á lífslíkum úr fortíðinni, hefðu verið notaðar. Til samanburðar var tryggingafræðilega staða 10,6% í lok árs 2020. Þá jók sjóðurinn við réttindi sjóðfélaga sinna um 10% sem færði tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við lok árs 2020 úr 10,6% í 4,2% þegar hækkunin kom til framkvæmda í nóvember 2021.

Lýðfræðilegar breytingar eru helstu áskoranir fyrir lífeyrissjóði almennt en komið er til móts við þær með innleiðingu á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum auk þess sem lækkandi vaxtastig mun að öðru óbreyttu þýða lægri fjármunatekjur af fjárfestingum í skuldabréfum.

Lífslíkur fólks aukast og örorkutíðni eykst sem leiðir til þess að lífeyrisbyrði lífeyrissjóða eykst. Stöðu lífeyrissjóðsins í þessu tilliti er nánar gerð skil í kafla um tryggingafræðilega stöðu.

Lausafjáraáhætta er einn þáttur lífeyrstryggingaráhættu. Lausafjáraáhætta er skipt í seljanleikaáhættu annars vegar og útstreymisáhættu hins vegar.

Seljanleikaáhætta lýtur að áhættunni á því að ekki sé unnt að selja tiltekna fjármálagerninga innan tiltekins tíma, eftir þörfum sjóðsins. 78,0% af eignum sameignardeildar eru í skráðum verðbréfum og innlánnum sem almennt teljast auðseljanlegar eignir. Það á við þessa eignaflokka eins og aðra að takmörkuð eftirspurn og erfiðleikar á fjármálamörkuðum geta haft áhrif á verðmyndun og seljanleika þeirra.

Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, skráð verðbréf og innlán

	2021	2020
Innlán og peningamarkaðssjóðir	1,1%	4,9%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	14,8%	16,7%
Erlend skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir	36,0%	34,9%
Innlend skráð hlutabréf	15,0%	12,8%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnanna og fyrirtækja	11,1%	11,0%
Samtals	78,0%	80,3%

Útstreymisáhætta vísar til hættunnar á því að ekki sé unnt að standa við greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eða uppgjörs samninga sem lífeyrissjóðurinn hefur undirgengist, t.d. vegna verðbréfavíðskipta. Lífeyrisbyrði sameignardeildar, þ.e. hlutfall greidds lífeyris af greiddum iðgjöldum, var 60,2% á árinu 2021. Hækkun á lífeyrisbyrði 2021 stafar að mestu af eingreiðslu lífeyris til lífeyrisþega vegna hækkunar á áunnum réttindum sem kom til framkvæmda í nóvember 2021.

Lífeyrisbyrði sameignardeildar

í milljónum króna

	2021	2020	2019	2018	2017
Iðgjöld	38.452	37.674	39.980	38.250	34.274
Lífeyrir	23.151	20.069	18.406	16.817	15.654
Lífeyrisbyrði	60,2%	53,3%	46,0%	44,0%	45,7%

4. Rekstraráhætta

Undir rekstraráhættu fellur m.a. hættan á fjárhagslegu tapi eða neikvæðum áhrifum á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri reglna, verkferla, upplýsingakerfa, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta í rekstrarumhverfi sjóðsins.

Skilvirkar leiðir til að takmarka rekstraráhættu eru skýrar innri reglur, starfslýsingar, verkferlar sem skilgreina verklag við helstu verkþætti og skýrt skipurit. Til þess að draga úr rekstraráhættu hefur sjóðurinn innleitt rafrænt skjalakerfi. Hluti af skjalakerfinu er gæðahandbók með öllum gæðaskjölum sjóðsins. Þetta eru stefnur, reglur, meginferlar, verklagsreglur, vinnulýsingar, sniðmát og önnur skjöl. Með notkun gæðahandbókar í rekstri sjóðsins er stuðlað að því að verklag sé samræmt í starfsemi og það gert aðgengilegt á miðlægum stað með það að markmið að draga úr rekstraráhættu.

Undir rekstraráhættu flokkast jafnframt pólitísk áhætta. Hún er skilgreind sem hættan á því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins eða skerði eignir hans, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla t.a.m. breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfsemi. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjörsreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum og heimildum til fjárfestinga.

Á undanförunum árum hefur verið mikil umræða um netógnir og eru þær alltaf að verða meiri ógn við rekstur fyrirtækja. Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur ávallt lagt sig fram um að gæta fyllsta öryggis hvað netöryggismál varðar. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í fjölda verkefna með það að markmiði að efla varnir gegn netógnum.

Í byrjun árs 2019 tóku í gildi lög nr. um 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Innleiðing á þeim kröfum sem settar eru á sjóðinn í lögunum hefur staðið yfir síðan að þau tóku gildi og gengið vel. Fjöldmörg verkefni hafa verið klárð sem miða að því að draga úr líkum á því að sjóðurinn sé nýttur í peningabætti eða aðra ólöglega starfsemi. Útfærsla á verkefnum tengdum lögunum mun halda áfram á næstu misserum og er ljóst að dregið hefur úr sviksemisáhættu hjá sjóðnum með þeim ráðstöfunum sem þegar hafa verið gerðar.

5. Áhætta tengd loftslagsbreytingum

Algengast er að skipta loftslagsáhættu í tvo meginflokka. Annars vegar raunlæga áhættu (e. physical risk) og hins vegar umbreytingaráhættu (e. transition risk).

Raunlæg áhætta er sú áhætta sem stafar af loftslagsbreytingum á innviði samfélaga, rekstur fyrirtækja og opinberra aðila vegna breytinga á framboði á vatni, uppsprettu vatns og gæðum vatns; breytinga á fæðuöryggi; breytinga á líffræðilegum fjölbreytileika; hitabreytinga sem hafa neikvæð áhrif á landareignir aðila, starfsemi þeirra, aðfangakeðjur og öryggi starfsfólks.

Umbreytingar yfir í hagkerfi sem eru minna háð kolefni munu líklega hafa í för með sér víðtækar stefnubreytingar, breytingar á lögum og reglum, breytingar á tækni, breytingar á neysluvenjum og breytingar á mörkuðum. Það fer eftir eðli, hraða og áherslum þessara umbreytinga hver áhrifin verða á fyrirtæki, stofnanir, samfélög og hagkerfi.

Um nokkurt skeið hefur sjóðurinn horft til atriða tengdum umhverfisþáttum við mat á fjárfestingarkostum. Nýlega hefur stjórn sjóðsins samþykkt stefnu um ábyrgar fjárfestingar þar sem skerpt er á áherslum í þessum málaflokki. Sjóðurinn mun í meira mæli en áður horfa til áhættaþátta tengdum umhverfisþáttum við mat á fjárfestingarkostum og til framtíðar er stefnt á að geta greint áhættu vegna loftslagsbreytinga í eignasöfnum sjóðsins að því marki sem aðgengileg gögn, tæki og tól leyfa.

Meðal annars til að bregðast við þessari áhættu hefur sjóðurinn mótað sér stefnu um útilokun úr eignasöfnum sjóðsins.



Hluthafastefna

Í stefnu þessari eru kynntar áherslur stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) varðandi viðmið um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Það er markmið stjórnar LV að stefnan styðji við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra.

Stefnan kemur í stað áður gildandi hluthafastefnu sjóðsins. Í henni eru kynnt þau viðmið sem LV leggur áherslu á við meðferð eignarhalds í hlutafélögum sem eru skráð á hlutabréfamarkaði og sjóðurinn fer með eignarhlut í. Stefna þessi gildir einnig eftir því sem við á fyrir óskráð félög sem LV hefur fjárfest í. Eðli málsins samkvæmt er stefnunni fyrst og fremst beint til félaga sem skráð eru á Íslandi. Þó gilda grundvallarviðmið hennar einnig fyrir félög sem sjóðurinn er hluthafi í og skráð eru erlendis.

Stefnan felur í sér stefnumarkandi atriði sem lögð er áhersla á en um leið er tekið fram að ekki er um ófrávikjanlegar reglur að ræða og fer mat á áherslum og eftirfylgni eftir atvikum hverju sinni.

Við framkvæmd stefnunnar og eftirfylgni varðandi einstök atriði er m.a. litið til fjárhæðar og hlutfalls eignarhlutar LV í viðkomandi félagi, stærðar viðkomandi félags og möguleika sjóðsins á að hafa áhrif á þau atriði sem um ræðir.

1. Um hlutverk LV og áherslu á stjórnarhætti félaga

- a) Eitt meginhlutverk LV er að ávaxta eignasafn sjóðsins til lengri tíma með ábyrgum hætti.
- b) LV leggur áherslu á að félög, sem sjóðurinn fjárfestir í, viðhafi vönduð vinnubrögð við rekstur og ástundi góða stjórnarhætti.
- c) Stjórnarhættir eru hér skilgreindir sem samband stjórnenda félags, stjórnar þess, hluthafa og annarra haghafa (e. stakeholders). Stjórnarhættir ákvarða með hvaða hætti félagi er stjórnað. LV telur að stjórnarhættir félags geti skipt sköpum, því félag sem viðhefur góða stjórnarhætti, er líklegra til að vera samkeppnishæfara og vegna vel til lengri tíma litið.
- d) LV hefur það hlutverk að taka á móti iðgjöldum frá sjóðfélögum, ávaxta eignir sjóðsins og greiða út lífeyri á grundvelli samþykka sjóðsins. Markmið sjóðsins er að ávaxta eignasafn hans með sem bestum hætti með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Sjóðurinn er langtímafjárfestir. Því er lögð áhersla á að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í sé stýrt með langtímahagsmunum þeirra í huga.
- e) Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur, stefnu og stjórnarhætti félaga, sem sjóðurinn er hluthafi í, á framfæri með beinum samskiptum við stjórn og/eða forstjóra viðkomandi félaga og/eða á hluthafafundum.
- f) Sjóðurinn tekur jafnframt afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum.

2. Vegvísar LV sem fjárfestis

Við fjárfestingar í félögum gengur LV út frá eftirfarandi:

- a) Félag sem skráð er á hlutabréfamarkaði hefur undirgengist þá skuldbindingu gagnvart hluthöfum að meginmarkmið þess sé að ávaxta fjármuni hluthafa.
- b) Við ávöxtun fjármuna félags ber stjórn og stjórnendum félags að líta til langtímahagsmuna félagsins.
- c) Atkvæðisréttur er einn grundvallarréttur sem fylgir eignarhlut í félagi. Áhersla er lögð á meginregluna einn hlutur eitt atkvæði.

- d) Áhersla er lögð á að stjórn og stjórnendur félags gæti þess að reka það í samræmi við lög og með eðlilegu tilliti til annarra haghafa. Með þessu er LV þó á engan hátt að taka afstöðu til eðlilegrar hagsmunagæslu félags, til að mynda hvað varðar samkeppni á markaði, samskipti við starfsmenn eða birgja.
- e) Áhersla er lögð á að stjórnendur gæti að reglum og viðmiðum sem gilda fyrir viðkomandi starfsemi varðandi umhverfismál.
- f) Lífeyrissjóðurinn er aðili að reglum Sameinuðu Þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. Principles for Responsible Investment – PRI), ásamt mörgum, af stærstu lífeyrissjóðum og fagfjárfestum vestan hafs og í Evrópu. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og samfélagsleg málefni auk góðra stjórnarháttanna fyrirtækja getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbréfasafna. Þannig fari saman hagsmunir fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi.
- g) LV telur mikilvægt að félög, einkum þau sem skráð eru á hlutabréfamarkaði, setji sér opinbera stefnu um
 - » að viðhafa góða stjórnarhætti.
 - » starfskjör.
 - » samfélagslega ábyrgð og umhverfismál.

Um einstök atriði varðandi stjórnarhætti félaga

3. Atkvæðisréttur

- a) LV nýtir atkvæðisrétt sinn á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn hefur fjárfest í á Íslandi.
- b) Framkvæmdastjóri LV ákveður hver skuli fara með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í og hefur heimild til að veita öðrum aðila umboð til að fara með atkvæðisrétt sjóðsins.
- c) Við beitingu atkvæðisréttar styður LV tillögum sem sjóðurinn telur til þess fallnar að auka verðmæti hlutafjár og samræmast hagsmunum lífeyrissjóðsins sem fjárfestis.
- d) Með vísan til vegvísna LV sem fjárfestis gengur sjóðurinn út frá því að stjórn félags leitist ávallt við að gæta sem best langtímahagsmuna félagsins. Því styður LV almennt tillögum stjórnar á hluthafafundum. LV lítur á það sem síðasta valkost að kjósa gegn tillögum stjórnar, að öðrum leiðum fullreyndum.
- e) LV mun að öðru jöfnu beita sér gegn tillögum sem sjóðurinn telur að hafi neikvæð áhrif á rétt hluthafa eða fjárhagslega hagsmuni þeirra. LV mun í slíkum tilvikum almennt leitast við að gera stjórn viðkomandi félags kunnugt um afstöðu sína áður en til atkvæðagreiðslu kemur á hluthafafundi.
- f) LV leggur áherslu á meginregluna um að jafn atkvæðisréttur fylgi hverjum hlut í félagi. Þar af leiðir mun LV að öðru jöfnu greiða atkvæði gegn tillögum sem leiða til annarrar niðurstöðu.
- g) LV telur að forkaupsréttur hluthafa að nýju hlutafé sé mikilvægur réttur hluthafa til að tryggja eignarhlut sinn í félagi. Við mat á mögulegri eftirgjöf forkaupsréttar er almennt litið til rekstrarhagsmuna félagsins og eigendahagsmuna LV.
- h) LV birtir samhliða ársskýrslu upplýsingar um ráðstöfun atkvæðisréttar síns, fyrir næstliðið almanaksár, á hluthafafundum skráðra félaga sem hann á hlut í og sóttir eru fyrir hönd sjóðsins. Yfirlit þetta skal vera aðgengilegt á vef sjóðsins.

4. Val og samsetning stjórnar í félögum

- a) LV lítur á stjórn félags sem heild og hlutverk allra stjórnarmanna sé að vinna sameiginlega að hagsmunum félagsins og gæta þess á sama tíma að hagsmunir einstakra hluthafa eða hluthafahópa séu ekki teknir fram fyrir hagsmuni annarra.
- b) Áhersla er lögð á að samsetning stjórnar sé með þeim hætti að reynsla, menntun og hæfni stjórnarinnar í heild hæfi sem best þörfum félagsins.
- c) Áhersla er lögð á að meirihluti stjórnarmanna sé óháður stjórnendum félagsins og að meirihluti þeirra sé óháður félaginu. Við mat á óhæði gagnvart félaginu er litið til viðmiða sem settar eru fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti¹.
- d) LV styður fyrirkomulag sem byggir á því að stjórnarmenn séu kosnir beinni kosningu á hluthafafundi.
- e) LV styður fyrirkomulag sem tryggir að stjórnarmenn séu kosnir árlega.
- f) LV telur æskilegt að kosning til stjórnar fari að jafnaði fram á grundvelli almennra reglna hlutafélagalaga, þ.e. með meirihlutakosningu, eða öðrum þeim hætti sem mælt er fyrir um í samþykktum viðkomandi félags. LV áskilur sér þó rétt til að krefjast margfeldiskosningar einn sér eða ásamt öðrum hluthöfum ef sjóðurinn telur að ekki sé tekið eðlilegt tillit til sjónarmiða hans varðandi fyrirhugað stjórnarkjör.
- g) LV leggur áherslu á að fjöldi stjórnarmanna sé hæfilegur með hliðsjón af eðli félags og umfangi rekstrar þess.
- h) Ef tilnefningarnefnd félags kemur að gerð tillagna um samsetningu stjórnar leggur LV áherslu á eftirfarandi atriði auk þeirra atriða sem koma fram í hluthafastefnu þessari, m.a.

3. og 4. gr.:

- i. að eignarhlutur og atkvæðavægi hluthafa endurspeglar með eðlilegum hætti í samsetningu stjórnar félags
 - ii. að skipan og starf tilnefningarnefndar takið mið af gildandi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja², meðal annars varðandi óhæði, verklag og að kosið skuli um tillöguna á hluthafafundi
- a) að einstaka hluthafar eða hópur hluthafa gæti þess að hafa hvorki með beinum eða óbeinum hætti áhrif á störf nefndarinnar umfram það sem leiðir með eðlilegum hætti af vægi eignarhlutar í viðkomandi félagi.

5. Stjórnarlaun og starfskjarastefna

- a) Við ákvörðun um endurgjald fyrir stjórnarsetu skal taka eðlilegt tillit til umfangs og eðlis rekstrar, ábyrgðar og vinnuframlags.
- b) Upplýsingar um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar skulu vera fjárfestum vel aðgengilegar.
- c) Starfskjarastefna er á ábyrgð stjórnar félags. Hún skal sett í samræmi við ákvæði laga og leiðbeiningar um stjórnarhætti. Eðlilegt er að stefnan nái til launa og annarra starfskjara forstjóra, framkvæmdastjóra, eftir atvikum annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna þess.
- d) Lögð er áhersla á að starfskjarastefna og forsendur hennar séu kynntar fyrir hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund þannig að hluthafar geti tekið upplýsta afstöðu til stefnunnar.

1. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins – Nú 5. útgáfa.

2. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins – Nú 5. útgáfa.

- e) Ef kjör byggja að einhverju leyti á breytilegum greiðslum skulu þær byggja á efnislegu mati stjórnar/ starfskjaranefndar og hafa skýran rekstrarlegan tilgang. LV leggur í þessu sambandi áherslu á að ef starfskjör eru árangurstengd í formi kaupauka (breytileg kjör, annað en föst laun), sé þess gætt að bein tengsl séu á milli langtímamarkmiða félagsins í þágu hluthafa annars vegar og þeirra stjórnenda sem njóta breytilegra kjara hins vegar. Réttur til árangurstengdra launa byggji á viðmiðum til lengri tíma og sé með þeim hætti að sem minnst hætta sé á að sértækir hagsmunir eða skammtímasjónarmið hafi áhrif á þau kjör.

6. Áherslur varðandi hlutverk stjórnar félags

- a. LV leggur áherslu á að stjórn starfi í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og setji sér starfsreglur sem hún yfirfer reglulega.
- b. LV telur mikilvægt að stjórn útlisti í reglum félags með hvaða hætti verkaskiptingu stjórnar og forstjóra er háttað og skilgreini valdheimildir hans, m.a. með hliðsjón af reglum félagaréttar.
- c. LV telur mikilvægt að stjórn hafi ætíð langtímahagsmuni félagsins að leiðarljósi í ákvarðanatöku sinni.
- d. LV telur mikilvægt að stjórn taki virkan þátt í stefnumótun félags og stuðli að virku innra eftirliti og áhættustjórnun.
- e. LV telur mikilvægt að stjórn meti eigin störf árlega með árangursmati ásamt því að meta störf forstjóra og undirnefnda stjórnar.
- f. LV væntir þess, ef við á, að undirnefndum stjórnar séu settar starfsreglur sem stjórn samþykkir og að stjórn sé haldið upplýstri um störf undirnefnda.
- g. LV væntir þess að stjórn sjái til þess að félagið birti fullnægjandi upplýsingar um stjórnarhætti sína.
- h. Með hliðsjón af hagsmunum hluthafa leggur LV áherslu á að stjórn tryggji sem best að félag sinni upplýsingagjöf til markaðarins í samræmi við lög og innlend og erlend viðmið (e. best praxis). Með því er stuðlað að því að fá betri kjör á fjármögnun félagsins sem styður við samkeppnisstöðu þess og rekstur og þar með langtímahagsmuni haghafa félagsins.

Samskipti LV við stjórnir, stjórnendur og aðra hluthafa

7. Samskipti við stjórn, stjórnendur og aðra hluthafa félags

- a. LV telur mikilvægt að sjálfstæði stjórnarmanna í störfum þeirra sé virt sem og þagnar- og trúnaðarskylda sem á þeim hvílir.
- b. Áhersla er lögð á að gæta að reglum um meðferð innherjaupplýsinga í samskiptum við stjórn og stjórnendur félags.
- c. LV leggur áherslu á að í samskiptum sé gætt þeirra sjónarmiða sem samkeppnislög og virk samkeppni byggja á.
- d. LV kynnir hluthafastefnu sína um stjórnarhætti, og eftir atvikum aðrar áherslur varðandi afstöðu LV sem eiganda, fyrir þeim félögum sem hann fjárfestir í.
- e. Ef tilefni er til á LV bein samskipti við stjórn og/eða forstjóra félags ef það er mat sjóðsins að stefna félagsins eða einstakar ákvarðanir séu í grundvallaratriðum í ósamræmi við hluthafastefnu lífeyrissjóðsins. Slík samskipti eru eftir atvikum bréflög eða á vettvangi formlegra funda.
- f. Ef LV telur að félag bregðist ekki við ábendingum eða athugasemdum sjóðsins með ásættanlegum hætti mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni á hluthafafundum eða eftir atvikum með öðrum hætti.

- g. LV beitir ekki áhrifum sínum beint gagnvart þeim stjórnarmanni sem sjóðurinn kann að styðja í krafti eignarhalds sjóðsins. Sjóðurinn áskilur sér þó rétt til að kynna viðkomandi stjórnarmanni, og eftir atvikum öðrum stjórnarmönnum, afstöðu sína til stjórnarháttanna og annarra atriða sem varða þróun og viðgang félagsins.
- h. LV kemur sem hluthafi ekki að einstökum rekstrarákvörðunum eða stefnumótandi ákvörðunum stjórnar félags nema eftir eðli máls á vettvangi hluthafafundar.
- i. Í félögum þar sem til staðar er öflugur kjölfestufjárfestir, eða hópur fjárfesta sem móta sameiginlega afstöðu til stefnumótunar og rekstrar félags, leggur LV áherslu á að til grundvallar stefnumarkandi ákvörðunum og rekstrarákvörðunum sé gætt eðlilegra hagsmuna allra hluthafa.

Stjórnarháttayfirlýsing 2021

Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) er sett með vísan til 51. gr. reglna Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Yfirlit, ýmis lög, reglugerðir og ýmsar innri reglur LV eru aðgengilegar á vef sjóðsins undir vefsvæði með upplýsingum um sjóðinn. Einnig er vísað til skýrslu stjórnar, ársreiknings og ársskýrslu sjóðsins og sjálfbæriskýrslu fyrir árið 2021.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

LV starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykktir sjóðsins.

Í samþykktum kemur fram að sjóðurinn starfar á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 12. desember 1995 og samnings ASÍ og SA frá 24. apríl 2018 samanber samning VR, Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda frá 23. apríl 2018, sbr. breytingar á samþykktum sem tóku gildi 1. september 2019.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum. Þar kemur m.a. fram að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á ellilífeyrisréttindi og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktu sjóðsins.

Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Stjórn leggur áherslu á að þróa hluthafastefnu sjóðsins með þeim hætti að hún styðji við góða stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn fer með eignahlut í.

Umboðsskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti að hagsmuna sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins.

Stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákvæðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.

Fjallað er með ítarlegri hætti um umboðsskyldu m.t.t. sjálfbærniþátta í sjálfbæriskýrslu sjóðsins sem er hluti af ársskýrslu hans.

Stjórnarhættir og stjórnarháttayfirlýsing LV

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur.

Stjórnarháttayfirlýsing LV fyrir árið 2021 byggir á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykktu sjóðsins, reglna FME þar um, m.a. reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem og 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Lög, reglur og leiðbeiningar sem sérstaklega varða stjórnarhætti LV

Eftirfarandi er yfirlit yfir löggjöf, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur LV. Listinn er til upplýsinga en er ekki tæmandi. Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur opinberra aðila sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME).

Lög frá Alþingi

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga
- Lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna
- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar
- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða

Reglur og leiðbeiningar FME

- Reglur FME nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða
- Reglur FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 um mat á hæfi lykilstarfsmanna
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 6/2014 um útvistun hjá hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Innri reglur LV (aðgengilegar á vef LV)

- Samþykktir lífeyrissjóðs verzlunarmanna
- Siða- og samskiptareglur LV, dags. 11. desember 2011
- Fjárfestingarstefna fyrir árið 2022
- Áhættustefna
- Hluthafastefna LV, dags. 8. desember 2017
- Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra, dags. 21. nóvember 2019
- Verklagsreglur LV um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðsins með fjármála-
gerninga, dags. 16. maí 2013
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna, dags. 25. september 2021
- Starfskjarastefna LV, dags. 23. mars 2021

- Reglur LV um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Samkeppnisréttaráætlun, dags. 26. janúar 2022
- Stefna um ábyrgar fjárfestingar, dags. 30. september 2021
- Stefna um útilokun í eignasöfnum LV, dags. 30. september 2021
- Reglur stjórnar um vernd uppljóstrara, dags. 30. september 2021 (ekki birtar á ytri vef)
- Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og til opinberra aðila sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997, dags. 21. maí 2015 (ekki birtar á ytri vef)
- Útvistarstefna dags. 25. janúar 2022

Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Grunngildi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna eru ábyrgð, umhyggja og árangur. Þau eru m.a. útlistuð í sjálfbærni-skýrslu sjóðsins fyrir árið 2021. Þar er einnig ítarleg umfjöllun um áherslur sjóðsins varðandi sjálfbærni í rekstri hans, eignasöfnum og uppbyggingu lífeyris.

Ábyrgar fjárfestingar, áhersla á sjálfbærni í eignasöfnum LV

Það leiðir af eðli skuldbindinga LV að hann er langtímafjárfestir. Viðmið um ábyrgar fjárfestingar eru hluti af fjárfestingastefnu sjóðsins og ber sjóðnum að líta til og stuðla að samfélagslegri ábyrgð í þeim félögum sem hann fjárfestir í.

LV gerir kröfu um að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra. Mikilvægt er að þau horfi til leiðbeininga um góða stjórnarhætti og viðmiða sem lúta að samfélagslegri ábyrgð og góðri umgengni um auðlindir.

LV er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna (e. Principles for Responsible Investment, UN PRI) um ábyrgar fjárfestingar, ásamt mörgum af stærstu lífeyrissjóðum og fagfjárfestum vestan hafs og í Evrópu. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og samfélagsleg málefni styður við stjórnarhætti fyrirtækja og geta þannig stuðlað að bættum fjárfestingarárangri eignasafna. Þannig fari saman hagsmunir fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi.

Á haustmánuðum 2021 samþykkti stjórn sjóðsins stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Í henni er gerð grein fyrir stefnu LV þegar kemur að aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga. Í stefnunni er m.a. vikið að markmiðum stefnunnar, þýðingu sjálfbærni við eignastýringu, samþættingu aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga við hefðbundna eignastýringu og framkvæmd eigendahlutverks, upplýsingagjöf um framkvæmd stefnunnar og innleiðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í eigi ábyrg samskipti við haghafa sína og fylgi áherslum LV varðandi góða stjórnarhætti.

Samhliða stefnu um ábyrgar fjárfestingar samþykkti stjórn sjóðsins stefnu um útilokun eigna í eignasöfnum LV. Stefnan nær til allra eignasafna sjóðsins og lýsir aðferðafræði LV við útilokun tiltekinn fyrirtækja. Við mörkun stefnunnar var m.a. litið til fyrirmynda frá leiðandi lífeyrissjóðum á Norðurlöndum.

Innleiðing stefnunnar tekur tíma og því verður enn um sinn að finna fyrirtæki á útilokunarlista í eignasöfnum LV. Ástæðan er að enn sem komið er hefur LV takmarkaða möguleika til að tjá skoðanir um útilokun þegar sjóðurinn fjárfestir í erlendum eignum, s.s. hlutabréfasjóðum.

Hvað varðar innri reglur sjóðsins eru m.a. í gildi siða- og samskiptareglur og verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga, sem finna má á vef sjóðsins.

Aðrar reglur og viðmið

Siða- og samskiptareglur Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett siða- og samskiptareglur fyrir starfsfólk og stjórnarmenn sjóðsins. Reglunum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunarárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunarárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.

Hluthafastefna Það er markmið stjórnar LV að hluthafastefnan styðji við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra. Í hluthafastefnunni eru kynntar áherslur stjórnar sjóðsins varðandi viðmið um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Hluthafastefnan innifelur þau viðmið sem LV leggur áherslu á við meðferð eignarhalds í hlutafélögum sem eru skráð á hlutabréfamarkaði og sjóðurinn fer með eignarhlut í. Stefnan gildir einnig, eftir því sem við á, fyrir óskráð félög sem LV hefur fjárfest í. Eðli málsins samkvæmt er stefnunni fyrst og fremst beint til félaga sem skráð eru á Íslandi. Þó gilda grundvallarviðmið hennar einnig fyrir félög sem sjóðurinn er hluthafi í og sem skráð eru erlendis.

Jafnlaunavottun Í janúar 2014 fékk LV jafnlaunavottun VR. Jafnlaunavottunin er árangur markvissrar jafnréttis- og jafnlaunastefnu í starfi sjóðsins. Unnið er að innleiðingu jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012 og er stefnt að því að fá jafnlaunavottun á fyrri hluta ársins 2022.

Mannauðsstefna LV hefur sett sér formlega stefnu um áherslur í fyrirtækjamenningu sjóðsins þar sem tilgreint er meðal annars mikilvægi liðsheildar, góðra stjórnarháttanna, velferðar starfsfólks og að sjóðurinn laði að sér og byggir upp framúrskarandi mannauð. Sjóðurinn hefur einnig lagt til grundvallar jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks við stjórnunarvenjur, starfsþjálfun og þróun, ráðningar, starfskjör og starfsumhverfi.

Í mannauðsstefnu kemur m.a. fram að lífeyrissjóðurinn leitist við að bjóða upp á starfsskilyrði sem laði að sér hæft starfsfólk og að sjóðurinn hafi á að skipa starfsfólki sem hefur þekkingu, reynslu og hæfni til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem sjóðnum er falið að sinna. Unnið er eftir gildum sjóðsins þar sem ábyrgð, árangur og umhyggja mynda grunnstoðir í heilbrigðu og öruggu starfsumhverfi sem sjóðurinn býr að.

Til stuðnings mannauðsstefnu er m.a. eftirfarandi: Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi á vinnustaðnum, jafnlaunastefna, jafnréttisáætlun og fræðslustefna.

Stjórnskipulag LV

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal sjá um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi sjóðsins og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn mótar innra eftirlit og skjalfestir eftirlitsferla. Stjórn semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innri endurskoðun. Stjórnin ræður enn fremur löggildan endurskoðanda til að annast ytri endurskoðun hjá sjóðnum og trygginga-stærðfræðing til að annast tryggingafræðilega athugun. Meðal annarra mála, sem stjórn fjallar um á fundum sínum, eru veigameiri fjárfestingarákvarðanir, tillögur að breytingum á samþykktum, fjárfestingar-, hluthafa- og áhættustefna, lánareglur, fjárhagsáætlun og kynningarmál. Stjórn hefur sett sér starfsreglur sem eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Framkvæmdastjóri Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúumboð og setur honum starfsreglur sem eru aðgengilegar á vef sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykta sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Fulltrúaráð Aðildarsamtök lífeyrissjóðsins starfrækja fulltrúaráð sjóðsins sem er skipað 50 fulltrúum. VR skipar 25 fulltrúa, Samtök atvinnulífsins skipa 23 fulltrúa og Félag atvinnurekenda skipar 2 fulltrúa. Skipan fulltrúaráðsins fer nánar eftir samningum aðildarsamtaka sjóðsins og þeim reglum sem samtökin setja sér þar um. Nánari reglur um fulltrúaráðið eru í samþykktum sjóðsins.

Ársfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðsins sé ekki annað ákveðið í lögum eða samþykktum sjóðsins. Ársfundur skal halda fyrir lok júní ár hvert og eiga allir sjóðfélagar og réttihafar í B-deild rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Á ársfundi skal kynna: i) skýrslu stjórnar, ii) ársreikning fyrir síðasta starfsár, iii) tryggingafræðilega athugun, iv) fjárfestingarstefnu sjóðsins og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, v) hluthafastefnu sjóðsins, vi) skipan stjórnar og vii) skipan fulltrúaráðs. Þá skal kynna og bera undir atkvæði: i) starfskjarastefnu sjóðsins, ii) val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna, iii) tillögu um stjórnarlausn, iv) tillögu stjórnar að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki og v) tillögu stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins. Fulltrúar í fulltrúaráði fara með atkvæði á ársfundi sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna til ákvarðana sem tilgreindar eru hér að framan. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins skriflega eigi síðar en viku fyrir ársfund. Fundargerðir ársfunda eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Nánar er fjallað um stjórnskipulag sjóðsins í samþykktum hans sem og lögum nr. 129/1997.

Endurskoðun Reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggildum endurskoðanda. Innri endurskoðun sjóðsins er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrtækja. Endurskoðunarnefnd LV gerir tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda sjóðsins (ytri endurskoðanda) og innri endurskoðanda.

Tryggingastærðfræðingur Tryggingafræðileg athugun er framkvæmd árlega í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998. Athuginin er framkvæmd af löggildum tryggingastærðfræðingi samkvæmt samningi við sjóðinn. Með athugininni er lagt mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntar framtíðarskuldbindingar annars vegar og núverandi eignir og vænt iðgjöld og ávöxtun hins vegar.

Endurskoðunarnefnd – Nefnd skipuð af stjórn Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn. Um markmið, skipan, heimildir, ábyrgð og verkefni endurskoðunarnefndar er fjallað í starfsreglum nefndarinnar sem settar eru af stjórn. Upplýsingar um nefndina eru á vef sjóðsins.

Nefndina skipa:

- Stefán Sveinbjörnsson, formaður nefndarinnar. Stefán er bæði lögfræði- og viðskiptafræðimenntaður og starfar sem framkvæmdastjóri VR.
- Anna G. Sverrisdóttir er rekstrarfræðingur og starfar sem framkvæmdastjóri og ráðgjafi hjá AGMOS ehf.
- Margret G. Flóvenz er löggiltur endurskoðandi og starfaði lengi hjá KPMG.

Starfskjarastefna

Starfskjarastefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum. Við mótnun stefnunnar er byggt á samþykktum lífeyrissjóðsins, þeim sjónarmiðum sem koma fram í 5. útgáfu leiðbeininga um góða stjórnarhætti fyrirtækja og þeim meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a, í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stefnunni er ætlað að styðja við traustan rekstur og það markmið lífeyrissjóðsins að veita sjóðfélögum góða þjónustu.

Starfskjarastefnu sjóðsins er því ætlað að styðja við að lífeyrissjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður og að hann hafi þannig á að skipa hæfu og reyndu starfsfólki sem er grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé vel samkeppnisfær og í samræmi við bestu viðmið.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnurnar grundvallast á stefnumótun sjóðsins og lögum og reglum sem um sjóðinn gilda. Megininntak stefnanna er að með áhættustýringu er átt við eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að bera kennsl á, greina, vakta, meta, og taka áhættu til meðferðar í starfsemi sjóðsins.

Lögð er áhersla á að stefnurnar og framkvæmd þeirra séu virkur þáttur í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum hans í stefnumótandi málum, við innleiðingu sem og í daglegum rekstri. Einnig er lögð áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að þeir hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Áhættustjóri sjóðsins hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnanna og áhættustýringu sjóðsins. Hann heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukid sjálfstæði í starfi og milliliðalausán aðgang stjórnar að upplýsingum er honum heimilt að gefa skýrslur um áhættustýringu, og aðrar upplýsingar sem varða áhættustýringu sjóðsins, beint og milliliðalaust til stjórnar sjóðsins og endurskoðunarnefndar.

Í stefnunum er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, umfjöllun um helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins, mat á þeim og tilgreint með hvaða hætti fylgst er með þeim.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í ársskýrslu og í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit

Innra eftirlit sjóðsins nær yfir sérhverja aðgerð af hálfu stjórnar, stjórnenda og starfsfólks til að stýra áhættu, þar sem því verður við komið, og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur sjóðsins. Stjórnendur annast skipulagningu og framkvæmd innra eftirlits en að framkvæmd þess kemur í raun allt starfsfólk sjóðsins með einum eða öðrum hætti.

Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða og er innra eftirlit sjóðsins yfirfarið árlega af þeim sem annast innri endurskoðun hjá sjóðnum.

Innra eftirlit sjóðsins byggir m.a. á skýrsluskilum, reglulegri upplýsingagjöf, skráðum verkferlum og starfslýsingum, reglum um aðgreiningu starfa, skipulegum aðgangsstýringum og skilvirkri áhættustefnu og áhættueftirliti.

Áhættustefna, áhættustýringarstefna og áhættustýring sjóðsins eru veigamikill þáttur í innra eftirliti. Helstu verkþættir í starfsemi sjóðsins byggja á skriflegum ferlum og starfslýsingum starfsmanna sem auka áreiðanleika og stuðla að fylgni við lög og reglur. Verkferlar og starfslýsingar eru yfirfarnar reglulega. Aðskilnaði starfa og aðgangsstýringum innan sjóðsins er ætlað að draga úr villu- og sviksemiáhættu.

Margbætt skýrsluskil, afstemmingar og upplýsingagjöf til opinberra aðila, stjórnar sjóðsins og einstakra stjórnenda veita aðhald í rekstri. Hvað upplýsingakerfi sjóðsins varðar er í gildi öryggisstefna sjóðsins sem nær til meðferðar og varðveislu gagna. Henni er ætlað að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem þýðingu hafa fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir og sjálfvirk vöktun miða að því að lágmarka áhrif rekstrarfrávika á upplýsingakerfi. Neyðaráætlun sjóðsins er ætlað að taka á alvarlegri rekstrarfrávikum með endurheimt upplýsingakerfa.

Þá hefur sjóðurinn sett sér reglur um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsmanna.

Skipan stjórnar og stjórnarmenn

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er skipuð átta mönnum tilnefndum af aðildarsamtökum sjóðsins. Samkvæmt samþykktum LV tilnefnir VR fjóra stjórnarmenn þannig að tveir stjórnarmenn séu tilnefndir annað hvert ár til fjögurra ára í senn. Samtök atvinnulífsins tilnefna þrjá stjórnarmenn, einn eða tvo stjórnarmenn árlega til tveggja ára og Félag atvinnurekenda tilnefnir einn stjórnarmann annað hvort ár til tveggja ára.

Stjórn sjóðsins skipa:

- Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar, Árni Stefánsson og Sigrún Helgadóttir og varamaður Bjarni Már Gylfason, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins.
- Stefán Sveinbjörnsson, varaformaður, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Johnsen og Helga Ingólfssdóttir og varamaður er Smári Freyr Jóhannsson, tilnefnd af VR.
- Guðný Rósa Þorvarðardóttir og varamaður Guðrún Ragna Garðarsdóttir, tilnefnd af Félagi atvinnurekenda.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðmundur Þ. Þórhallsson.

Sjálfsmat stjórnar Stjórn framkvæmir frammistöðumat á störfum sínum í samræmi við starfsreglur. Niðurstöður eru nýttar af stjórn til að þróa starfshætti og styðja við góða stjórnarhætti. Spurningar í frammistöðumatinu lúta að skipan og skipulagi stjórnar, hlutverki og ábyrgð sem og frammistöðu hennar og undirnefnda.

Fjöldi funda og mæting Á árinu 2021 voru haldnir 18 stjórnarfundir.

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn, fundarsókn og framkvæmdastjóra er að finna í rafrænni útgáfu af stjórnarháttaryfirlýsingunni sem er aðgengileg á vef sjóðsins.

Staðfest á fundi stjórnar 25. febrúar 2022.



Sjálfbærniskýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2021

Sjálfbærni


Sjálfbærni felst meðal annars í því að samfélagið geti þróast og mætt þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.

Sjálfbærnisrásla

Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2021

Sjálfbærnisrásla

Ávarp framkvæmdastjóra	69
Inngangur	69
Stefnumótandi áherslur	72
Viðskiptalíkan og skipurit	77
Haghafar	81
Samfélagsábyrgð	85
Lífeyrisafurðir	103
Umsýsla eignasafna og sjálfbærni	107
Lagakröfur og umboðsskylda	110
Viðauki	115



Sjálfbæriskýrsla LV er í senn stefnuyfirlýsing og vegvísir, út á við og inn á við í starfseminni. Jafnframt er hún vegvísir fyrir okkur starfsfólkið, stjórn og sjóðfélaga, til að líta í og máta eigin viðhorf, lífshætti og venjur við tiltekin gildi samfélagsábyrgðar. Skýrslan er sömuleiðis mikilvægt innlegg í samtal við haghafa sem styður við verðmætasköpun sjóðsins.

Þegar heimsfaraldur brast á árið 2020 kröfðust aðstæður þess að við tileinkuðum okkur samfélagsábyrgð á svipstundu, umfram það sem við höfðum áður gert. Öryggi, hreinlæti og ábyrgð gagnvart náunganum urðu kennihugtök í daglegri tilveru. Þetta var hvorki auðveldur né skemmtilegur tími en á ýmsan hátt góður skóli, eftir á að hyggja!

Samfélagsábyrgð og sjálfbær þróun eru umfangsmikil og innihaldsrík hugtök sem eru nú virk í starfsemi sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn er í farabroddi íslenskra lífeyrissjóða í þeirri vegferð að gera grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum í ársskýrslu sinni með ítarlegum hætti.

Við stiklum líka á stóru um starfsemi sjóðsins. Nefni sem dæmi fræðslu, hvatningu, flokkun úrgangs og endurvinnslu, ábyrga orkunotkun og mælanleg markmið. Megin áhersla skýrslunnar er þó á ábyrgar fjárfestingar og vegferð sjóðsins í að nýta þá aðferðarfræði við að styðja við góða langtímaávöxtun eignasafna.

Við höfum tileinkað okkur viðhorf samfélagsábyrgðar með markvissum hætti og viljum nýta þá reynslu og þekkingu til að hafa góð áhrif í starfsumhverfinu. Þannig styðjum við við sjálfbærni, sýnum fyrirhyggju og ábyrgð í starfi.

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri

Inngangur


Um inntak og áherslur sjálfbæriskýrslu

Sjálfbæriskýrsla LV veitir sjóðfélögum og öðrum haghöfum mikilvægar upplýsingar sem varða sjálfbærni í starfseminni.

Hugtakið sjálfbærni og viðmið við gerð skýrslunnar

Með sjálfbærni er hér vísað til jafnvægis þriggja grunnstoða sjálfbærni í rekstri; efnahagslegrar hagsældar, samfélagslegrar velsældar og ábygrar nýtingar náttúruauðlinda (e. Economic Prosperity, Social Well-being, Environmental Stewardship). Sjálfbærni felst meðal annars í því að samfélagið geti þróast og mætt þörfum samtímans án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

Grunnþættir sjálfbærni



Upplýsingagjöf um svonefndar „ófjárhagslegar“ upplýsingar, sem er í auknum mæli vísað til sem sjálfbærni-upplýsinga og hafa í raun verulega fjárhagslega þýðingu, tekur mið af greinum 66 og 66-d í lögum um ársreikninga¹. Einnig er byggt á greiningu umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttá (UFS þættir) m.t.t. leiðbeininga Nasdaq². Þá er stuðst við staðla GRI – Global Reporting Initiative³ og horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun⁴ og Parísarsáttmálans frá 2015⁵. Við uppbyggingu skýrslunnar er stuðst við leiðbeiningar um samþætta skýrslugerð⁶ (e. Integrated Reporting – IR) og horft til mikilvægisgreiningar sem var unnin fyrir gerð sjálfbærnisráðgjafar.

Áhersluatriði

LV birti í fyrsta sinn sjálfstæða sjálfbærnisráðgjafar á árinu 2021 og fylgdi þar eftir vegferð sem hófst með útgáfu samfélagsráðgjafar árið áður. Nú á árinu 2022 er athygli í meira mæli beint að haghafagreiningu, mikilvægisgreiningu, áframhaldandi þróun fjölþætts viðskiptalíkans (e. multi capital business model), umfjöllun um stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar, þróun mannauðsmála hjá lífeyrissjóðnum sem og aukna samþættingu sjálfbærnisráðgjafar og ársskýrslu sjóðsins.

Við gerð skýrslunnar er lögð áhersla á virka aðkomu stjórnar, stjórnenda og annarra starfsmanna sem og á samþættingu skýrslugjafar og stefnumótunar lífeyrissjóðsins. Hér er þó enn nokkuð verk óunnið og tækifæri til áframhaldandi þróunar. Til að fylgja því eftir er í skýrslunni gerð grein fyrir rekstrartengdum verkefnum sem voru sett á dagskrá í sjálfbærnisráðgjafar 2020 og tengjast heimsmarkmiðunum. Auk þess eru tilgreind ný verkefni fyrir komandi ár og áfram unnið að verkefnum sem ekki er að fullu lokið.

Meðal áskorana í starfsemi LV má nefna greiningu, mælingu og stýringu UFS þátta í eignasöfnum sjóðsins. Stefnt er að því að skilja betur umhverfis- og samfélagslegt fótspor útgefenda verðbréfa og annarra fjármálagerna sem lífeyrissjóðurinn fjárfestir í. Sú þekking nýtist bæði við fjárfestingarákvarðanir og umsýslu eignasafna LV. Undirbúningur er þegar hafinn en hér eru áskoranir og hindranir sem þarf að yfirstíga. Þær felast meðal annars í því að upplýsingamiðlun fyrirtækja um sjálfbærnimál er ekki alltaf nógu áreiðanleg og ekki nægjanlega samræmd. UFS þættir í eignasöfnum LV verða greindir áfram á árunum 2022 og 2023. Markmiðið er að bæta þekkingu á þessum mikilvægu atriðum og nýta hana við skilvirka stýringu eignasafna, áhættustýringu þeirra, aukna upplýsingamiðlun og markmiðssetningu.

Framangreind atriði, og sú stefnumótun og upplýsingagjöf sem er fjallað um í skýrslunni, eru liðir í vegferð LV í átt að sjálfbærari starfsemi.

Um mikilvæga vevísá

Umboð: Meginhlutverk LV samkvæmt lögum og samþykktum er að taka við iðgjöldum, ávaxta eignasöfn og greiða út lífeyri. Við mótun sjálfbærni í starfsemi LV er lögð áhersla á að framkvæmdin rúmist innan umboðs sjóðsins og uppfylli umboðsskyldu hans. Umfjöllun um þennan þátt er í Mikilvægisgreiningu.

Stefnumiðuð samfélagsábyrgð: Hér er horft til fimm mikilvægra þátta.

Í fyrsta lagi er lögð áhersla á samfélagsábyrgð í fyrirtækjamenningu sjóðsins og taktískri stefnumótun.

Sú áhersla er nátengd öðrum þætti, sem er að horfa nokkuð vítt til hagsmuna haghafa LV og samþætta hagsmuni þeirra eins og kostur er þó sjóðfélagar séu án efa mikilvægasti haghafahópurinn.

1 <https://www.althingi.is/lagas/151c/2006003.html>

2 https://www.nasdaq.com/docs/2021/02/17/ESG_Guide_Icelandic_translation.pdf

3 <https://www.globalreporting.org/>

4 <https://sdghub.com/>

5 <https://unfccc.int/process-and-meetings/the-paris-agreement/the-paris-agreement>,
https://unfccc.int/sites/default/files/english_paris_agreement.pdf

6 Integrated Reporting

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að flétta stefnumiðaða samfélagsábyrgð inn í daglegan rekstur sjóðsins og kjarnastarfsemi hans.

Í fjórða lagi er horft til þess að starfsemi og áhrif sjóðsins hafi sem minnst neikvæð áhrif á þau samfélög sem starfsemi hans varðar og helst fyrst og fremst jákvæð áhrif.

Hér vegur fjárfestingarstarfsemi sjóðsins þungt, samanber umfjöllun í kafla Umsýsla eignasafna og sjálfbærni.

Síðast en ekki síst er lögð áhersla á að horfa í minna mæli til skamms tíma í stefnumótun og rekstri og leggja þess í stað aukna áherslu á að horfa til meðallangs og langs tíma.

Með áherslu á þessa þætti stefnumiðaðrar samfélagsábyrgðar er stefnt að því að efla samkeppnishæfni sjóðsins, viðnámsþrótt hans gagnvart breytingum í rekstrarumhverfi (m.a. varðandi þróun umhverfismála og samfélags) og getu til að sinna hlutverki sínu.

Þróun ESB/EES réttar: Hér er einnig litið til örrar þróunar í löggjöf Evrópusambandsins varðandi ábyrgar fjárfestingar stofnanafjárfesta. Sú löggjöf er í öllum meginatriðum á gildissviði Samningsins um evrópska efnahagssvæðið og hefur því bein áhrif á þróun íslensks réttar og á rekstrarumhverfi íslenskra stofnanafjárfesta.

Alþjóðleg þróun: Hér skiptir máli þekking og áherslur á alþjóðavettvangi, til að mynda varðandi upplýsingamiðlun um sjálfbærni í rekstri fyrirtækja og þróun umhverfisþátta og félagslegra þátta. Hér er m.a. vísað til þróunar alþjóðlegra viðmiða um framsetningu sjálfbærniupplýsinga fyrirtækja á vettvangi Alþjóða reikningsskilaráðsins undir merkjum ISSB (International Sustainability Standards Board) í samhengi við þróun í Evrópurétti. Einnig er litið til umræðu og stefnumótunar í loftslagsmálum, til að mynda á vettvangi COP (Conference of the Parties) og IPCC (Intergovernmental Panel on Climate Change). Þá skiptir umræða um neikvæð áhrif rekstrar á líffræðilegan fjölbreytileika máli sem og umgengi um ýmsar takmarkaðar náttúruauðlindir.

Næstu skref: Nú hafa verið skilgreind verkefni til að auka sjálfbærni í starfsemi LV, samanber umfjöllun í sjálfbærni kafla skýrslunnar. Sjóðurinn er hvergi nærri endastöð á sjálfbærnivegferð sinni. Vegferðin er hafin og grunnur lagður að næstu skrefum í átt að sjálfbærari starfsemi sjóðsins.

Tómas N. Möller,
forstöðumaður lögfræðisviðs og
samþættingar sjálfbærni í starfsemi LV

Stefnumótandi áherslur

Í rekstri er mikilvægt að hafa vel skilgreint hlutverk, framtíðarsýn og áætlun um að fylgja henni eftir. Hér er gerð grein fyrir hlutverki LV og framtíðarsýn. Gerð er grein fyrir nokkrum lykiltölum og horft til nokkurra mikilvægra þátta í starfsemi lífeyrissjóðsins.

Hlutverk

Hlutverk LV er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi nánari reglur í samþykktum sjóðsins. Áhersla er lögð á að vinna vel í þágu sjóðfélaga og sinna kjarnastarfsemi sjóðsins af kostgæfni. Í því er fólgið að

- taka við iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda og framlagi í almenna og tilgreinda séreign.
- varðveita og ávaxta eignasöfn sjóðsins.
- greiða út lífeyri í samræmi við lög, reglur og samþykktir.
- mæta óskum sjóðfélaga um þróun vöru og þjónustubátta, svo sem varðandi ráðgjöf, mismunandi ávöxtunarleiðir fyrir séreign og sjóðfélagalán.

Gildi

Stefnumótun LV og framtíðarsýn byggir á og styðst við grunnildi sjóðsins:


Ábyrgð	Umhyggja	Árangur
Með ábyrgð er lögð áhersla á fagmennsku, áræði og samvirkusemi. Þetta birtist m.a. í vandaðri áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Til grundvallar þurfa að liggja vönduð vinnubrögð, hæft starfsfólk og skýr skilaboð frá stjórn um ábyrg vinnubrögð.	Með umhyggju er lögð áhersla á heilindi og ráðvendi sem birtist m.a. í frumkvæði í þjónustu og góðu viðmóti. Lögð er áhersla á að virkja og hvetja starfsfólk í starfi og að vera þátttakendur í stefnumótun og markmiðasetningu sjóðsins.	Með árangri er áhersla lögð á að keppa að settum markmiðum og skila góðu starfi við stjórnun og í öðrum störfum fyrir sjóðinn. Þessi markmið birtast m.a. í áherslum á skilvirkni, arðsemi, stöðugleika í rekstri, starfsánægju, opna stjórnarhætti og vilja til að veita sjóðfélögum á öllum aldri góða þjónustu. Eftirfylgni felst í raunhæfri markmiðasetningu og hvatningu til starfsmanna.

Framtíðarsýn


Stjórn LV hefur markað sjóðnum framtíðarsýn til ársins 2030, sem er afrakstur stefnumótunar í viðtæku samstarfi stjórnar, stjórnenda og annars starfsfólks sjóðsins.

LV er eftirsóknarverður og leiðandi lífeyrissjóður sem byggir upp trausta fjárhagslega framtíð sjóðfélaga við starfslok og tryggingar vegna örorku og við fráfall sjóðfélaga. Lífeyrissjóðurinn veitir traustar og áreiðanlegar upplýsingar sem miðast við þarfir sjóðfélaga á hverjum tíma. Áhersla er lögð á að ávaxta fjármuni sjóðfélaga með gagnsæjum og ábyrgum hætti, með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Sjóðurinn er fyrirmyndar vinnustaður skipaður öflugri liðsheild sem býr yfir góðri þekkingu, reynslu og hæfni.

Starfsemi LV byggir á sex meginstoðum með lykilhlutverk í starfsemi:



Til að sinna sem best hlutverki lífeyrissjóðsins, styðja við farsælan rekstur og framvindu stefnu sjóðsins, fylgir hann fimm mikilvægum leiðarljósum:



Leiðarljósin eru þessu stefnu LV, umbreytt í verkefni og áherslur sem unnið er að með markvissum hætti í daglegum störfum sjóðsins. Afrakstur stefnumótunarinnar hefur þegar birst í ýmsum verkefnum og það er eindreginn ásetningur stjórnar, framkvæmdastjóra og alls starfsfólks að áfram verði unnið að innleiðingu hennar af krafti.

Sjálfbærnisráðgjafi LV gegnir veigamiklu hlutverki í að upplýsa og fræða sjóðfélaga og aðra haghafa LV um þá vegferð.

Petta er Lífeyrissjóður verzlunarmanna


Lykilupplýsingar um starfsemi sjóðsins 2021

Stofnaður 1956



Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun

- Áhersla á sjálfbærni í rekstri



51 starfsmaður

- Öflug liðsheild og reynsla
- Stjórnendur: 8 karlar, 6 konur



8 stjórnarmenn

- Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins og VR skipa stjórn



Lífeyrisiðgjöld 38,5 milljarðar

- Í sameign 36,1 milljarðar
- Í séreign 2,4 milljarðar

Samskipti og þjónusta



Símtöl:
21.344



Heimsóknir til
sjóðsins: 3.998



Heimsóknir á
sjóðfélagavef: 97.458



Innlit á vef LV:
157.803

21,9 milljarðar í lífeyri til 21.602 sjóðfélaga



Eftirlaun 16,6 milljarðar

- til 14.670 sjóðfélaga

Örorkulífeyrir 4,1 milljarðar

- til 4.603 sjóðfélaga


Maka- & barnalífeyrir 1,2 milljarðar

- til 2.257 sjóðfélaga


Séreign 0,4 milljarðar

- til 72 sjóðfélaga






Fjöldi sjóðfélaga **178.661**



Um **4.600** eignir í **101** landi

Sameignardeild 2021 raunávöxtun:




10 ár: **7,6%**


5 ár: **8,8%** 2021 : **11,5%**

- 3 ávöxtunarleiðir í boði fyrir séreignarsparnað

Dreifing eigna sameignardeildar



Eignasamsetning sameignardeildar



- Eignasamsetning er ráðandi þáttur í langtímaávöxtun

Eignasöfn



Samtals **1.201** milljarðar

Sameign: **1.175** milljarðar

Séreign: **26** milljarðar

Tekjur af eignasöfnum **174** milljarðar á árinu



Grundvöllur starfsemi: LV starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykktum sjóðsins. Í samþykktum kemur fram að sjóðurinn starfar á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) frá 12. desember 1995 og samnings ASÍ og SA frá 24. apríl 2018 samanber samning VR, SA og Félags atvinnu- rekenda frá 23. apríl 2018, samanber breytingar á samþykktum sem tóku gildi 1. september 2019.

Aðild að LV: Sjóðfélagar eru þeir launþegar sem eru félagar í VR og kjarasamningar félagsins og vinnuveitenda taka til, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í kjarasamningi. Félagsmönnum annarra félaga verslunarmanna er heimil aðild að sjóðnum. Enn fremur er þeim launþegum rétt og skylt að eiga aðild að sjóðnum, sem byggja starfskjör sín á kjarasamningi VR þar sem hann ákvarðar lágmarksstarfskjör í starfsgreininni eða ef ráðningarbundin starfskjör launþegans byggjast á þeim samningi og launþeginn á ekki skylduaðild að öðrum lífeyrissjóði. Sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ekki byggja ráðningarbundin starfskjör sín á kjarasamningi er heimil aðild að sjóðnum.

Grunnþættir í viðskiptalíkani: Viðskiptalíkan sjóðsins byggir á því meginhlutverki hans, samkvæmt framangreindum lögum og samþykktum sjóðsins, að

- taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga sem mynda grundvöll réttinda.
- ávaxta eignir sjóðsins í sameignar- og séreignardeildum.
- greiða út ævilangan lífeyri vegna elli, áfallalífeyri í formi örorkulífeyris til sjóðfélaga og barna þeirra, sem og maka- og barnalífeyri vegna fráfalls sjóðfélaga.
- greiða út séreignarlífeyri vegna aldurs, örorku eða fráfalls.

Þá veitir LV sjóðfélögum sínum einnig sjóðfélagalán í formi fasteignaveðlána í samræmi við lánareglur á hverjum tíma.

Samfélagsleg áhrif og fjölþættir framleiðsluþættir LV: Meginhlutverk LV er að greiða sjóðfélögum lífeyri á grundvelli iðgjalda sem þeir greiða til sjóðsins. Í því skyni rekur sjóðurinn þrjár deildir fyrir réttindi: sameignardeild, séreignardeild fyrir almenna séreign og séreignardeild fyrir tilgreinda séreign.

LV greiddi á árinu um 22 þúsund sjóðfélögum lífeyri og fer þeim fjölgandi. Lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum eru í mörgum tilvikum veigamikill grundvöllur framfærslu sjóðfélaga eftir starfslok og mikilvæg afkomuvernd fyrir eftirlifandi maka og börn þegar sjóðfélagi fellur frá. Sjóðurinn stýrir einnig fjórum eignasöfnum fyrir sameign og séreign. Eignasöfnin voru ríflega 1.200 milljarða króna virði í lok árs 2021. Af því leiðir að rekstur sjóðsins hefur áhrif á fjölda hagaðila og marga þætti samfélagsins.

Til að lýsa samverkandi þáttum í starfsemi skipulagsheilda hafa verið skilgreindar lykilaðlindir eða fjölþættir framleiðsluþættir (e. multi capitals) í rekstri LV sem stuðla að verðmætasköpun.

Árið 2020 voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun greind með tilliti til starfsemi sjóðsins og hafa áherslumarkmið LV nú verið tengd við heimsmarkmiðin. Þá var í upphafi árs 2022 gerð könnun meðal sjóðfélaga, starfsfólks og stjórnarmanna á viðhorfi til sjálfbærni í starfsemi LV í tengslum við starfsemi sjóðsins.

Niðurstöður greiningar eru nýttar til að tengja saman áherslur í rekstri LV og inntak heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Sett eru stefnumótandi markmið með tilliti til heimsmarkmiðanna þar sem litið er til allra þátta sjálfbærni; efnahagslegrar hagsældar, samfélagslegrar velsældar og ábyrgar nýtingar náttúruauðlinda.

Markmiðið er að tengja reksturinn og áhersluatriði í heimsmarkmiðunum saman með mælanlegum hætti á árunum 2022 og 2023.

Viðskiptalíkan LV byggir á fyrirmyndum í leiðbeiningum „Integrated Reporting Framework“.

Viðskiptalíkan

Auðlindir LV (framleiðslubættir) sem starfsemi byggir á og virðisaukinn sem hún skapar. Ferlið er hringrás framleiðslubátta, starfsemi og virðisauka.

Auðlindir



Fjármagn

Sjóðfélagar greiða iðgjöld til sjóðsins og í séreignarsparnað. Þetta fjármagn er notað í fjárfestingar til ávöxtunar sem stendur undir lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga.



Mannauður

Hjá sjóðnum starfar sérhæft starfsfólk með þekkingu og reynslu til að sinna daglegum verkefnum. Í því felst þjónusta við sjóðfélaga, fjárfestingarstarfsemi, rekstur upplýsingakerfa og önnur margþætt starfsemi.



Samfélag

Sjóðurinn starfar í þágu sjóðfélaga sinna, um 179 þúsund sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðnum. Með það að markmiði að starfa í sátt við samfélagið viðhefur sjóðurinn öguð og vönduð vinnubrögð, veitir sjóðfélögum áreiðanlegar upplýsingar og starfar samkvæmt þeim lögum og reglum sem um hann gilda.



Náttúra og umhverfi

Megináhrif á náttúru og umhverfi eru fólgin í fjárfestingarstarfsemi. Hún byggir m.a. á fjárfestingum sem hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á náttúruna og umhverfi. Sú ávöxtun sem verður til við fjárfestingar er grunnur undir lífeyri til sjóðfélaga.



Óefnislegar eignir


Á grundvelli starfsleyfis LV og áratuga starfsemi hefur byggst upp þekking og fyrirtækjamenning sem styður við þróun þjónustu- og starfshátta, öguð vinnubrögð og frumkvæðishugsun. Óefnislegar eignir felast m.a. í jákvæðri ímynd, upplýsingakerfum sjóðsins, þekkingu á starfsemi hans og viðskiptasamböndum.



Efnislegar eignir

Núverandi eignasöfn, skrifstofuhúsnæði, skrifstofubúnaður og upplýsingakerfi.

Starfsemi LV



Eftirlit

FME, innri og ytri endurskoðun, trygginga-stærðfræðingur, endurskoðunarnefnd, áhættustýring, starfsfólk, stjórn LV.

Regluverk

Lög, reglugerðir, reglur FME, kjarasamningar, samþykktir LV, aðrar reglur.

Virðisauki



Fjármagn

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga til framfærslu. Árleg raunávöxtun sameignardeildar; 10 ára: 7,6% og 5 ára: 8,8%. Áhrif á hagvöxt og velsæld í formi fjármögnunar og fjárfestingar, einkum í innlendu hagkerfi. Heildareignir: 1.201 milljarðar í árslok 2021.



Mannauður

Þekking, reynsla og fagmennska. Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Vinnuumhverfi sem styður við heilsu og vellíðan í starfi. Starfsánægja 4,5 af 5 skv. viðhorfskönnun (Fyrirtæki ársins).




Samfélag

Aukið vægi greiðslna lífeyris í samfélaginu. Um 21,9 milljarðar í lífeyri til um 22 þúsund sjóðfélaga í sameignardeild. Um 0,4 milljarður greiddur til eigenda séreignarsparnaðar. Traust tryggingafræðileg staða 3,5% í árslok 2021. Áhrif á hagvöxt og velsæld með langtímafjárfestingum í innlendu hagkerfi Jákvæð áhrif á stjórnarhætti fyrirtækja.



Náttúra og umhverfi

Sjóðurinn getur haft jákvæð áhrif á umhverfislega og félagslega þætti. Mæling á umhverfisþáttum sem varða rekstur sjóðsins. Aukin áhersla á greiningu umhverfisþátta og félagslegra þátta við mat á fjárfestingarkostum og eignasafni. Uppbyggilegt aðhald gagnvart innlendum félögum sem sjóðurinn er hluthafi í.



Óefnislegar eignir

Þekking, þjónustugæði, öryggi í þjónustu, traust, skilvirk upplýsingakerfi, viðskiptasambönd.



Efnislegar eignir

Eignasöfn og upplýsingakerfi sem styðja við rekstur sjóðsins.

Áherslur

Stuðningur við heimsmarkmiðin

Efla lífsgæði og grunnþarfir

- » Efla jafna stöðu kynja og jöfn tækifæri
- » Styðja við heilsu og öryggi starfsfólks
- » Efla þekkingu og færni starfsfólks
- » Leggja áherslu á aðgengi upplýsinga sjóðfélaga
- » Innleiða stefnu og aðferðafræði fyrir greiningu á UFS þáttum í fjárfestingaferli og umsýslu eignasafna

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



10 AUKINN JÖFNUBUR



Góð atvinna og nýsköpun

- » Fylgjast með þróun sem leiðir af breyttri samfélagsgerð
- » Efla nýsköpun í vöruúrvali / þjónustuleiðum sjóðfélaga
- » Auka áherslur á eignir sem styðja við nýsköpun, aukna sjálfbærni og ábyrgari virðisæðju

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og loftlagsmál

- » Styðja við sjálfbærni við kaup á aðföngum
- » Áhersla á að draga úr gróðurhúsalofttegundum tengdum rekstri
- » Auka áherslu eignasafna á sjálfbæra nýtingu auðlinda, vistkerfa og stöðguleika í loftlagsmálum

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLÆBLSLA



13 AÐGERDIR Í LOFTLAGSMÁLUM




Samvinna

- » Efla samstarf við haghafa um sjálfbæra þróun
- » Efla samstarf um ábyrgar fjárfestingar og samþættingu UFS greininga í fjárfestingaferli

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



Skipurit sjóðsins styður við skilvirkan og öruggan rekstur og þannig við virðissköpun lífeyrissjóðsins




Um hugtakið haghafa

Haghafar hafa verið skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi og geta haft áhrif á starfsemi skipulagsheilda⁷. Greinarmunur er gerður á lykilhaghöfum annars vegar og öðrum haghöfum hins vegar. Undir hvorum flokki er svo haghöfum skipti í innri og ytri haghafa.

- **Lykilhaghafar (e. primary stakeholder) og aðrir haghafar:** Einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir beinum áhrifum af aðgerðum og starfsemi skipulagsheilda. Þeim til viðbótar eru tilgreindir aðrir haghafar.
- **Innri og ytri haghafar:** Haghöfum er skipt í innri haghafa eða þá sem hafa bein tengsl við skipulagsheildir og ytri haghafa sem tengjast ekki beint starfseminni en geta orðið fyrir áhrifum af starfseminni eða geta haft áhrif á starfsemina.

Þarfir, kröfur og áhrifavald haghafa geta haft áhrif á starfsemi LV og mótun ýmissa stefna og reglna. Þar má nefna samþykktir, fjárfestingarstefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, áhættustefnu, siða- og samskipta-reglur, stefnu varðandi upplýsingamiðlun, starfsmannastefnu og starfskjarastefnu.



⁷ Hér er m.a. stuðst við framsetningu í ritinu; Strategic corporate social responsibility, Sustainable value creation, 5. útgáfa, 2020, höf. David Chandler (bls. 56 og áfram).

Um lykilhaghafa og aðra haghafa (innri og ytri)

Það er gagnlegt fyrir starfsemi LV að hafa gott yfirlit yfir haghafa sjóðsins. Það auðveldar sjóðnum að vinna að og gæta þeirra hagsmuna sem honum er falið að sinna. Einnig gerir það sjóðinn betur í stakk búinn til að fylgjast með sjónarmiðum og áhrifum haghafa sem eru í aðstöðu til að hafa bein eða óbein áhrif á starf sjóðsins og þá hagsmuni sem hann gætir.

Yfirlitsmynd – Haghafar

LV greinir haghafa lífeyrissjóðsins með eftirfarandi hætti:

Lykilhaghafar, innri og ytri

Innri lykilhaghafar: Sjóðfélagar, makar og börn sjóðfélaga þar sem þau eiga réttindi á grundvelli réttar sjóðfélaga og svo réttthafar séreignar. Þetta er sá hópur sem tengist starfseminni beint og verður fyrir beinum áhrifum af starfsemi sjóðsins.

Ytri lykilhaghafar: Iðgjaldagreiðendur (launagreiðendur) og aðildarsamtök sjóðsins: VR, Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda.

Líkt og aðrir lífeyrissjóðir stendur LV frammi fyrir því að laga réttindakerfi sjóðsins að hækkandi meðalaldri sjóðfélaga. Sú þróun leiðir til þess að lífeyrir er greiddur í fleiri ár en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Það þarf því annað hvort að hækka lífeyristökualdur og/eða lækka mánaðarlegar greiðslur. Fyrir ársfund sjóðsins í mars 2022 liggja tillögur stjórnar til samþykktabreytinga til að bregðast við áhrifum hækkandi lífaldurs sjóðfélaga.

Góð tryggingafræðileg staða sameignardeildar leiðir til þess að ekki þarf að koma til lækkunar lífeyrisgreiðsla lífeyrisþega. Þvert á móti þá er svigrúm til að hækka áunnin mánaðarleg réttindi allra sjóðfélaga vegna réttindabreytinga sem koma til á tímabilinu október 2021 til ársloka 2022. Réttindi yngstu sjóðfélaganna hækka um 6,7% en fara svo hækkandi eftir aldri og hækka mest hjá þeim sem hafa öðlast rétt til töku lífeyris. Þannig hækka réttindi til mánaðarlegs lífeyris hjá þeim sem hafa náð 65 ára aldri um 18%. Ítarlega er gerð grein fyrir þessum breytingum í ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 2021 og gögnum með samþykktabreytingum sem eru til kynningar og afgreiðslu á ársfundi sjóðsins 29. mars 2022.

Þróun lífeyrisafurða og þjónustu með hliðsjón af sjálfbærni

Áhersla er á að upplýsingar um lífeyrisréttindi séu aðgengilegar og settar fram á skiljanlegan hátt. Lögð verður áhersla á áframhaldandi þróun á sjóðfélagavefnum með það markmið að allar viðeigandi upplýsingar séu aðgengilegar ásamt því að sjóðfélagvefurinn verði aðgengilegur á ensku. Það er mikilvægt að sjóðfélagar þekki sín réttindi og búi sig undir starfslokun. LV mun því halda áfram að upplýsa sjóðfélaga um allar hliðar starfsloka og lífeyrisréttinda.

Í sjálfbærnisráðgjöf LV fyrir árið 2020 voru kynnt nokkur áherslumarkmið og aðgerðir varðandi þróun lífeyrisafurða og þjónustu LV á árinu 2021 með skírskotun til heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Verkefni taka einnig mið af stefnumótun LV til 2030 og áherslum varðandi stefnumiðaða sjálfbærni.

- Í kafla um samfélagsábyrgð framar í skýrslunni er gerð grein fyrir framvindu verkefna áherslumarkmiðanna á árinu 2021. Almennt gekk vel að vinna að settu markmiði þó einhverjum verkefnum sé ólokið. Að þeim er unnið áfram á þessu ári.
- Í kafla um samfélagsábyrgð er svo sett uppfærð áherslumarkmið og aðgerðir/verkefni skilgreind til að vinna að framkvæmd þeirra.

Upplýsingar um lífeyri og iðgjöld í ársskýrslu

Ýmsar gagnlegar upplýsingar um lífeyri, iðgjöld og tryggingafræðilega stöðu er að finna í ársskýrslu sjóðsins og ársreikningi. Meðal þess má nefna:

- Kafli um lífeyri þar sem er m.a. að finna upplýsingar um þróun iðgjalda til sjóðsins, útgreiddan lífeyri, tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar sem og upplýsingar um almenna og tilgreinda séreign.
- Í skýringu nr. 16 við ársreikning sjóðsins er að finna sundurliðaða úttekt á tryggingafræðilegri stöðu sameignardeildar.
- Í kaflanum um lífeyrir er einnig að finna umfjöllun um breytingar á samþykktum og réttindum sjóðsins.



Um sjálfbærni í eignasöfnum

LV er langtímafjárfestir sem hefur að höfuðmarkmiði að hámarka ávöxtun að teknu tilliti til áhættu sem hámarkar réttindi sjóðfélaganna. Lífeyrissjóðurinn telur það ábyrgja langtímafjárfestingu að fjárfesta í fjármálagerningum sem gefnir eru út af fyrirtækjum, opinberum aðilum og öðrum útgefendum sem byggja starfsemi sína á sjálfbærum grundvelli. LV leggur áherslu á að eignasöfn sjóðsins samanstandi af fjármálagerningum útgefenda sem viðhafa góða stjórnarhætti og byggja á viðskiptalíkönnum þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra verðmætasköpun

Með sjálfbærni í rekstri fyrirtækja er hér vísað til þriggja grunnstoða sjálfbærni, þ.e. jafnvægis milli efnahagslegrar hagsældar, samfélagslegrar velsældar og ábyrgrar nýtingar náttúruauðlinda samfélags. Sjálfbærni felst m.a. í því að samfélagið geti þróast og uppfyllt þarfir samtímans án þess að rýra möguleika komandi kynslóða til að uppfylla sínar þarfir

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

LV setti sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar á sl. ári þar sem fram kemur að fjárfestingarkostir og stýring eignasafna LV byggja á sjálfbærnisjónarmiðum byggðum á greiningu umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna, skammstafað UFS, í samræmi við viðurkennd viðmið. Stefnan festir í sessi þær kröfur sem sjóðurinn gerir þegar kemur að aðferðarfræði ábyrgar fjárfestinga. Í því felst að sjóðurinn

- i) setur sér stefnu um málefnið
- ii) mælir árangur
- iii) upplýsir um framvindu og árangur

Meginmarkmið stefnunnar er að auka áherslu á sjálfbærar fjárfestingar og samþætta aðferðarfræði ábyrgar fjárfestinga við hefðbundna greiningu fjárfestingakosta og aðferðarfræði við samval verðbréfa.

Í því felst m.a. að

- leggja áherslu á fjárfestingakosti sem styðja við ábyrgja langtímaávöxtun að teknu tilliti til áhættu
- hafa uppbyggileg og virðisaukandi áhrif á útgefendur fjármálagerninga sem fjárfest er í
- greina og sneiða hjá atvinnugreinum og fyrirtækjum sem LV forðast að sækja ávöxtun til vegna eðlis atvinnugreinar eða rekstrar viðkomandi fyrirtækis
- styðja við virka og árangursríka áhættustýringu

Stefnan nær til allra eignasafna LV og tekur bæði til fjárfestingarferils og eigendahlutverks LV.

Aðferðarfræði ábyrgar fjárfestinga er byggð á skilgreiningu „Principles for Responsible Investment (PRI)“, þ.e. stýring eignasafna með tilliti til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna, bæði hvað varðar

- fjárfestingarákvarðanir og uppbyggingu eignasafna
- eigendahlutverks, m.a. þar sem LV er hluthafi eða skuldabréfaeigandi

Aðferðarfræði, sem LV lítur til við framkvæmd ábyrgar fjárfestinga, má sjá í töflunni hér að neðan. Val aðferða fer eftir eðli fjárfestingar, m.a. eignaflokk, landsvæði og hvort um beint eignarhald sé að ræða eða fjárfestingu í gegnum þriðja aðila.

Eftirfarandi aðferðir eiga einkum við um beinar fjárfestingar LV en eru einnig hafðar til hliðsjónar við fjárfestingu í sjóðum og þar sem gerðir eru eignastýringarsamningar við þriðja aðila.

1. Stýring eignasafna út frá UFS (e. ESG incorporation – portfolio construction)			2. Framkvæmd hluthafastefnu út frá UFS (e. active ownership or stewardship)	
UFS greining er hluti af fjárfestingarferli LV og lítið er m.a. til þriggja aðferða:			LV sinnir umboðsskyldu sinni gagnvart útgefendum fjármálagerninga í eignsafni sjóðsins til að stuðla að sjálfbærni í rekstri þeirra.	
Samþætting (e. ESG intergration)	Skimun (jákvæð/ neikvæð) (e. Positive/negative screening)	Þema- og áhrifa- fjárfestingar (e. thematic & impact investing)	Virkt eignarhald (e. active ownership)	Upplýsingagjöf og gagnsæi (e. reporting and transparency)
Skipuleg beiting UFS greiningar í fjárfestingarferli og stýringu eignasafna til viðbótar við hefðbundna fjármálagreiningu.	Formleg skimun fjárfestingarkosta m.t.t. tiltekinna UFS viðmiða. Skimun getur verið jákvæð, þ.e. fjárfest í útgefenda byggt á viðmiðum, eða neikvæð, þ.e. útgefandi er útilokaður eða seldur.	Val á fjárfestingakostum sem stuðla að ákveðnum jákvæðum markmiðum innan umhverfis- eða félagslegra viðmiða auk ess að skila fjárhagslegum ábata.	Samtal við útgefendur fjármálagerninga og eftirfylgni áherslna LV varðandi efnislega þýðingamikla UFS þætti. Þannig stuðlar sjóðurinn að því að UFS málefni séu tekin á dagskrá og upplýst til fjárfesta. Ýmist beitir LV sér einn eða í samvinnu við aðra fjárfesta.	Opin upplýsingagjöf um ráðstöfun atkvæða á hluthafafundum þar sem greidd eru atkvæði um UFS tengd málefni.

Stefna um útilokanir í eignasöfnum

Samhliða stefnu um ábyrgar fjárfestingar gaf LV út stefnu um útilokun fjárfestingakosta í eignasöfnum sjóðsins með tilliti til ábyrgar fjárfestinga. Stefnan nær til allra eignasafna sjóðsins. Hún lýsir aðferðarfræði LV við útilokun tiltekinna fyrirtækja og er meðal annars lítið til fyrirmynda frá leiðandi lífeyrissjóðum á Norðurlöndum. Markmiðið er að útiloka að hluta eða að fullu fjárfestingar í tiltekinni starfsemi sem samræmist ekki skilgreindum viðmiðum.

LV útilokar þannig verðbréf úr eignasafni sínu séu þau gefin út af fyrirtæki eða opinberum aðila sem hefur tekjur af tiltekinni starfsemi eða gerist brotlegur við ákvæði tiltekinna alþjóðasáttmála.

Meðal starfspátta sem útilokaðir eru úr eignasöfnum LV eru

- framleiðendur tóbaks.
- framleiðendur umdeilda vopna.
- tilteknir flokkar jarðefnaeldsneytis.
- útgefendur sem fylgja ekki meginreglum UN Global Compact, sem byggir á tilteknum alþjóðasamningum.

Sjóðurinn hefur nú þegar sett alls 138 fyrirtæki á útilokunarlista. Þegar hafa verið seldar eignir að virði rúmlega þriggja milljarða króna úr eignasöfnum LV vegna útilokunarinnar. Ástæðan er að starfsemi fyrirtækjanna uppfyllir ekki skilyrði um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar samkvæmt nýrri heildarstefnu stjórnar LV um ábyrgar fjárfestingar.

LV leggur áherslu á aukið gagnsæi í upplýsingamiðlun. Sem liður í því að fylgja eftir stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar og virkt eignahald mun LV að minnsta kosti árlega birta opinberlega, á vef sjóðsins, heildarlista um eftirtalda þætti:

- Allar eignir sjóðsins, þ.m.t. öll hlutabréf, skuldabréf og hlutdeildarskírteini.
- Útgefendur sem LV telur hafa brotið í bága við stefnu þessa og hefur leitt til samskipta LV við útgefenda Stefna um ábyrgar fjárfestingar.
- Fyrirtæki sem LV hefur útilokað sem fjárfestingarkost og ástæður þess.
- Beitingu atkvæðaréttar LV á hluthafafundum innlendra hlutafélaga.

Fjárfestingar í hreinni orkuframleiðslu

LV hefur sett sér markmið um að fjárfesta fyrir 150 milljarða króna í hreinni orkuframleiðslu og loftslagstengdum verkefnum fyrir árið 2030. Markmiðið tengist m.a. aðild sjóðsins að samstarfi á vettvangi CIC, „Climate Investment Coalition“. Þessi nýju markmið eru til viðbótar 30 milljörðum króna sem LV hefur þegar fjárfest í slíkum verkefnum.

Þátttaka LV er liður í auknum áherslum lífeyrissjóðsins á ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Hún er í samræmi við stefnu lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og stefnu um útilokun í eignasöfnum LV.

Með þátttöku LV í CIC vill LV styðja við markmið Parísarsáttmálans frá árinu 2015 um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Framvinda áherslumarkmiða og verkefna varðandi sjálfbærni í eignasöfnum

Í sjálfbærnisýrslu LV fyrir árið 2020 voru kynnt nokkur áherslumarkmið og aðgerðir varðandi þróun eignastýringar og eignasafna LV á árinu 2021 með skírskotun til heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Verkefniin taka einnig mið af stefnumótun LV til 2030, áherslum varðandi stefnumiðaða sjálfbærni og stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar.

- Í kafla um samfélagsábyrgð framfar í skýrslunni er gerð grein fyrir framvindu verkefna áherslumarkmiðanna á árinu 2021. Almennt gekk vel að vinna að settu markmiði þó einhverjum verkefnum sé ólokið. Að þeim er unnið áfram á þessu ári.
- Í kafla um samfélagsábyrgð er svo svo sett uppfærð áherslumarkmið og aðgerðir/verkefni skilgreind til að vinna að framkvæmd þeirra. Unnið veður að þessum markmiðum á árinu 2022 og áfram.

Lagakröfur og umboðsskylda með tilliti til sjálfbærni í starfsemi

Þegar kemur að umboði lífeyrissjóðs til að taka sjálfbærniþætti með í reikninginn varðandi almennan rekstur og ávöxtun eigna skiptir máli að huga að umboði og umboðsskyldu sjóðsins. Inntak og þróun umboðs í þessu sambandi er mjög í deiglu. Hér er vikið að inntaki umboðs og umboðsskyldu sem og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðsins í tengslum við samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

Um umboð og umboðsskyldu

Með umboði er almennt vísað til þess að einstaklingi eða einstaklingum er falið að gæta hagsmuna einstaklings, hóps fólks eða lögaðila. Til að greina inntak umboðs og þar með umboðsskyldu sjóðsins þarf því að líta til lagaákvæða, samþykka LV, annarra reglna og viðurkenndra viðmiða.

Umboðsskylda LV á að tryggja að þeir sem stýra fjármunum eða lífeyrisréttindum starfi í þágu lykilhaghaafa og eftir atvikum annarra haghaafa, en ekki í þágu eigin hagsmuna. Með lykilhaghöfum er hér vísað til sjóðfélaga og þeirra sem eiga réttindi á grundvelli þeirra, þ.e. eftir atvikum maka eða barna.

Það má færa rök fyrir því að inntak umboðs og umboðsskyldu sé bæði lagalegt og siðferðilegt. Þannig þarf m.a. að horfa til inntaks laga, ýmissa reglna sem byggja á þeim og til samþykka sjóðsins. Auk þess skipta þættir eins og tryggð og fagmennska máli⁸.

Tryggð

(hollustuskylda / e. Duty of Loyalty)

Umboðsaðili beiti sér í góðri trú í þágu hagsmuna umbjóðanda. Hann gæti hlutleysis í hagsmunaárekstrum meðal haghaafa, forðist hagsmunaárekstra og gangi ekki eigin erinda eða erinda þriðja aðila.

Fagmennska

(skynsemiskylda / e. Duty of Prudence)

Umboðsaðili framkvæmi starf sitt af vandvirkni og kostgæfni. Hann gæti þess að hann hafi næga hæfni og taki ígrundaðar ákvarðanir. Auk þess fari hann með fjármuni og aðra hagsmuni eins og almenn skynsöm og samviskusöm manneskja myndi gera. Þá fari viðkomandi með fjármuni og aðra hagsmuni umbjóðanda eins og hann myndi gera fyrir sjálfan sig.

Ákvæði lífeyrissjóðalaganna varðandi fjárfestingarstarfsemi

Hér veða þungt ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um hlutverk lífeyrissjóðs

Þegar kemur að lagalegum þætti umboðsskyldu lífeyrissjóðs eru ýmsir vegvísar að styðjast við. Hér skiptir máli að líta til 20. gr. lífeyrissjóðalaganna⁹. Þar kemur fram að starfsemi lífeyrissjóðs felist í

- móttöku iðgjalda.
- varðveislu og ávöxtun iðgjalda.
- greiðslu lífeyris.

Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem er nauðsynleg til að veita sjóðfélögum þjónustu vegna öflunar og greiðslu lífeyrisréttinda og lífeyrissparnaðar. Í samþykktum LV kemur fram að hlutverk sjóðsins sé að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir nánari reglum samþykktanna.

Í samþykktum LV kemur fram að framkvæmdastjóri og aðrir sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins megji ekki gera ráðstafanir sem eru bersýnilega til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

⁸ Hér er m.a. stuðst við umfjöllun í bókinni Umboðsskylda eftir Ólaf Frey Kristjánsson, útgefin af Arion banka 2017 (bls. 12 til 14) og ritinu Fiduciary Duty in the 21st Century, útgefna af nokkrum alþjóðastofnunum 2015, (m.a. bls. 11 og 12).

⁹ Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Vegvísar varðandi eignastýringu

Stýring eignasafna LV byggir á fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sem eru settar á grundvelli lífeyrissjóðalaganna, einkum VII. kafla þeirra.

Í 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaga er mikilvægur vegvísir fyrir ráðstöfun og stýringu eigna. Þar eru fimm vegvísar þar sem mælt er fyrir um að lífeyrissjóðir skuli

1. hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.
2. horfa til aldurs samsetningar sjóðfélaga og annarra tryggingafræðilegra þátta sem áhrif hafa á skuldbindingar.
3. gæta þess að allar fjárfestingar byggji á viðeigandi greiningu á upplýsingum, þá með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga.
4. gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að koma í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.
5. setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

Ofangreindir vegvísar veita leiðsögn við það hvernig stjórn og starfsfólk lífeyrissjóða skuli fara með það umboð sem sjóðnum er fengið.

- Fyrsti töluliður, að hagsmunir sjóðfélaga skuli hafðir að leiðarljósi, liggur í hlutarins eðli. Hann er væntanlega nefndur fyrst og fremst til áréttingar.
- Í öðrum tölulið er m.a. vísað til áhættusjónarmiða og til þess að það þurfi að haga fjárfestingum þannig að þær samræmist lífeyrisskuldbindingum sem viðkomandi eignasafn á að styðja. Hér er líka lögð áhersla á að lífeyrissjóður sé langtímafjárfestir.
- Í þriðja tölulið er líka vísað til lífeyrissjóðs sem langtímafjárfestis. Þar kemur fram áhersla á viðhlítandi rýni, greiningu og samval verðbréfa.
- Í fjórða tölulið er líka vísað til samvals verðbréfa, til langtímasjónarmiða og áhættustýringar. Í greinargerð er vikið að áskorunum sem felast í áhættudreifingu m.t.t. þess hve stór eignasöfn lífeyrissjóða eru sem hlutfall af innlendu hagkerfi. Þar er vísað til mikilvægis erlendra fjármálamarkaða. Til nánari útskýringar varðandi vegvísi 1 til 4 er vísað til nánari umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 113/2016.
- Í fimmta tölulið er mælt fyrir um að lífeyrissjóður skuli setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Hann kom inn í frumvarpið eftir tillögu þingnefndar í tengslum við 2. umræðu á Alþingi vegna breytingar á lögum 129/1997 (lífeyrissjóðalögin), sbr. lög nr. 113/2016. Í nefndaráli þingnefndar var vísað til þess að eignir innlendra lífeyrissjóða væru umtalsverðar og næmu rúmlega einni og hálfri landsframleiðslu. Einnig að lífeyrissjóðir ættu að hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Nefndin taldi líka ástæðu til að mæla fyrir um það í lagatexta að lífeyrissjóðir skyldu setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Sjóðirnir starfi í þágu almennings og ætla megi að þorri almennings telji mikilvægt að fjárfestingarstefna þeirra endurspegli almenn siðferðisleg viðmið. Nánari afmörkun væri á hendi hvers sjóðs. Að öðru leyti eru ekki miklar leiðbeiningar í lögskýringargögnum um þennan vegvísi.

Ákvæði um áhættustýringu

Þá koma einnig til skoðunar hér ákvæði um áhættustýringu lífeyrissjóða, sbr. gr. 35-a og gr. 36-e í lífeyrissjóðalögnum.

Um mótun stefnu um siðferðisleg viðmið og ábyrgar fjárfestingar

Við mótun stefnu um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum og framkvæmd hennar er mikilvægt fyrir lífeyrissjóð að horfa til inntaks umboðsskyldu sinnar eins og henni er lýst hér að ofan. Þá þarf að hafa í huga almennar lagaskyldur, siðferðisleg viðmið, réttmætar væntingar og hagsmuni sjóðfélaga en sjóðfélagar eru langt frá því einsleitir hópur. Hafa verður í huga fjárhagslegan tilgang varðandi ávöxtun eignasafna sjóðsins og skoða önnur viðmið í því ljósi.

Það er almennt viðurkennt að beiting UFS greiningar og UFS aðferðafærði við fjárfestingaákvæðanir og umsýslu eignasafna hefur vaxandi þýðingu við eignastýringu, sbr. m.a. umfjöllun í kafla um ábyrgar fjárfestingar. Aukin áhersla er á að fyrirtæki, sem er fjárfest í, taki tillit til sjálfbærni í rekstri. Hér skiptir þróun innlendrar löggjafar, EES-réttar og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands máli. Þá geta sjónarmið og upplýsingar vísindasamfélagsins og straumar og stefnur í þjóðfélaginu varðandi auknar áherslur á samfélagsábyrgð og sjálfbærni haft áhrif.

Varðandi lagareglur er m.a. vísað til framangreindra fimm vegvísna í 1. mgr. 36. gr. Lífeyrissjóðalaganna og ákvæða laga um ársreikninga, einkum gr. 66 og 66-d. Auk þess er vísað til ýmissa tilskipana í ESB-rétti þær eru meðal annars:

- Tilskipun um starfstengda lífeyrissjóði nr. EU/2016/2341 (IORPs II: Institution for Occupational Retirement Provision).
- Tilskipun nr. EU/2017/828 um eigendahlutverk hluthafa, réttindi og skyldur með áherslu á langtímasýn (Shareholders Right Directive II).
- Reglugerð nr. EU/2019/2088 um skilgreiningarkerfi varðandi umhverfislega sjálfbæra starfsemi fyrirtækja (EU-Taxonomy).
- Reglugerð nr. EU/2019/2088 um upplýsingar um sjálfbærnitengda þætti í fjármálageiranum (SFDR: Sustainable Finance Disclosure Regulation).
- Væntanleg tilskipun ESB um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD Corporate Sustainability Reporting Directive) sem mun koma í stað gildandi tilskipunar um ófjárhagslegar upplýsingar nr. EU/2014/95 (NFRD: Non-Financial Reporting Directive) sem var innleidd með gr. 66-d í lögum um ársreikninga.

Nefndar tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins falla undir gildissvið samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þær hafa enn sem komið er ekki allar verið innleiddar í íslenskan rétt. Þá þarf að skoða sérstaklega hvort og með hvaða hætti tilskipanirnar varða starfsemi lífeyrissjóða beint. Þær eru nefndar hér því þær hafa verulega þýðingu fyrir inntak sjálfbærni í starfsemi stofnanafjárfesta og hafa þýðingu fyrir umræðu um ábyrgar fjárfestingar.

Hvað ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar og stefnur varðar er m.a. vísað til Parísarsáttmálans frá 2015 um aðgerðir gegn hnattrænni hlýnun, til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun frá 2015 og til þeirra sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem UN Global Compact byggir á.

Um tengingu rekstrar, lífeyris og umsýslu eignasafna við sjálfbærni

Í samræmi við það sem fram kemur í þessum kafla leggur LV áherslu á umboð sitt og umboðsskyldu með tilliti til laga, stjórnvaldsfyrirmæla, réttarþróunar, viðskiptavenju og annarra gildara viðmiða. Í því sambandi er horft til hagsmuna sjóðfélaga og annarra haghafa og faglegra vinnubragða sem mikilvægs leiðarljóss. Til að styðja við framsýnan og traustan rekstur taka margþættar áherslur í rekstri mið af sjálfbærni viðmiðum, samanber m.a. umfjöllun í kafla um stefnumótandi áherslur LV, í kafla um viðskiptalíkan og skipurit og kafla um samfélagsábyrgð.

Varðandi sjálfbærniáherslur í rekstri er m.a. vísað til umfjöllunar um viðskiptalíkan LV og UFS þætti í rekstri í kafla um samfélagsábyrgð. Hvað lífeyri varðar er vísað til kafla um lífeyrisafurðir og sjálfbær fjármál lífeyrisþega.

Um eignasöfn, ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærni

Hvað umsýslu eignasafna varðar er einkum vísað til umfjöllunar framar í kafla þessum sem og kafla um umsýslu eignasafna og sjálfbærni sem og stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar.

Nokkur atriði ber að nefna sem skipta máli varðandi ábyrgar fjárfestingar:

- Beiting UFS greiningar í fjárfestingarferli og stýringu eignasafna er til viðbótar hefðbundinni fjármálagreiningu en kemur á engan hátt í stað hennar.
- Neikvæð skimun fjárfestingarkosta byggir að vissu leyti á vísun til tiltekinna gilda sem metin eru mikilvæg.
- Jákvæð skimun felur í sér val á fjárfestingarkostum (fyrirtæki eða geirar) sem eru bestir í sínum flokki varðandi viðmið tengd umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og/eða stjórnarháttum.


Útilokun fjárfestingarkosta úr eignasöfnum byggir á tilteknum skilgreindum gildum. Nefna má vinnslu tiltekins jarðefnaeldsneytis, sem er metin sérstaklega skaðleg, framleiðslu tóbaks og umdeilda vopna (t.d. kjarnorkuvopna, klasasprengja, sýkla- og efnavopna og jarðsprengja). Þá má nefna fyrirtæki sem fara í starfsemi sinni gegn viðmiðum UN Global Compact sem vísar til mikilvægra alþjóðasáttmála varðandi mannréttindi, umhverfismál, vinnumarkað og aðgerðir gegn spillingu. Markmiðið í öllum tilvikum er að stuðla að góðri langtímaávöxtun eignasafna og skilvirkri áhættustýringu. Með virku eignahaldi er svo lögð áhersla á samtal við útgefendur fjármálgæringa og eftirfylgni áherslna LV varðandi efnislega þýðingarmikla UFS þætti.

Við þróun og framkvæmd stefnu um ábyrgar fjárfestingar er litið til aðgerðaráætlunar ESB frá árinu 2018 um fjármögnun sjálfbærs vaxtar (COM/2018/097: Action Plan – Financing Sustainable Growth), löggjafar ESB sem varðar sjálfbærni og fjármálamarkaði, sbr. hér að framan og er hluti af gildissviði EES samningsins. Einnig skipta máli upplýsingar um þróun mikilvægra þátta í umhverfismálum, m.a. á vettvangi IPCC – The Intergovernmental Panel on Climate Change. Þannig er leitast við að meta eftir því sem tók eru á langtímahagsmunum við umsýslu eignasafna LV með tilliti upplýsinga um þróun efnislega mikilvægra þátta sem varða umhverfismál og félagsleg mál. Hér er að nógu að taka og ljóst að LV þarf að treysta á samstarf og leiðsögn ýmissa aðila svo sem á fjármálamarkaði, hjá stjórnvöldum, löggjafanum og vísindasamfélaginu.

Fyrir liggur að íslensk stjórnvöld stefna að innleiðingu mikilvægra gerða ESB sem varða sjálfbærni í rekstri og ábyrgar fjárfestingar á næstu misserum. Þá er ákveðinn vegvísir í lögum nr. 129/1997 (lífeyrissjóðalögin) samanber framangreint. Það er hins vegar mikilvægt að lagt verði mat á það hvort þörf sé fyrir skýrari reglur um réttindi og skyldur lífeyrissjóða til að samþætta UFS greiningu í fjárfestingarferli og umsýslu eignasafna. Í því sambandi er æskilegt að litið sé til reglna sem gilda um samskonar starfsemi innan EBS, m.a. reglur um starfstengda lífeyrissjóði, sbr. tilskipun ESB frá 2016. Að sama skapi skiptir máli að fylgst sé náið með þróun á alþjóðavettvangi hvað þetta varðar, m.a. á vettvangi Alþjóðareikningsskilaráðsins og nýstofnaðrar einingar á þeirra vegum (ISSB – International Sustainability Standards Board).

Samantekt

Með vísan til framangreinds verður að telja að það sé í góðu samræmi við umboð LV að leggja aukna áherslu á sjálfbærni í rekstri sjóðsins almennt og við stýringu eignasafna. Það felur meðal annars í sér greiningu og mat á UFS þáttum við reksturinn og við umsýslu eignasafna sjóðsins. Sjálfbærnisráðgjafi og þróun stefnu um ábyrgar fjárfestingar er liður í þessari vegferð. Hér eftir sem hingað til er áhersla lögð á að byggja sem best undir trausta langtímaávöxtun eignasafna LV. Aðferðafræði ábyrga fjárfestinga og UFS greining kemur til viðbótar hefðbundnum eignastýringaraðferðum og gildum viðmiðum, í takt við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.



Stefnur og reglur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Eftirfarandi yfirlit sýnir helstu stefnur og reglur sem innleiddar hafa verið í starfsemi LV. Til frekari upplýsinga er tilvísun í þær stefnur og reglur sem birtar eru á vef sjóðsins.

Stefnur og reglur birtar á vef

- Áhættustefna
- Fjárfestingarstefna
- Hluthafastefna
- Samþykktir lífeyrissjóðs verzlunarmanna
- Siða- og samskiptareglur
- Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra
- Starfskjarastefna
- Stefna um ábyrgar fjárfestingar
- Stefna um útilokun í eignasöfnum
- Reglur LV um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Verklagsreglur LV um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna
- Persónuverndarreglur

Aðrar stefnur og reglur

- Áhættustýringarstefna
- Fjarvinnustefna
- Fræðslustefna
- Jafnlaunastefna
- Jafnréttisáætlun
- Mannauðsstefna
- Upplýsingar um gagnaöryggi
- Reglur nefndar um ábyrgar fjárfestingar
- Reglur stjórnar um vernd uppljóstrara
- Reglur um mótaðilaáhættu
- Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og til opinberra aðila sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997
- Samkeppnisréttaráætlun
- Stefna varðandi einelti og áreiti á vinnustað
- Viðbragðsáætlun við einelti og áreiti á vinnustað
- Útvistunarstefna
- Öryggisstefna vegna rekstur upplýsingakerfar

UFS tilvísunartafla

Meðfylgjandi tilvísunartafla sýnir yfirlit UFS þátta samkvæmt leiðbeiningum Nasdaq. Taflan inniheldur tilvísanir í Global Reporting Initiative staðla (GRI Standards) og tilvísun í viðeigandi Global Compact áherslur Sameinuðu þjóðanna (UNGC Principle). Umhverfispættir vegna fyrri ára hafa verið uppfærðir í samræmi við nýja losunarstuðla. Rétt er að benda á að taflan er til hliðsjónar en sjóðurinn byggir skýrsluna ekki með formlegum hætti á aðferðafræði GRI og Global Compact.

Umhverfi

	2021	2020	2019	GRI tilvísun	Global Compact
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda (CO2 ígildi tonn, tCO2i)				305-1, 305-2, 305-3, 305-5	UNGC P7
1) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1 (ef við á)	0.0	0.0	0.0		
2) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 2 (ef við á)	2.6	2.9	3.2		
3) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 3 (ef við á)	26.9	18.3	25.2		
Kolefnisfótspor samtals umfang 1, 2 og 3	29.5	21.2	28.4		
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda (CO2 ígildi tonn, kCO2i)				305-4	UNGC P7, P8
1) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð (umfang 1, 2 og 3)					
Heildariðgjöld í milljörðum króna	38.50	35.90	36.80		
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	4285.14	4285.14	4285.14		
Fjöldi starfsmanna (ársverk)	51	50	47		
Losunarkræfni tonn CO2i/iðgjöld í milljörðum	0.767	0.591	0.772		
Losunarkræfni tonn CO2i/m3 húsnæðis	0.007	0.005	0.007		
Losunarkræfni tonn CO2i/ársverk	0.579	0.424	0.604		
E3. Orkunotkun				302-1, 302-2	UNGC P7, P8
1) Heildarmagn beinnar orkunotkunar					
2) Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar					
Vatn MWst	376.53	411.83	414.82		
Raforka MWst	129.33	141.61	165.86		
Heildar orkunotkun	505.86	553.44	580.68		
E4. Orkukræfni				302-3	UNGC P7, P8
1) Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærðir					
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	4285.14	4285.14	4285.14		
Fjöldi starfsmanna (ársverk)	51.00	50.00	47.00		
Orkukræfni á rúmmetra (MWst/m3)	0.12	0.13	0.14		
Orkukræfni á starfsmann (MWst/ársverk)	9.92	11.07	12.35		
E5. Samsetning orku				302-1	
1) Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum					
-Endurnýjanleg orka	100%	100%	100%		
E6. Vatnsnotkun				303-5	
1) Heildarmagn af vatni sem er notað					
Heitt vatn rúmmetrar, m3	7383	8075.16	8452.00		
Kalt vatn rúmmetrar, m3	932	1440.74	1426.41		
Notkun vatns á starfsmann (m3/ársverk)	163	190.32	210.18		
Heildar vatnsnotkun	8315	9515.90	9878.41		

E7. Umhverfisstarfsemi				103-2, 303, 308
1) Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	
2) Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu? Já/Nei	að hluta	að hluta	að hluta	
3) Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	
E8. Loftslagseftirlit / stjórn				
1) Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	102-19,102-20,102-29,102-30, 102-31
E9. Loftslagseftirlit / stjórnendur				
1) Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	102-19,102-20,102-29,102-30, 102-31
E10. Mildun loftslagsáhættu				
1) Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslags-tengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	UNGC P9

Félagslegir þættir

	2021	2020	2019	GRI tilvísun	Global Compact
S1. Launahlutfall framkvæmdastjóra				102-38	UNGC P6
1) Hlutfall heildarlaunagreiðslu framkvæmdastjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi	3.40	3.36	3.44		
2) Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Já	Já	Já		
S2. Launamunur kynja					
1) Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	0.49	0.52	0.50	405-2	UNGC P6
S3. Starfsmannavelta				401-1b	UNGC P6
1) Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi, í prósentum	2%	6%	4%		
2) Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi, í prósentum (engvir starfsmenn eru í hlutastarfi)	0%	0%	0%		
Starfslok	1	0	1		
Starfsmannavelta á ársgrundvelli	2%	0	2%		
S4. Kynjafjölbreytni				102-8, 405-1	UNGC P6
1) Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum					
Konur	65%	66%	64%		
Karlar	35%	34%	36%		

3) Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum				
Framkvæmdastjóri - karlar (eitt stöðugildi)	100%	100%	100%	
Forstöðumenn konur	29%	17%	33%	0 KVK 2019.
Forstöðumenn karlar	71%	83%	67%	5 KK, UT, AST, LÖG, EIGN
Aðrir stjórnendur-deildastjórar konur	67%	60%	38%	
Aðrir stjórnendur- deildastjórar karlar	33%	40%	63%	
Stjórnunarstörf alls konur	43%	33%	33%	
Stjórnunarstörf alls karlar	57%	67%	67%	

S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta				102-8	UNGC P6
1) Prósentu starfsmanna í hlutastarfi	0%	0%	0%		

S6. Aðgerðir gegn mismunun				103-2, 406	UNGC P6
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? Já/Nei	Já	Já	Já		

S7. Vinnuslysatíðni				403-9
1) Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslisins í prósentum (Slys á hverjar 200.000 vinnustundir)	0%	0%	0%	

S8. Hnattræn heilsa og öryggi				103-2, 403
1) Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? Já/Nei	Já	Já	Já	

S9. Barna- og nauðungarvinna				103-2, 408, 409	UNGC P4, P5
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? Já/Nei	Já	Já	Já		

S10. Mannréttindi				103-2, 412	UNGC P1, P2
1) Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? Já/Nei	Já	Já	Já		

Stjórnarhættir	2021	2020	2019	GRI tilvísun	Global Compact
G1. Kynjahlutfall í stjórn				405-1	
1) Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	50%	50%	62.50%		
2) Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla) (Ein formleg nefnd)	0%	100%	100%		
G2. Óhæði stjórnar				102-22, 102-23	
1) Bannar fyrirtækið framkvæmdastjóra að sinna stjórnarformennsku? Já/Nei	Já	Já	Já		
2) Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	100%	100%	100%		

G3. Kaupaukar				102-35	
1) Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? Já/Nei	Nei	Nei	Nei		
G4. Kjarasamningar				102-41	UNGC P3
1) Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	100%	100%	100%		
G5. Siðareglur birgja				102-16, 103-2	UNGC P2, P3, P4, P8
1) Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? Já/Nei	Ekki formlega	Ekki formlega	Ekki formlega		
G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu					
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu? Já/Nei	Já	já	já		
2) Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	0%	0%	0%		
G7. Persónuvernd				418	
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? Já/Nei	Já	Já	Já		
2) Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? Já/Nei	Já	Já	Já		
G8. Sjálfbærnisráskýrsla					UNGC P8
1) Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráskýrslu? Já/Nei	Já	Já	Já		
2) Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Já	Já	Já		
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf					UNGC P8
1) Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? Já/Nei	Já	Já	Já		
2) Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? Já/Nei	Já	Já	Já		
3) Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp? Já/Nei	Já	Já	Já		
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila					
1) Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? Já/Nei	Að hluta	Að hluta	Að hluta	102-56	UNGC P8



Ársreikningur 2021

Fjárfestingar

Sjóðurinn er fagfjárfestir sem hefur að höfuðmarkmiði að hámarka eignir og réttindi sjóðfélaganna og skal það sjónarmið lagt til grundvallar við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins.

Skýrsla stjórnar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2021

Hlutverk og grundvöllur lífeyrissjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Kjarnastarfsemi sjóðsins lýtur að móttöku iðgjalda, ávöxtun eigna í eignasöfnum sjóðsins og útgreiðslu lífeyris. Viðskiptalíkani lífeyrissjóðsins er nánar lýst í sjálfbærnisráðgjafum sjóðsins sem og í stjórnarháttaryfirlýsingu stjórnar LV.

LV rekur þrjár réttindaeildir, sameignardeild og tvær séreignardeildir, fyrir almenna séreign annars vegar og tilgreinda séreign hins vegar.

Eignasöfn lífeyrissjóðsins

Eignasöfn sjóðsins eru fimm, eignasafn sameignardeildar og fjögur eignasöfn fyrir séreign, og nam verðmæti þeirra í árslok 2021 1.201 milljarði króna.

Sameignardeild: Eignir sameignardeildar eru ávaxtaðar í einu eignasafni og námu eignir þess 1.174,6 milljörðum króna í lok árs 2021.

Nafnávöxtun sameignardeildar á árinu 2021 var 17,0% sem samsvarar 11,6% raunávöxtun. Hrein ávöxtun, það er þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingatekjum, var 16,9% sem samsvarar 11,5% hreinni raunávöxtun. Hrein árleg raunávöxtun síðustu fimm ára var 8,8%, 7,6% síðustu 10 ár, 5,2% síðustu 20 ár og 5,5% síðustu 30 árin.

Séreignardeild: Eignir séreignadeilda eru ávaxtaðar í fjórum séreignarleiðum, þ.e. Verðbréfaeið, Ævileið I, Ævileið II og Ævileið III. Eignir í séreignardeildum LV námu samtals 26,5 milljörðum í lok árs 2021. Ævileiðir I, II og III hafa verið starfræktar í fjögur almanaksár.

Hrein nafnávöxtun ævileiða:

Ávöxtunarleið	2021	2020	2019	2018
Verðbréfaeið	16,9%	14,7%	18,7%	4,3%
Ævileið I	17,4%	15,4%	12,9%	0,8%
Ævileið II	10,7%	11,6%	11,1%	3,8%
Ævileið III	1,7%	5,4%	5,8%	3,6%

Nánari upplýsingar um ávöxtun eignasafna er í ársreikningi og ársskýrslu sjóðsins.

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefnur eignasafna er tilgreind í fjárfestingarstefnu LV sem er yfirfarin og samþykkt af stjórn árlega. Þá er fylgst með áhættu í eignasöfnum í samræmi við áhættustefnu og áhættustýringarstefnu lífeyrissjóðsins.

Aukin áhersla er nú lögð á aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga við fjárfestingarákvarðanir og umsýslu eignasafna. Til marks um það samþykkti stjórn heildstæða stefnu um ábyrgar fjárfestingar á árinu 2021 sem hefur verið innleidd að hluta og stefnt er á að ljúka innleiðingu stefnunnar fyrir árslok 2022. Samhliða því var samþykkt stefna um útilokun úr eignasöfnum LV. Þar er horft til fyrirtækja sem eru í vinnslu tiltekinn jarðefnaeldneytis, framleiðslu tóbaks, umdeildra vopna eða fara gegn viðmiðum tiltekinna alþjóðasáttmála samkvæmt viðmiðum *UN Global Compact*. Nánari upplýsingar er að finna í viðkomandi stefnu á vef sjóðsins.

Tryggingafræðileg athugun, hækkandi lífaldur sjóðfélaga og breytingar á réttindakerfi

Tryggingafræðileg staða sameignardeildar LV hefur styrkst síðastliðin ár samhliða góðum árangri í ávöxtun eigna sjóðsins. Á liðnu ári voru greiðslur til lífeyrisþega og áunnin réttindi hækkuð um 10%.

Stjórn samþykkti á fundi 25. febrúar 2022 tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins. Þær fela í sér breytingu á réttindaávinnslu sameignardeildar sem tekur mið af breyttum forsendum fyrir mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins þar sem nú er horft til væntrar þróunar lífaldurs í framtíðinni í stað þess að miða við reynslu liðinna ára. Breytingin byggir á nýjum dánar- og eftirlífendatöflum sem staðfestar voru af ráðherra í desember 2021, er í samræmi við ráðgjöf tryggingastærðfræðings sjóðsins og til þess fallin að styrkja mat á skuldbindingum sameignardeildar og draga úr líkum á að lækka þurfi réttindi í framtíðinni vegna hækkandi lífaldurs sjóðfélaga.

Breytingarnar eru framkvæmdar í nokkrum skrefum á tímabilinu nóvember 2021 til ársloka 2022, að fenginni staðfestingu á samþykktabreytingum. Hér er stutt yfirlit yfir megin inntak breytinganna.

Áunnin lífeyrisréttindi í sameignardeild, annarra en barnalífeyrisþega, voru hækkuð um 10% í nóvember 2021. Þær samþykktabreytingar sem hér eru til umfjöllunar gera ráð fyrir:

- i) Nýjum réttindatöflum þar sem ávinnsla mánaðarlegs lífeyris lækkar en gert er ráð fyrir að sjóðfélagar lifi lengur og þeir fái því greiddan ellilífeyri í lengri tíma.
- ii) Áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru lækkuð, mest hjá yngstu sjóðfélögum og lækkunin er svo minni eftir því sem sjóðfélagar eru eldri. Lækkunin er minnst hjá sjóðfélögum sem eru 65 ára og eldri en sá hópur er komin með virk ellilífeyrisréttindi. Ástæðan fyrir þessum mun liggur í því mati að lífaldur yngri sjóðfélaga sé að hækka meira en þeirra sem eldri eru.
- iii) Þá eru áunnin lífeyrisréttindi í sameignardeild hækkuð um 12%, að frátöldum barnalífeyri. Hækkunin leiðir af sterkri tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Samanlagt mynda framangreindar breytingar eina heild á réttindakerfi sameignardeildar LV sem kemur til framkvæmda í áföngum frá nóvember 2021 til ársloka 2022.

Taflan sýnir heildaráhrif framangreinda breytinga eftir aldurshópum:

Aldur	Hækkun áunninna réttinda 2021	Jöfnun réttinda vegna réttinda-breytinga	Hækkun áunninna réttinda 2022	Alls
Sjóðfélagar á lífeyri og 65 ára og eldri	10,0%	-4,3%	12,0%	17,9%
60	10,0%	-6,6%	12,0%	15,1%
50	10,0%	-9,2%	12,0%	11,9%
40	10,0%	-11,0%	12,0%	9,6%
30	10,0%	-12,3%	12,0%	8,0%
20	10,0%	-13,4%	12,0%	6,7%

Þannig hækka réttindi þeirra sem eru komnir með virkan ellilífeyrisrétt, þ.e. 65 ára og eldri um 17,9% í heildina. Hækkunin er svo minni eftir því sem sjóðfélagar eru yngri. Það stafar af því að spár gera ráð fyrir því að þeir lifi lengur en þeir sem eldri eru og því megi þeir vænta mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna í lengri tíma.

Nánari upplýsingar er að finna í greinargerð með samþykktabreytingunum og kynningargögnum sem lögð verða fyrir ársfund sjóðsins 29. mars 2022.

Um þróun nokkurra stærða í rekstri

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 173.906 m.kr. samanborið við 129.994 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 1.305 m.kr. samanborið við 1.227 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,12% samanborið við 0,13% árið áður. Fjöldi stöðugilda á árinu var 51,1 samanborið við 49,7 stöðugildi árið áður. Heildarfjárhæð launa nam 724,8 m.kr., launatengd gjöld voru 174,5 m.kr. og aukning orlofsskuldbindingar milli ára var 8,5 m.kr.

Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Á árinu 2021 greiddu 47.940 einstaklingar iðgjald til sjóðsins samanborið við 47.972 árið áður. Virkir sjóðfélagar voru 35.854, þ.e. þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Heildarfjöldi launagreiðenda sem greiddu iðgjöld vegna starfsmanna sinna nam 9.430 á móti 9.024 árið á undan. Samanlagðar iðgjaldagreiðslur námu 38.452 m.kr. samanborið við 35.933 m.kr. árið áður.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Á árinu fengu 21.044 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild að fjárhæð 21.965 m.kr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 6,2% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 22,6%. Hækkunin skýrist að talsverðu leyti af 10% hækkun áunninna lífeyrisréttinda á árinu 2021.

Lögbundið framlag sjóðsins til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs nam 227 m.kr. Greiðslur úr séreignardeild námu 944 m.kr. en 1.002 m.kr. árið áður. Lífeyrisbyrði sameignardeildar sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum nam 61,5% samanborið við 53,6% árið áður.

Væntanleg þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Á komandi árum mun lífeyrissjóðurinn hafa áfram að höfuðmarkmiði að ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins sem og stefnu um ábyrgar fjárfestingar í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga.

Áhersla er einnig lögð á að þróa lífeyrisvörur og þjónustu sjóðsins í takt við þróun, þarfir sjóðfélaga og starfsumhverfi sjóðsins.

Til að vinna að þessum markmiðum er lögð áhersla á að þróa og efla mannauð sjóðsins, alla innviði, þjónustumenningu og þróa áfram stafræna þjónustu.

Stefnumótun

Sjóðurinn réðst í ítarlega stefnumótunarvinnu árið 2020 sem lauk um mitt ár 2021. Verkefnið var unnið undir leiðsögn stjórnendaráðgjafa í nánu samstarfi stjórnar, stjórnenda og annarra starfsmanna sjóðsins.

Stefna LV byggir á fimm leiðarljósum sem lúta að áherslum í daglegri starfsemi og eru leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku, þannig að unnið sé markvisst í átt til framtíðarsýnar sjóðsins. Leiðarljósin leggja áherslu á: Framúrskarandi teymi, snjalla og stafræna þjónustu, þjónandi forystu, sjálfbæra starfsemi, sjálfbærnan lífeyri og ábyrgar fjárfestingar.

- Stefna LV er að vera eftirsóknarverður og leiðandi lífeyrissjóður. Sjóðurinn vinnur að því að byggja upp trausta fjárhagslega framtíð sjóðfélaga við starfslok og tryggingar vegna örorku sem og við fráfall sjóðfélaga. Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að veita traustar og áreiðanlegar upplýsingar sem miðast við þarfir sjóðfélaga á hverjum tíma. Sjóðurinn ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með gagnsæjum og ábyrgum hætti, með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi, með það að markmiði að hámarka trausta langtímaávöxtun eignasafna. Sjóðurinn er fyrirmyndar vinnustaður skipaður öflugri liðsheild sem býr yfir góðri þekkingu, reynslu og hæfni.

- Starf LV snýst um að þjónusta sjóðfélaga sem eru eigendur lífeyrisréttinda og lífeyrissparnaðar hjá sjóðnum. Með uppbyggingu og ávöxtun eignasafna er stutt við það hlutverk LV að greiða sjóðfélögum áfallalífeyri og lífeyri við lok starfsævi. Lífeyrissjóðurinn er vettvangur fyrir uppbyggingu lífeyrisréttinda, söfnunar lífeyrissparnaðar svo eigendur geti notað og notið síðar.

Hlutverk og ábyrgð LV í samfélaginu

Undanfarin ár hafa lífeyrissjóðir verið meira áberandi í íslensku samfélagi. Þeir eru stórir fjárfestar á íslenskum fjármálamarkaði, mikið hreyfiafl í íslensku atvinnulífi og er lífeyrissjóðakerfið að verða þroskaðra. Það þýðir að sjóðfélagar sem fara munu á lífeyri hafa greitt lengur til sjóðsins sem almennt styrkir réttindi þeirra. Þessi þróun mun halda áfram til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Þá er vert að benda á að iðgjald til sjóðsins er nú almennt 15,5%, í samræmi við kjarasamninga. Það er 3,5 prósentustigum hærra en lögbindið lágmarksíðgjald.

Með þessum breytingum, sem og öðrum samfélagslegum breytingum sem hafa orðið og munu eiga sér stað, eru kröfur sem gerðar eru til fjölmargra þátta í rekstri sjóðsins alltaf að aukast. Stjórnin leggur áherslu á að á hverjum tíma sé mannauður til staðar innan sjóðsins til þess að takast á við ný verkefni og auknar kröfur.

Fjárfestingarumhverfi

Undanfarin ár hafa vextir farið lækkandi, bæði hér innanlands sem og á heimsvísu. Þetta þýðir auknar áskoranir við að ávaxta eignir sjóðsins sem standa undir réttindum sjóðfélaga til framtíðar. Langtímaávöxtun sjóðsins hefur verið með ágætum og hefur styrkst undanfarin ár en ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð. Stjórn sjóðsins, stjórnendur hans og starfsmenn munu áfram leggja sig fram við að ná góðum árangri í rekstri sjóðsins til framtíðar.

Ábyrgar fjárfestingar

Eins og fram kemur hér að framan, í ársskýrslu og sjálfbærnisráðgjafu, leggur stjórn aukna áherslu á aðferðafræði ábyrga fjárfestinga við stýringu eignasafna LV samhliða og til viðbótar við hefðbundna greiningu fjárfestingarkosta og viðmiða við umsýslu eigna. Það er sýn stjórnar að halda áfram á þeirri vegferð í takt við umboð sjóðsins, lög og reglur, þróun í aðferðafræði ábyrga fjárfestinga og alþjóðlega þróun. Nánari umfjöllun um umboð sjóðsins í þessu sambandi er í sjálfbærnisráðgjafu sjóðsins.

Þróun mannauðs

LV hefur sett sér formlega stefnu um áherslur í fyrirtækjamenningu sjóðsins þar sem tilgreint er meðal annars mikilvægi liðsheildar, góðra stjórnarháttar, velferðar starfsfólks og að sjóðurinn laði að sér og byggji upp framúrskarandi mannauð. Sjóðurinn hefur einnig lagt til grundvallar jafnrétti og jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði við stjórnunarvenjur, starfsþjálfun og þróun, ráðningar, starfskjör og starfsumhverfi.

Í mannauðsstefnu kemur m.a. fram að lífeyrissjóðurinn leitist við að bjóða upp á starfsskilyrði sem laði að sér hæft starfsfólk og að sjóðurinn hafi á að skipa starfsfólki sem hefur þekkingu, reynslu og hæfni til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem sjóðnum er falið að sinna. Unnið er eftir gildum sjóðsins þar sem ábyrgð, árangur og umhyggja mynda grunnstoðir í heilbrigðu og öruggu starfsumhverfi sem sjóðurinn býr að. Til stuðnings mannauðsstefnu eru m.a.: Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi á vinnustaðnum, jafnlaunastefna, jafnréttisáætlun og fræðslustefna.

Upplýsingastarf

LV leggur áherslu á að veita sjóðfélögum persónulega þjónustu og beinan aðgang að samtali við starfsfólk vegna ráðgjafar og tengdrar þjónustu. Samhliða því er einnig lögð áhersla á þróun rafrænna dreifileiða sem veita m.a. möguleika á persónuþæðri upplýsingagjöf og sjálfsafgreiðslu.

Helstu samskipta- og dreifileiðir eru vefsíða sjóðsins, sjóðfélagavefur fyrir hvern sjóðfélaga og þjónustuver. Sjóðurinn nýtir einnig samfélagsmiðla og sendir sjóðfélögum tvisvar á ári yfirlit yfir réttindi og greidd iðgjöld.

Sjóðurinn starfrækir þjónustuver þar sem hægt er að fá þjónustu á skrifstofu sjóðsins, gegnum síma, tölvupóst eða gegnum netspjall sjóðsins. Á árinu 2021 bárust riflega tuttugu og eittþúsund símtöl til sjóðsins og heimsóknir á skrifstofu hans voru rétt tæplega fjögur þúsund. Á sama tíma voru heimsóknir á vef sjóðsins 157.803 og innlit sjóðfélaga á sjóðfélagvef sinn 97.458.

Aukin áhersla er nú lögð á þróun upplýsingagjafar meðal annars með auknum áherslum á starfrænar lausnir sjóðfélögum til hagsbóta, öflun viðhorfa meðal sjóðfélaga í reglulegum viðhorfskönnunum og í miðlun upplýsinga í ársskýrslu, sjálfbærnisráðgjöf og ársreikningi.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins.

Með stjórnarháttaryfirlýsingu, sem er birt á vef sjóðsins og í ársskýrslu, er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur.

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnurnar grundvallast á lagafyrirmælum, reglugerðum og stefnumótun sjóðsins og taka m.a. mið af ISO staðli 31000 um áhættustýringu. Stjórnin leggur áherslu á að stefnurnar séu virkar í starfsemi sjóðsins og eru þær árlega teknar til umræðu á vettvangi stjórnar og eftir atvikum til endurskoðunar í heild eða að hluta.

Frekari upplýsingar um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringum nr. 19 til 23 í ársreikningnum og í kafla um áhættustýringu í ársskýrslu sjóðsins. Þar er m.a. að finna nánari upplýsingar um lýsingu á helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins. Áhættustefna sjóðsins er einnig aðgengileg á vef sjóðsins.

Um meginmarkmið og stefnu varðandi samsetningu eignasafna, áhættustýringu og verðmat eigna

Stýring eignasafna, áhættustýring og verðmat eigna er veigamikill þáttur í starfsemi lífeyrissjóðsins. Með vísan til 5. töluliðar 2. mgr. 66. gr. laga um ársreikninga bendir stjórn á eftirfarandi:

Samsetning eignasafna og stýring þeirra byggir á fjárfestingarstefnu sem byggir á viðurkenndum sjónarmiðum varðandi samval verðbréfa, áhættudreifingu og áhættustýringu, í samræmi við ákvæði laga um starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, einkum VII. kafla laganna. Við verðmat á verðbréfum og öðrum fjármálagerningum er byggt á reglugerð nr. 391/1998, með síðari breytingum, reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, útgefnum af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, viðurkenndum reikningsskilastöðlum og mati stjórnenda.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

LV gefur einnig út sjálfbærnisráðgjöf sem er nátengd umfjöllun í ársskýrslu og annarri upplýsingagjöf sjóðsins. Markmiðið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir áherslum LV varðandi sjálfbærni í starfsemi sjóðsins.

Stuðst er við UFS viðmið Nasdaq, útgáfu 2 frá maí 2019 (e. ESG Reporting Guide 2, May 2019), GRI staðalinn (e. Global Report Initiative) og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Greint er frá viðskiptalikani sjóðsins og birtar upplýsingar um lykilmælikvarða er lúta að stjórnarháttum og umhverfis-, félags- og starfsmannamálum. Jafnframt er greint frá áherslum er lúta að mannréttindum og hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum.

Framsetning með þessum hætti á ófjárhagslegum upplýsingum veitir greinargóðar viðbótarupplýsingar um ófjárhagslega þætti í rekstri og uppfyllir kröfur skv. gr. 66-d í lögum um ársreikninga. Við upplýsingagjöf um gerð sjálfbæriskýrslu fékk sjóðurinn ráðgjöf hjá óháðum ytri aðila. Ráðgjöfin fól í sér leiðbeiningar við að greina og miðla upplýsingum um viðskiptalíkan LV, ábyrgar fjárfestingar og umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti fyrir árið 2021 sem og áætluð verkefni til framtíðar. Það er mat ráðgjafa að upplýsingar þær er koma fram í kaflanum um sjálfbæriskýrslu sjóðsins gefi góða mynd af ófjárhagslegum þáttum í rekstri sjóðsins.

Covid - 19

Áhrif Covid-19 heimsfaraldursins á rekstur, efnahag og sjóðstreymi lífeyrissjóðsins á árinu eru óveruleg. Hugsanleg áhrif á rekstur sjóðsins voru í upphafi faraldurs talin geta verið samdráttur í greiddum iðgjöldum til sjóðsins vegna minnkandi umsvifa launagreiðenda, aukin vanskil þeirra og greiðsluferðileikar einstaklinga vegna aukins atvinnuleysis, en sú hefur ekki orðið raunin. Að auki var töluverð óvissa um horfur á mörkuðum. Þrátt fyrir Covid-19 þá var ávöxtun lífeyrissjóðsins góð og er 2021 með betri árum í ávöxtun í sögu sjóðsins. Góð ávöxtun sameignardeildar hefur styrkt tryggingafræðilega stöðu milli ára. Heimsfaraldurinn hafði ekki áhrif á fjárfestingarstefnu sjóðsins að því leyti að áfram er lögð áhersla á að auka vægi erlendra verðbréfa til lengri tíma í eignasafninu.

Sjóðurinn hagaði rekstri á skrifstofu í samræmi við sóttvarnaaðgerðir á hverjum tíma og sjóðfélagar voru hvattir til að sinna erindum sínum í gegnum rafrænar samskiptaleiðir sem og nýta þær fjölmörgu stafræna lausnir sem sjóðurinn hefur uppá að bjóða.

Atburðir eftir lok reikningssárs

Eignamarkaðir hafa átt undir högg að sækja frá lokum reikningsárs. Ástæður þessa eru nokkrar en þó vegur þyngst hernaðaráttök í Úkraínu og aukin pólitísk spennan á heimsvísu. Til viðbótar er verðbólga viðvarandi vandamál í flestum löndum og líkur á vaxtahækkunum hérlandis og erlendis eru verulegar.

Miðað við stöðuna í lok dags 24. febrúar er það mat sjóðsins að eignasöfn sameignardeildar og Verðbréfaeildar hafi lækkað um 6-7% frá áramótum. Áætluð áhrif til lækkunar á eignasafni Ævileiðar I er 5-6%, 2-3% til lækkunar á eignasafni Ævileiðar II og hverfandi áhrif á eignasafni Ævileiðar III.


Ávöxtun eignasafna sjóðsins hefur verið góð undanfarna áratugi eins og fram kemur í skýringu 24 við ársreikning sjóðsins. Sameignardeild sjóðsins stendur vel og var tryggingafræðileg staða jákvæð um 3,5% við árslok 2021. Þá voru áunnin réttindi hækkuð um 10% umfram verðlagsþróun á síðastliðnu ári. Það er mat stjórnar að þrátt fyrir framangreinda lækkun á eignasafni sameignardeildar sé tryggingafræðileg staða sameignardeildar í jafnvægi við undirritun ársreiknings.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna gefi glögga mynd af rekstrarafkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2021. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn býr við. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 19 - 23 í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hafa í dag farið yfir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni. Ársreikningurinn verður lagður fram og kynntur á næsta ársfundi sjóðsins.

Reykjavík, 25. febrúar 2022
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna,



Jón Ólafur Halldórsson
Stjórnarformaður



Stefán Sveinbjörnsson
Stefán Sveinbjörnsson
Varaformaður



Árni Stefánsson
Árni Stefánsson




Guðrún Johnsen
Guðrún Johnsen




Helga Ingvólfsdóttir
Helga Ingvólfsdóttir




Sigrún Helgadóttir
Sigrún Helgadóttir



Guðrún Ragna Garðarsdóttir
Guðrún Ragna Garðarsdóttir
Varaáður í stjórn



Smári Freyr Jóhannsson
Smári Freyr Jóhannsson
Varaáður í stjórn



Guðmundur Þ. Þorhallsson
Guðmundur Þ. Þorhallsson
Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021, breytingu á handbæru fé á árinu 2021 og tryggingafræðilegri stöðu sameignardeildar 31. desember 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins.
- Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
- Sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.
- Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar 31. desember 2021.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Deildaskipt yfirlit sameignar- og séreignardeilda, sem innifela yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021, deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2021 og deildaskipt sjóðstreymi 2021.

Skýrsla stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt sjóðnum er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt sjóðnum, á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2021 í skýringu 8.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2021. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum

Bókfært verð eignarhluta í félögum og sjóðum nam kr. 765,6 milljörðum eða 64% af heildareignum þann 31. desember 2021 (2020: kr. 603,8 milljörðum) af því eru kr. 47,3 milljarðar óskráð (2020: kr. 38,1 milljarðar).

Vísað er til skýringa nr. 2.7 og skýringu nr. 9 fyrir eignarhluti í félögum og sjóðum. Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirðisþrep 2 og 3 í skýringu nr. 18.2 í ársreikningi.

Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum eignarhlutum í félögum og sjóðum vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat skuldabréfa færð á gangvirði

Bókfært verð skuldabréfa nam kr. 418,9 milljörðum eða 35% af heildareignum þann 31. desember 2021 (2020: kr. 391,5 milljörðum) af því eru kr. 106,6 milljarðar skuldabréf færð á gangvirði (2020: kr. 89,7 milljarðar).

Vísað er til skýringa nr. 2.7 og skýringu nr. 10 fyrir skuldabréf.

Viðskipti á markaði með skuldabréf sem færð eru á gangvirði eru oft stopul. Mat skuldabréfa með stopul viðskipti er háð mati og þeim forsendum sem eru notaðar sem getur haft áhrif á niðurstöðu matsins.

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á skuldabréfum færð á gangvirði vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á mati óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Fjárfestingarferilinn var yfirfarinn. Við yfirfórum aðferðafræði og forsendur við mat.

- Gögn sem útreikningar og forsendur mismunandi verðmatsaðferða voru byggð á voru yfirfarin og metin.

- Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi PwC á verðmæti úrtaks óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum.

- Í þeim tilvikum þar sem verðmat byggðist á nýlegum viðskiptum voru þau viðskipti sannreynd.

- Flokkun óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum í stigkerfi gangvirðis var yfirfarin.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á mati skuldabréfa færð á gangvirði fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Fjárfestingarferilinn var yfirfarinn. Við yfirfórum aðferðafræði og forsendur við mat.

- Gögn sem útreikningar og forsendur mismunandi verðmatsaðferða voru byggð á voru yfirfarin og metin.

- Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi PwC á verðmæti úrtaks skuldabréfa færð á gangvirði.

- Flokkun skuldabréfa færð á gangvirði í stigkerfi gangvirðis var yfirfarin.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða í árslok er jákvæð um 3,5% (2020: 10,6%) og eru eignir sjóðsins kr. 57,6 milljörðum hærri en heildarskuldbinding í árslok 2021 (2020: kr. 140,6 milljarðar).

Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir að stórum hluta á matskenndum forsendum.

Um verulegan matskenndan lið er að ræða og teljum við tryggingafræðilega stöðu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Við lögðum mat á óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings.
- Ferli við útreikninga var yfirfarið.
- Framkvæmdar voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.
- Lagt var mat á aðferðarfræðina og þær forsendur sem liggja til grundvallar á útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu og hvort aðferðin breyttist milli ára. Forsendur útreiknings voru raktar til frumgagna úr kerfum lífeyrissjóðsins.
- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar ásamt yfirliti um tryggingafræðilega stöðu.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2021, sem lág fyrir við áritun okkar.

Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársskýrsla lífeyrissjóðsins. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi lífeyrissjóðsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hans. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, vikjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðis-skilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við höfum verið endurskoðendur lífeyrissjóðsins um langt skeið. Árið 2008 var sjóðurinn skilgreindur sem eining tengd almannahagsmunum og vorum við kjörin endurskoðendur lífeyrissjóðsins það ár. Kjör okkar hefur verið endurnýjað árlega á ársfundi lífeyrissjóðsins síðan þá.

Reykjavík, 25. febrúar 2022.
PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristinn Freyr Kristinsson
löggiltur endurskoðandi



Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		10.490.194	9.752.857
Iðgjöld launagreiðenda		27.645.281	25.856.784
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(52.358)	(52.398)
		<u>38.083.117</u>	<u>35.557.243</u>
Sérstök aukaframlög	3	369.334	376.085
		<u>38.452.451</u>	<u>35.933.328</u>
Lífeyrir			
	4		
Heildarfjárhæð lífeyris	4.1.	22.909.210	18.914.202
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		226.901	213.278
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	4.2.	15.270	14.155
		<u>23.151.381</u>	<u>19.141.635</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1.	149.685.798	104.162.136
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.2.	25.441.292	25.728.342
Hreinar vaxtatekjur af handbæru fé	5.3.	(772.454)	569.512
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		56.252	4.921
Ýmsar fjárfestingartekjur	6	(10.126)	(41.696)
Fjárfestingargjöld	7	(494.303)	(429.293)
		<u>173.906.459</u>	<u>129.993.922</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	1.305.076	1.226.807
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		187.902.454	145.558.808
Hrein eign frá fyrra ári		1.013.229.024	867.670.216
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>1.201.131.477</u>	<u>1.013.229.024</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fjárfestingar	12,18		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	765.677.261	603.845.588
Skuldabréf	10	418.955.137	391.494.514
Aðrar fjárfestingar	11	24.600	30.000
		<u>1.184.656.998</u>	<u>995.370.102</u>
Kröfur	13		
Kröfur á launagreiðendur		3.416.456	3.420.573
Aðrar kröfur		5.250	53.050
		<u>3.421.706</u>	<u>3.473.623</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	277.953	293.404
Handbært fé		13.904.760	15.032.841
Eignir samtals		<u>1.202.261.417</u>	<u>1.014.169.970</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur		108.493	99.998
Aðrar skuldir	15	1.021.448	840.949
		<u>1.129.941</u>	<u>940.947</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>1.201.131.477</u>	<u>1.013.229.024</u>
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
Hrein eign sameignardeildar		1.174.592.807	991.540.663
Hrein eign séreignardeildar - Verðbréfaleið		19.785.724	16.867.617
Hrein eign séreignardeildar - aðrar séreignarleiðir		6.752.946	4.820.744
		<u>1.201.131.477</u>	<u>1.013.229.024</u>
Skuldbindingar utan efnahags	17		
Aðrar skýringar	18-23		
Kennitölur	24-25		

Sjóðstreymi árið 2021

	2021	2020
Inngreiðslur		
lögjöld	38.443.451	36.453.327
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	90.168	155.558
Aðrar inngreiðslur	191.035	98.403
	38.724.654	36.707.288
Útgreiðslur		
Lífeyrir	23.151.381	19.141.634
Rekstrarkostnaður	1.238.927	1.131.633
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	42.202	34.504
Aðrar útgreiðslur	4.412	44.681
	24.436.922	20.352.452
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	14.287.732	16.354.836
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	10.531.649	5.559.491
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(50.156.439)	(35.138.752)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	26.994.187	7.509.981
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	64.322.293	92.110.593
Keypt skuldabréf	(66.367.260)	(84.981.625)
Seld skuldabréf	10.079	4.094.969
Seldar aðrar fjárfestingar	43.801	5.005
	(14.621.690)	(10.840.338)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(333.957)	5.514.497
Gengismunur af handbæru fé	(794.124)	487.382
Handbært fé í upphafi árs	15.032.841	9.030.962
Handbært fé í lok árs	13.904.760	15.032.841

Tryggingafræðileg staða

Útreikningur tryggingafræðilegrar stöðu í lok árs 2021 miðast við sértækar lífs- og örorkulíkur fyrir sjóðinn. Lífslíkurnar taka mið af nýjum dánar- og eftirlífendatöflum sem fjármála- og efnahagsráðherra samþykktu í desember 2021. Töflurnar byggja á spá um auknar lífslíkur í framtíðinni. Útreikningur tryggingafræðilegrar stöðu fyrri ára hafa byggt á dánar- og eftirlífendatöflum sem byggja á reynslu úr fortíð. Áhrif af innleiðingu nýju taflnanna hafa um það bil 9,8 prósentustígs áhrif til lækkunar á tryggingafræðilega stöðu.

Bæði áunninn réttindi sjóðfélaga og lífeyrisgreiðslur voru hækkaðar um 10% á árinu 2021. Hækkunin hafði um 6,2 prósentustígs áhrif til lækkunar á tryggingafræðilega stöðu.

Á liðnu ári var gerð sú reglugerðarbreyting varðandi tryggingafræðilega athugun, að matsverð skráðra hlutabréfa skal miðað við markaðsvirði á uppgjörstígi í stað þess að miða við markaðsvirði þeirra á undangengnu þriggja mánaða tímabili ef það er lægra. Jafnframt var gerð sú breyting á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða að rekstrarkostnaður telst nú til skuldbindinga en hann var áður til frádráttar eignum.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðurinn rekur sameignardeild og fjórar séreignarleiðir, þ.e. Verðbréfaleið, Ævileið I, Ævileið II og Ævileið III. Verðbréfaleiðin er ávöxtuð samhliða sameignardeild sjóðsins. Eignasamsetning ævileiðanna byggir á eignasamsetningu sem gera má ráð fyrir að hafi mismikla vænta ávöxtun og áhættu. Markmið með mismunandi eignasamsetningu milli leiða er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga svo sem aldri og áhættupóli. Í deildaskiptu yfirliti og kennitöluyfirliti má finna upplýsingar um séreignardeildir sjóðsins.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum við gerð ársreiknings lífeyrissjóðsins.

2.2. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum, sem er bæði starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

2.3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning sjóðsins:

- i) Gangvirði óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum, sjá skýringu 9.
- ii) Tryggingafræðileg staða, sjá skýringu 16.

2.4. Iðgjöld

Árlegt fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

Áætluð óinnheimt iðgjöld ásamt dráttarvöxtum eru færð í efnahagsreikningi undir liðnum kröfur á launagreiðendur. Mat þeirra byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn og greiðslur sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningsársins.

2.5. Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í yfirliti um breytingu á hreinni eign sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem tilgreind eru í skýringu nr. 7 um fjárfestingargjöld.

Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Í skýringu 5.1 má sjá hreinar fjárfestingartekjur 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem tilgreind eru í skýringu nr. 7 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningskiladegi.

c) Ýmsar fjárfestingartekjur

Undir liðinn ýmsar fjárfestingartekjur falla m.a. tekjur af fullnustueignum sjóðsins.

d) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknanir til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og vörslugjalda. Í skýringu nr. 7 er greint frá áætlaðri umsýsluþóknun vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum sjóðum.

2.6. Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað, þ.m.t. launakostnaður starfsmanna sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til. Frá rekstrarkostnaði dregst þóknun til sjóðsins vegna innheimtu gjalda fyrir stéttarfélög.

2.7. Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti nr.108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og öðrum fjárfestingum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf, sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga, eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og aðferð virkra vaxta.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í árslok, en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 18. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini sjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

Skýringar

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Í skýringu nr. 18 er gerð nánari grein fyrir skiptinu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til tapsáhættu vegna óvissu um innheimtu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Niðurfærslureikningurinn er dreginn frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga í árslok.

e) Aðrar fjárfestingar

Undir aðrar fjárfestingar eru færðar allar fjárfestingar sem ekki falla undir liði sem taldir eru upp hér að ofan. Hér eru meðal annars færðar húseignir og lóðir sem tekin voru yfir til fullnustu greiðslu. Fullnustueignir eru færðar á gangvirði eða kostnaðarverði hvort sem lægra reynist á reikningsskiladegi. Í skýringu nr. 11 er gerð nánari grein fyrir þessum lið.

2.8. Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og fært til lækkunar á kröfunum samkvæmt niðurstöðu slíks mats.

2.9. Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði og greinast þannig: Fasteign undir starfsemi sjóðsins í Húsi verslunarinnar er afskrifuð um 2%, endurbætur á fasteigninni um 4%, innréttingar um 10% og skrifstofutæki ásamt tölvu- og hugbúnaði um 20%.

2.10. Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikning á gangvirði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

2.11. Umreikningur í íslenskar krónur

Eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við opinbert skráð viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í árslok.

3. Sérstök aukaframlög

	2021	2020
Árlegt fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	369.334	376.085

4. Lífeyrir

	2021	2020
4.1. Heildarfjárhæð lífeyrís		
Ellilífeyrir	16.631.497	13.432.961
Örorkulífeyrir	4.097.164	3.435.354
Makalífeyrir	1.085.497	899.307
Barnalífeyrir	150.979	144.504
Samtals úr sameignardeild	21.965.137	17.912.126
Lífeyrir Verðbréfaeið	654.915	760.274
Lífeyrir Ævileið I	118.894	89.740
Lífeyrir Ævileið II	52.863	28.232
Lífeyrir Ævileið III	117.399	123.828
Samtals úr séreignardeild	944.071	1.002.074
Heildarfjárhæð lífeyrís	22.909.208	18.914.200
4.2. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	2021	2020
Kostnaður vegna örorkumats	15.270	14.155

5. Hreinar fjárfestingartekjur

5.1. Hreinar tekjur af eignarhlutum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Sameignar- deild	Séreignar- deildir	Samtals 2021	Samtals 2020
Arðgreiðslur	2.621.036	56.933	2.677.969	1.760.035
Gangvirðisbreyting vegna innlendra eigna	63.296.337	1.373.554	64.669.891	28.912.270
Gangvirðisbreyting vegna erlendra eigna	71.675.233	1.363.222	73.038.455	60.542.846
Gjaldmiðlabreyting	9.103.263	196.221	9.299.484	12.946.986
	146.695.869	2.989.930	149.685.799	104.162.137

Hreinar tekjur af eignarhlutum í innlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2021	Arður	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur samtals 2021	Hreinar tekjur samtals 2020
Marel hf.	43.735.613	443.851	4.997.076	5.440.927	10.668.238
Arion banki hf.	27.845.708	254.306	14.264.075	14.518.381	1.498.827
Brim hf.	16.162.244	251.670	5.830.245	6.081.915	2.514.109
Eyrir Invest A hlutar	15.150.000	166.650	1.717.000	1.883.650	3.095.650
Eimskipafélag Íslands hf.	10.918.883	67.435	6.093.458	6.160.893	1.841.064
Kvika banki hf.	10.824.820	0	3.192.601	3.192.601	1.141.362
Síminn hf.	10.443.589	66.896	3.874.408	3.941.304	3.071.733
Íslandsbanki hf.	9.268.042	0	2.456.498	2.456.498	0
Hagar hf.	8.147.245	175.939	1.001.956	1.177.895	2.091.180
Reitir fasteignafélag hf.	7.597.865	107.207	1.503.084	1.610.291	452.312
Aðrar eignir	72.374.417	1.144.015	19.739.491	20.883.506	4.297.829
	232.468.426	2.677.969	64.669.892	67.347.861	30.672.304

Skýringar

Hreinar tekjur af eignarhlutum í erlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2021	Áhrif gjaldmiðils	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur samtals 2021	Hreinar tekjur samtals 2020
Vanguard Global Stock *	101.140.480	2.524.553	17.110.865	19.635.418	12.742.412
iShared Developed World Index Fund * ..	74.497.312	1.851.127	12.842.985	14.694.112	9.380.160
State Street World Index Equity*	57.565.864	2.623.595	4.969.975	7.593.570	0
T.Rowe Price Global Growth Eq. F. CI-I *	45.602.021	1.148.151	4.291.971	5.440.122	14.513.538
Össur hf.	23.782.144	(1.432.665)	(3.845.668)	(5.278.333)	2.231.950
MFS Meridian-Global Equity Fund *	21.997.348	566.867	3.264.698	3.831.565	3.189.371
Pimco Diversified Income Fund*	17.868.293	494.710	636.433	1.131.143	0
MFS Meridian-Global Concentrated F.* ..	13.771.515	127.384	3.191.420	3.318.804	3.630.777
KKR Americas Fund XII (EEA) L.P.	8.168.667	176.567	3.325.738	3.502.305	1.032.662
Carlyle Partners VII, L.P.*	7.956.420	160.301	1.980.293	2.140.594	(93.021)
Aðrar eignir	160.858.771	1.058.894	25.269.745	26.328.639	26.861.981
	<u>533.208.835</u>	<u>9.299.484</u>	<u>73.038.455</u>	<u>82.337.939</u>	<u>73.489.830</u>
Samtals hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum				<u>149.685.800</u>	<u>104.162.134</u>

* Framangreindir sjóðir eru áhættudreifð alþjóðleg hlutabréfasöfn.

5.2 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

Sameignardeild

Skuldabréf sem haldið er til gjaldþaga	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2021	Samtals 2020
Ríkisskuldabréf	2.233.782	0	0	2.233.782	1.752.975
Íbúðalánasjóður	5.222.224	0	0	5.222.224	4.481.464
Skuldabréf sveitarfélaga	1.920.439	0	0	1.920.439	1.568.979
Skuldabréf lánastofnana	1.217.666	0	0	1.217.666	677.910
Skuldabréf fyrirtækja	3.505.562	32.637	0	3.538.199	2.635.542
Skuldabréf fagfjárfestastjóða	556.218	0	0	556.218	730.217
Skuldabréf ýmissa lánastjóða	541.883	0	0	541.883	263.307
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	6.032.213	0	267.264	6.299.477	7.432.290
Samtals	<u>21.229.987</u>	<u>32.637</u>	<u>267.264</u>	<u>21.529.888</u>	<u>19.542.684</u>
Skuldabréf færð á gangvirði					
Ríkisskuldabréf	(80.342)	0	0	(80.342)	1.976.929
Íbúðalánasjóður	2.448.833	0	0	2.448.833	2.298.879
Skuldabréf lánastofnana	1.009.095	0	0	1.009.095	1.346.138
Samtals	<u>3.377.586</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>3.377.586</u>	<u>5.621.946</u>
Samtals tekjur af skuldabréfum	<u>24.607.573</u>	<u>32.637</u>	<u>267.264</u>	<u>24.907.474</u>	<u>25.164.630</u>

Séreignardeildir

Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2021	Samtals 2020
Ríkisskuldabréf	37.628	0	0	37.628	29.821
Íbúðalánasjóður	87.967	0	0	87.967	76.237
Skuldabréf sveitarfélaga	32.349	0	0	32.349	26.691
Skuldabréf lánastofnana	20.511	0	0	20.511	11.532
Skuldabréf fyrirtækja	59.050	550	0	59.600	44.835
Skuldabréf fagfjárfestastjóða	9.369	0	0	9.369	12.422
Skuldabréf ýmissa lánasjóða	9.128	0	0	9.128	4.479
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	101.611	0	4.502	106.113	126.435
Samtals	357.613	550	4.502	362.665	332.452

Skuldabréf færð á gangvirði	Gangvirðis-breyting	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2021	Samtals 2020
Ríkisskuldabréf	12.107	0	0	12.107	89.036
Íbúðalánasjóður	41.250	0	0	41.250	39.107
Skuldabréf sveitarfélaga	175	0	0	175	0
Skuldabréf lánastofnana	62.008	0	0	62.008	83.061
Skuldabréf fyrirtækja	33.346	0	0	33.346	13.576
Skuldabréf ýmissa lánasjóða	20.033	0	0	20.033	6.481
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	2.214	0	0	2.214	0
Samtals	171.133	0	0	171.133	231.261
Samtals tekjur af skuldabréfum	528.746	550	4.502	533.798	563.713

Sameignardeild og séreignardeildir

Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2021	Samtals 2020
Ríkisskuldabréf	2.271.410	0	0	2.271.410	1.782.795
Íbúðalánasjóður	5.310.191	0	0	5.310.191	4.557.701
Skuldabréf sveitarfélaga	1.952.789	0	0	1.952.789	1.595.669
Skuldabréf lánastofnana	1.238.178	0	0	1.238.178	689.442
Skuldabréf fyrirtækja	3.564.612	33.186	0	3.597.798	2.680.377
Skuldabréf fagfjárfestastjóða	565.587	0	0	565.587	742.639
Skuldabréf ýmissa lánasjóða	551.011	0	0	551.011	267.786
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	6.133.824	0	271.766	6.405.590	7.558.724
Samtals	21.587.602	33.186	271.766	21.892.554	19.875.133

Skuldabréf færð á gangvirði	Gangvirðis-breyting	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2021	Samtals 2020
Ríkisskuldabréf	(68.235)	0	0	(68.235)	2.065.964
Íbúðalánasjóður	2.490.083	0	0	2.490.083	2.337.987
Skuldabréf sveitarfélaga	175	0	0	175	0
Skuldabréf lánastofnana	1.071.103	0	0	1.071.103	1.429.199
Skuldabréf fyrirtækja	33.366	0	0	33.366	13.576
Skuldabréf ýmissa lánasjóða	20.033	0	0	20.033	6.481
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	2.214	0	0	2.214	0
Samtals	3.548.739	0	0	3.548.739	5.853.207
Samtals tekjur af skuldabréfum	25.136.341	33.186	271.766	25.441.293	25.728.340

Skýringar

5.3. Hreinar tekjur af handbæru fé sundurliðast þannig:

	2021	2020
Gengismunur	(794.124)	487.382
Vaxtatekjur	21.670	82.130
	<u>(772.454)</u>	<u>569.512</u>

Neikvæður gengismunur á árinu 2021 stafar að stórum hluta af skammtíma styrkingu krónunnar, en skapar á móti jákvæðar tekjur undir liðnum hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum.

6. Ýmsar fjárfestingartekjur

	2021	2020
Tekjur (gjöld) vegna fullnustueigna	(10.126)	(41.696)

7. Fjárfestingargjöld

	Sameignar- deild	Verð- bréfaleið	Ævileið I	Ævileið II	Ævileið III	Samtals 2021	Samtals 2020
Bein fjárfestingargjöld							
Vegna innlendra verðbréfasjóða ...	0	0	0	0	0	0	0
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða .	0	0	0	0	0	0	0
Vegna innlendra fagfjárfestingsjóða .	0	0	0	0	0	0	0
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	0	0	0	0	0	0
Vegna annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	0	0	0	0	0	0
Kaup og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta	59.407	1.001	985	639	51	62.083	39.094
Vörslubóknanir	66.105	1.114	0	0	0	67.219	67.704
Umsýslubóknanir vegna útvistunar eignastýringar	358.954	6.046	0	0	0	365.000	320.295
Önnur fjárfestingargjöld	0	0	0	0	0	0	2.200
	<u>484.466</u>	<u>8.161</u>	<u>985</u>	<u>639</u>	<u>51</u>	<u>494.302</u>	<u>429.293</u>

Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld

Vegna innlendra verðbréfasjóða ...	0	0	2.870	1.194	440	4.504	3.441
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða .	0	0	1.372	1.666	1.027	4.065	4.341
Vegna innlendra fagfjárfestingsjóða .	448.949	7.562	2.589	2.018	0	461.118	351.065
Vegna erlendra verðbréfasjóða	1.048.727	17.666	648	336	0	1.067.377	884.220
Vegna annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1.461.608	24.620	0	0	0	1.486.228	1.095.054
Kaup og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta	0	0	0	0	0	0	0
Vörslubóknanir	35.226	593	0	0	0	35.819	41.855
Umsýslubóknanir vegna útvistunar eignastýringar	0	0	0	0	0	0	0
Önnur áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld	0	0	0	0	0	0	0
	<u>2.994.510</u>	<u>50.441</u>	<u>7.479</u>	<u>5.214</u>	<u>1.467</u>	<u>3.059.111</u>	<u>2.379.976</u>

	Sameignar- deild	Verð- bréfaeið	Ævileið I	Ævileið II	Ævileið III	Samtals 2021	Samtals 2020
Fjárfestingargjöld samtals							
Vegna innlendra verðbréfasjóða ...	0	0	2.870	1.194	440	4.504	3.441
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða .	0	0	1.372	1.666	1.027	4.065	4.341
Vegna innlendra fagfjárfestasjóða .	448.949	7.562	2.589	2.018	0	461.118	351.065
Vegna erlendra verðbréfasjóða	1.048.727	17.666	648	336	0	1.067.377	884.220
Vegna annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1.461.608	24.620	0	0	0	1.486.228	1.095.054
Kaup og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta	59.407	1.001	985	639	51	62.083	39.094
Vörslubóknanir	101.331	1.707	0	0	0	103.038	109.558
Umsýslubóknanir vegna útvistunar eignastýringar	358.954	6.046	0	0	0	365.000	320.295
Önnur fjárfestingargjöld	0	0	0	0	0	0	2.200
	<u>3.478.976</u>	<u>58.602</u>	<u>8.464</u>	<u>5.853</u>	<u>1.518</u>	<u>3.553.413</u>	<u>2.809.268</u>

Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu

Innlendir verðbréfasjóðir	0	0	159.299	58.187	93.924	311.410	272.400
Innlendir fjárfestingarsjóðir	0	0	203.984	224.767	209.632	638.383	569.082
Innlendir fagfjárfestasjóðir	25.181.892	424.183	110.648	85.690	0	25.802.413	21.618.417
Erlendir verðbréfasjóðir	319.007.992	5.373.612	590.865	277.099	0	325.249.568	208.091.177
